




# Ársskýrsla Vegagerðarinnar 2018



**Desember 2019**

## Myndir á forsíðu

- 1.1 Hringvegur (1) þverun Berufjarðar, 18. maí 2018.
- 1.2 Dýrafjarðargöng, hert á bergbolta, 7. nóvember 2018.
- 2.1 Dalvík, hafnargerð, 3. maí 2018.
- 2.2 Breiðholtsbraut (413), göngubrú, 19. júlí 2018.

# Ársskýrsla Vegagerðarinnar 2018

## 6. ársskýrsla Vegagerðarinnar fyrir árið 2018

Nýja Vegagerðin tók til starfa 1. júlí 2013.

Í lögum nr. 120 frá 2012 um Vegagerðina, framkvæmdastofnun samgöngumála, segir í 2. gr.: „Vegagerðin skal árlega birta skýrslu um starfsemi sína.“

Útgefandi:

Vegagerðin  
Borgartúni 7  
105 Reykjavík  
kt. 680269-2899

Desember 2019

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Óskar Örn Jónsson

Uppsetning og aðstoð: Viktor Arnar Ingólfsson

Ljósmyndir: Starfsmenn eða verktakar Vegagerðarinnar nema annað sé tiltekið.

Prentun: Prentmet Oddi



ÖRYGGI  
FRAMSÝNI  
ÞJÓNUSTA  
FAGMENNSKA

Reykjavík, desember 2019

Efnisyfirlit

Kaflanúmer vísa í samsvarandi liði í eldri skýrslum Vegagerðarinnar um framkvæmd samgönguáætlunar og töflu 1 á bls. 6.

Kaflar	bls.	Fylgiskjöl	bls.
Formáli vegamálastjóra	4	Fylgiskjal 1 Stofnkostnaður	30
4 Framkvæmdir Vegagerðarinnar	6	Fylgiskjal 2 Greinargerð um framkvæmdir við nýbyggingu þjóðvega 2015	32
4.1 Fjármál	6	Suðursvæði	32
Skipting útgjalda	7	Vestursvæði	42
4.1.3 Rekstur Vegagerðarinnar	9	Norðursvæði	48
Starfsmannahald	9	Austursvæði	54
Yfirstjórn	10	Sameiginleg verkefni	61
Vaktstöð siglinga	10	Fylgiskjal 3 Greinargerð um framkvæmdir við hafnir, ferjubryggjur og sjóvarnargarða 2018	62
Vítar, upplýsinga- og leiðsögukerfi	10	Hafnarframkvæmdir	62
Rannsóknir, líkantilraunir og grunnkort	11	Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir	62
Upplýsingaþjónusta	12	Sjóvarnargarðar	66
4.1.4 Þjónusta, styrkir, rannsóknir og viðhald	13	Fylgiskjal 4 Vestmannaeyjaferja	68
4.1.4.1 Þjónusta	13	Fylgiskjal 5 Umhverfismál	69
Viðhald vegmerkinga	14	Fylgiskjal 5 Ársreikningur	70
Samningar við sveitarfélög	14		
Viðhaldssvæði	15		
Vetrarviðhald	15		
Styrkir til almenningssamgangna	16		
Ferjur	17		
Sérleyfi á landi	17		
Styrkir til almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu	17		
Styrkir til innanlandsflugs	17		
4.1.4.5 Rannsóknir	18		
4.1.4.6 Viðhald	20		
Efnisvinnsla	23		
Viðhald bundinna slitlaga	23		
Viðhald malarvega	23		
Styrkingar og endurbætur	24		
Brýr og varnargarðar	25		
Umferðaröryggi	25		
Veggöng	26		
Vatnaskemmdir og ófyrirséð	26		
Viðhald girðinga	26		
Frágangur gamalla efnisnáma	26		
Minjar og saga	26		
4.1.5 Stofnkostnaður	28		
Fjárveitingar til framkvæmda á vegakerfinu	28		
Stofnkostnaður / framkvæmdir	28		
Girðingar	28		
Héraðsvegir	28		
Styrkvegir	28		
Reiðvegir	28		
Framkvæmdir, vítar og hafnir	28		

Tölur, framhald	bls.	Línurit	bls.
Tafla I. Fjármunir til ríkisstyrktra framkvæmda við hafnir	62	Línurit 1 Þróun aksturs á stofn-, tengi- og landsvegum frá árinu 1995	22
Tafla II. Kostnaður við hafnarframkvæmdir	64		
Tafla III. Kostnaður við sjóvarnir	66		
Súlurit	bls.		
Súlurit 1 Framlag til Vegagerðarinnar	8		
Súlurit 2 Framlag til Vegagerðarinnar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu	8		
Súlurit 3 Fjárheimildir til almennrar þjónustu	14		
Súlurit 4 Kostnaður við almenna þjónustu	14		
Súlurit 5 Fjárheimildir til vetrarviðhalds	15		
Súlurit 6 Kostnaður við vetrarviðhald	16		
Súlurit 7 Nýlagnir af bundnu slitlagi á ári	21		
Súlurit 8 Fjárveitingar til viðhalds þjóðvega	22		
Súlurit 9 Kostnaður við viðhald þjóðvega	22		
Súlurit 10 Fjárveitingar til stofnkostnaðar	29		



Kísilvegur (87), undirbúningur fyrir klæðingu, 10. september 2018.



Axarvegur (939), brú á Hemru endurnýjuð, 17. nóvember 2018.

## Formáli forstjóra

Fjárveitingar til Vegagerðarinnar árið 2018 voru um 35 milljarðar króna, sem er um þremur milljörðum hærri upphæð en var 2017 á verðlagi 2018. 4,2 milljarðar komu af fjáruka-lögum. Framlag til Vegagerðarinnar var 1,24 % af vergri lands-framleiðslu sem er örlítið hærri en árið á undan.

Fjárheimildir til þjónustu við vegakerfið árið 2018 voru um 5 milljarðar króna. Notkun á vegakerfinu hefur aukist mikið og breyst á undanförunum árum. Mestu munar þar um mikla aukningu á straumi ferðamanna og breyttri atvinnusókn bæði í þéttbýli og dreifbýli. Fólk er í meiri mæli en áður farið að sækja vinnu í önnur sveitarfélög og fer þá um langan veg. Auk þess er atvinnuþátttaka í sveitum utan þéttbýlis orðin almenn. Þó veðurfar hafi mildast undanfarin ár hefur það haft þau áhrif að hálfka er meiri og þar af leiðandi þörf á aðgerðum til varnar slysum af þeim völdum. Síðasti vetur var auk þessa snjópungur og erfiður almennt. Það er því skemmst frá því að segja að kostnaður vegna þjónustu við vegakerfið er mun meiri en árin á undan. Heildarkostnaður vegna þjónustu við vegakerfið voru rúmlega 5,7 milljarðar króna en fjárheimild var um 5 milljarðar. Fjárnotkun umfram heimildir var því um 700 milljónir króna.

Vegakerfið sem Vegagerðin annast viðhald á er 12.949 km. 44% veganna eru með bundnu slitlagi. Árið 2018 voru nýlagðir 48 km. Í árslok voru vegir með bundnu slitlagi 5.695 km.

Töluverð umferðaraukning hefur orðið á vegunum en umferð á stofn-, tengi- og landsvegum var 2.958 milljónir ekinna km í árslok 2018. Gert var ráð fyrir rúmlega 10,7 milljörðum króna í viðhald þjóðvega árið 2018 en heildarkostnaðurinn reyndist rétt rúmlega 11 milljarðar.

Nokkuð var um nýframkvæmdir á árinu þó engum stórum framkvæmdum lyki á tímabilinu. Fyrsti áfangi breikkunar Suðurlandsvegur frá Selfossi til Hveragerðis var boðinn út, haldið var áfram byggingu Dettifossvegar og hafist var handa við uppbyggingu Þingvallavegar frá þjónustumiðstöð að Valla-vegi en framkvæmdin þykir æði sérstök enda þurfti að huga vel að umgengni við land og nærgróður.

Unnið var við uppbyggingu Kjósarskarðsvegur frá Vindási að Fremri Hálsi en uppbyggingu lauk að mestu á Grafningsvegi frá Nesjavöllum að Hagavík. Áfram var unnið við gerð Dýra-fjarðarganga. Gröftur gekk mjög vel og var lengd ganga í lok árs 4.095 m eða 77,3% af heildarlengd.

Áætlað var að ljúka Hringvegi um Berufjarðarbotn árið 2018 en vegna sigs á sjófyllingu seinkaði verklokum til 2019.

Umferðaraukning milli árána 2017 og 2018 var um 4,6%. Aðeins hefur hægt á aukningu umferðar en hún er þó enn nokkuð mikil. Mesta aukningin var á Suðurlandi eða 7,4% en minnst á Vesturlandi þar sem umferðin stendur í stað.

Árið 2018 létust 18 manns í umferðarslysum sem er sam-bærilegt við fyrri ár. Fjöldi alvarlegra slysa var einnig svipaður á milli ára. Þetta er auðvitað óviðunandi staða og mikilvægt að auka umferðaröryggi og draga úr slysum. Á árinu fór af stað vinnuhópur á vegum ráðherra um að flýta framkvæmdum á vegakerfinu með sérstakri áherslu á umbætur í umferðaröryggi.

Vegagerðin vann á árinu að endurbótum til að auka umferðar-öryggi og útrýma svartblettum á 96 stöðum á vegakerfinu. Auk þess unnu þjónustustöðvar við lagfæringar á umhverfi vega og fleiru á allmörgum stöðum.

Starfsmönnum Vegagerðarinnar fjölgaði nokkuð í takt við aukin verkefni á árinu. Fastir starfsmenn 1. janúar 2019 voru 292 samanborið við 288 árið áður. Þó má geta þess að árið 2016 voru fastir starfsmenn 328.

Rannsóknasjóður Vegagerðarinnar veitti 147 milljónum króna í styrki til 96 verkefna á árinu. Verkefni sem hlutu styrk voru af margvíslegum toga og öll áhugaverð. Gaman er að skoða lista yfir þessi verkefni sem tíunduð eru í ársskýrslunni.

Um sumarið lét Hreinn Haraldsson af störfum sem vegamálastjóri en því starfi hafði hann gegnt í tíu ár. Undirrituð var ráðin til starfa sem forstjóri Vegagerðarinnar um haustið.


Bergþóra Þorkelsdóttir forstjóri Vegagerðarinnar



Bergþóra Þorkelsdóttir



Dýrafjarðargöng forskering í Dýrafirði, 11. ágúst 2018.



## 4 Framkvæmdir Vegagerðarinnar

Skýrsla Vegagerðarinnar um framkvæmdir árið 2018 byggist á fjárlögum fyrir árið 2018, ásamt viðbótarfjárheimild frá fjármálaráðuneyti.

### 4.1 Fjármál

Þann 1. janúar 2017 tóku gildi ný lög um opinber fjármál. Hafa þau í för með sér miklar breytingar fyrir Vegagerðina. Með lögunum er mörkun tekna afnumin, þannig að bensíngjald, olíugjald, kílómetragjald og vitagjald eru ekki lengur markaðar tekjur og renna ekki lengur til Vegagerðarinnar. Á fjárlögum er fjármunum ekki lengur veitt til einstakra stofnana eða verkefna heldur eru fjárveitingar nú til málefnaviða og málaflokka. Vegagerðin og Hafnarframkvæmdir heyra undir málefnavið 11, samgöngur og fjarskipti og þar undir málefnaflokk 11.10, samgöngur. Allar fjárveitingar eru núna bein framlög úr ríkissjóði og skiptast í rekstrar- og tilfærsluframlag annars vegar og fjárfestingaframlag hins vegar. Nú skal eignfæra eignir, sem áður voru gjaldfærðar allt frá varanlegum rekstrarfjármunum til samgöngutækja og mannvirkja eins og vega og hafna. Ákveðið hefur verið að Vegagerðin fari með eign vegakerfisins, vitabygginga og Landeyjahafnar auk ferja.

Viðfangsefnaliðum hjá Vegagerðinni og Hafnarframkvæmdum hefur einnig verið breytt. Liðum Vegagerðarinnar var fækkað

og liðir, sem áður heyrðu undir Hafnarframkvæmdir voru fluttir til Vegagerðarinnar. Hafnabótasjóður er nú eini liðurinn undir Hafnarframkvæmdum. Fjárukalög eiga einnig að heyra sögunni til og óvæntum útgjöldum á að mæta með framlögum úr varasjóðum, sem skilgreindir eru í fjárlögum. Fjárukalög voru hins vegar lögð fram og samþykkt bæði fyrir árið 2017 og 2018. Fjárframlög til Vegagerðarinnar eftir fjárlög voru 8.794,2 m.kr. í rekstur og tilfærslur og 21.951,8 m.kr. í fjárfestingar eða samtals 30.746 m.kr. Við fjárukalög bættust við 569 m.kr. í tilfærslur og rekstur. Einnig voru millifærðar 3.650 m.kr. í fjárfestingar úr varasjóði ríkisins vegna aðkallandi viðhalds og nýframkvæmdaverka og 2,3 m.kr. í launabætur sem hækkar rekstrarframlag. Rekstrar- og tilfærsluframlög til Vegagerðarinnar á árinu 2018 voru því alls 9.365,5 m.kr. og fjárfestingaframlög 25.601,8 m.kr. Samtals voru þetta því 34.967,3 m.kr. Hafnarframkvæmdir fengu eftir fjárlög 923,4 m.kr. í tilfærsluframlög.

Tafla 1 Skipting útgjalda.

Fjárhæðir eru í m.kr.	Fjárlög 2018	Fjárukalög og millifærsla 2018	Fjárveitingar 2018
10-211 Vegagerðin			
1.01 Almennur rekstur	869,6	0,4	870,0
Yfirstjórn, skrifstofuhald o.fl.	231,0		
Viðhald víta og leiðsögukerfa	200,0		
Vaktstöð siglinga	292,0		
Rannsóknir	146,6		
1.07 Þjónusta	4.660,3	401,9	5.062,2
Viðhald vegmerkinga	1.434,0		
Samningar við sveitarfélög	90,0		
Viðhaldssvæði	596,0		
Vetrarviðhald	2.540,3		
1.15 Styrkir til almenningsamgangna	3.264,3	169,0	3.433,3
Ferjur og sérleyfi	1.885,3	169,0	
Styrkir til innanlandsflugs	373,0		
Almenningsamgöngur á höfuðborgarsvæðinu	1.006,0		
6.10 Framkvæmdir á vegakerfinu	8.050,0	2.610,0	10.660,0
Viðhald			
Viðhald bundinna slitlaga	3.700,0		
Viðhald malarvega	1.200,0		
Styrkingar og endurbætur	1.600,0		
Veggöng	140,0		
Brýr og varnargarðar	600,0		
Umferðaröryggi	500,0		
Vatnaskemmdir	190,0	145,0	
Viðhald girðinga	85,0		
Frágangur gamalla efnisnáma	30,0		
Minjar og saga	5,0		

### Skipting útgjalda


Í töflu 1 er sýnd skipting fjárveitinga til 10-211 Vegagerðarinnar á árinu 2018. Ekki var samþykkt Vegáætlun fyrir 2018. Fjárlagatalan án sértekna var 30.746 m.kr. Á fjárukalögum bættust við 569 m.kr. Þessu til viðbótar fékk Vegagerðin

3.650 m.kr. úr varasjóði ríkissjóðs til að mæta aðkallandi verkefnum í viðhaldi og nýframkvæmdum. Einnig fékk Vegagerðin 2,3 m.kr. í launabætur á árinu 2018. Heildarfjárveiting ársins var því 34.967,3 m.kr.


Fjárhæðir eru í m.kr.	Fjárlög 2018	Fjárukalög og millifærsla 2018	Fjárveitingar 2018
10-211 Vegagerðin (framhald)			
6.10 Framkvæmdir á vegakerfinu (framhald)			
Nýframkvæmdir			
Stofn- og tengivegakerfi	11.212,5	1.040,0	12.252,5
Almenn verkefni	6.250,0		
Tengivegir - bundið slitlag	800,0		
Breikkun brúa	332,5		
Hjóla- og göngustígar	250,0		
Jarðgöng	3.580,0		
Annað en stofn- og tengivegir	500,0	0,0	500,0
Héraðsvegir	140,0		
Landsvegir utan stofnvegakerfis	120,0		
Styrkvegir	50,0		
Reiðvegir	60,0		
Smábrýr	50,0		
Girðingar	60,0		
Samgöngurannsóknir	20,0		
6.20 Framkvæmdir, vitar og hafnir	789,3	0,0	789,3
Vitabyggingar	15,0		
Sjóvarnargarðar	115,3		
Landeyjahöfn	651,0		
Ferjubryggjur	3,0		
6.81 Vestmannaeyjaferja	1.400,0	0,0	1.400,0
Samtals:	30.746,0	4.221,3	34.967,3



Vestfjarðavegur (60), tenging Dýrafjarðarganga í Arnarfirði, steyptur sökkull fyrir nýja brú á Hófsá, 27. ágúst 2018.



Súlurit 1  
Framlag til Vegagerðarinnar á verðlagi ársins 2018.



Súlurit 2  
Framlag til Vegagerðarinnar sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.  
Verg landsframleiðsla hefur verið leiðrétt miðað við innleiðslu Hagstofunnar á ESA2010 staðli í september 2014.



Kísilvegur (87), klæðing, 22. ágúst 2018.

### 4.1.3 Rekstur Vegagerðarinnar

Útgjöld til almenns rekstrar í fjárlögum 2018 voru 1.089,1 m.kr. Sértekjur voru 219,5 m.kr. þannig að fjárveitingin var 869,1 m.kr. Undir almennan rekstur heyrir viðhald vita sem var 200 m.kr. á árinu 2018, kostnaður vegna Vaktstöðvar siglinga, sem var 292 m.kr. og rannsóknir 146,6 m.kr. á árinu 2018. Fjárveiting til eiginlegs rekstrar stofnunarinnar var því 231 m.kr. Starfsemi, sem fellur undir þennan lið fyrir utan viðhald vita, Vaktstöð siglinga og rannsóknir er yfirstjórn Vegagerðarinnar, fjármálasvið, mannvirkjasvið, siglingasvið, stoðsvið og þróunar-svið.

#### Starfsmannahald

Fastir starfsmenn hjá Vegagerðinni voru 292 í lok árs 2018 í 287,9 stöðugildum en voru 280,3 í árslok 2017. Meðalstarfsmannafjöldi á árinu 2018 var 317 og 312,5 árið 2017. Heildarvinnuframlag á árinu 2018 reiknað í dagvinnustundum nam 367 mannaárum og hafði hækkað úr 361 frá árinu 2017. Launagreiðslur voru 2.974 m.kr. á árinu 2018 og launatengd gjöld 709 m.kr. Tafla 2 sýnir fjölda fastra starfsmanna Vegagerðarinnar.



Starfsfólk hönnunardeildar Vegagerðarinnar í kynnisferð í Berufirði 5. september 2018.

Tafla 2  
Fjöldi fastra starfsmanna Vegagerðarinnar.

	Reykjavík	Suður-svæði	Vestur-svæði	Norður-svæði	Austur-svæði	Samtals
Félag íslenskra náttúrufræðinga	4	0	1	4	0	9
Fræðagarður	6	0	2	2	1	11
Kjarafélag tæknifræðinga	12	2	6	6	2	28
Kjarafélag viðskipta- og hagfræðinga	10	0	0	1	0	11
Kjararáð	1	0	0	0	0	1
Rafíðnaðarsamband Íslands	3	0	0	0	0	3
Samiðn	1	2	3	1	0	7
SFR stéttarfélag almannaþjónustu	22	7	18	11	3	61
Starfsgreinasamband Íslands	0	12	20	21	8	61
Stéttarfélag bókasafnsfræðinga	3	0	0	0	0	3
Stéttarfélag lögfræðinga	4	0	0	0	0	4
Stéttarfélag verkfræðinga	30	3	1	4	1	39
Stéttarfélag tölvunarfræðinga	4	0	0	0	0	4
Verkstjórasamband Íslands	7	8	14	14	7	50
Fastir starfsmenn 1. janúar 2019	107	34	65	64	22	292
Fastir starfsmenn 1. janúar 2018	97	40	66	63	22	288
Fastir starfsmenn 1. janúar 2017	105	41	66	61	23	296
Fastir starfsmenn 1. janúar 2016						296
Fastir starfsmenn 1. janúar 2015						288
Fastir starfsmenn 1. janúar 2014						293
Fastir starfsmenn 1. janúar 2013						281
Fastir starfsmenn 1. janúar 2012						288
Fastir starfsmenn 1. janúar 2011						292
Fastir starfsmenn 1. janúar 2010						302
Fastir starfsmenn 1. janúar 2009						311
Fastir starfsmenn 1. janúar 2008						311
Fastir starfsmenn 1. janúar 2007						320
Fastir starfsmenn 1. janúar 2006						328

**Yfirstjórn**

Eftirfarandi starfsemi heyrir undir þennan lið; yfirstjórn Vegagerðarinnar og fimm svið stofnunarinnar þ.e. fjármálasvið, mannvirkjasvið, siglingasvið, stoðsvið og þróunarsvið. Í yfirstjórn eru forstjóri og framkvæmdastjórnar sviða. Fjármálasvið skiptist í þrjár deildir; greiningardeild, fjárhagsdeild og rekstrardeild. Mannvirkjasvið skiptist í þrjár deildir; framkvæmdadeild, hönnunardeild og þjónustudeild, og tvær sjálfstæðar einingar jarðefni og jarðgöng. Siglingasvið skiptist í tvær deildir; hafnadeild og vitadeild. Stoðsvið skiptist í tvær deildir; samskiptadeild og lögfræðideild, og tvær sjálfstæðar einingar; mannauð og rannsóknir. Þróunarsvið skiptist í þrjár deildir; áætlanadeild, umferðar deild og upplýsingatæknideild.

Auk framangreinds heyrir undir þennan lið innri endurskoðun og gæðadeild. Eftirlaunagreiðslur til fyrrverandi starfsmanna teljast einnig til þessa liðar.

**Vaktstöð siglinga**

Vaktstöð siglinga var sett á fót með lögum nr. 41/2003. Frá 1. júlí 2013 hefur Vegagerðin haft fjárhagslegt og faglegt eftirlit með rekstrinum og sinnir samskiptum við stjórnvöld vegna verkefna vaktstöðvarinnar.

Samgöngustofa sinnir alþjóðlegu samstarfi, svo sem samstarfi við Alþjóðasiglingamálastofnunina, IMO og Siglingaöryggisstofnun Evrópu, EMSA. Með sérstökum þjónustusamningi frá 8. janúar 2010 var Neyðarlínunni ohf. falið að annast daglegan rekstur Vaktstöðvarinnar. Vegagerðin yfirtók þennan samning 1. júlí 2013. Hlutverk Vaktstöðvar siglinga er að fylgjast með allri umferð á sjó í lögsögu landsins og vera miðstöð upplýsinga fyrir skipaumferð í íslensku efnahagslögsögunni og halda utan um siglingar erlendra skipa sem koma til landsins sem og siglingar íslenskra skipa.

Vaktstöð siglinga sinnir tilkynningakerfi um komur og brottfarir skipa, sem fer í gegnum SafeSeaNet. Vakstöðin fær upplýsingar í gegnum SafeSeaNet um flutning hættulegra efna, farþegalista, o.fl.

Í notkun í Vaktstöð siglinga eru nú, auk SafeSeaNet, upplýsingakerfi Siglingaöryggisstofnunar Evrópu og LRIT (Long Range Identification and Tracking), sem er tilkynningakerfi kaupskipa innleitt af IMO, Alþjóðasiglingamálastofnuninni. Vaktstöð siglinga rekur einnig AIS kerfið og eru alls 44 landstöðvar uppsettar í árslok 2018. Langdrægi stöðvanna er allt að 70 sjómílum (130 km).



Hraun á Skaga, viðhaldsvinna í vita, 17. júlí 2018.

**Vitar, upplýsinga- og leiðsögukerfi**

Vegagerðin sér um rekstur landsvitakerfisins ásamt rekstri á öldumælisdúflum og radarsvörum ásamt siglingabaujum sem eru fyrir utan hafnsögu einstakra hafna, en veitir einnig tæknilega aðstoð og ráðgjöf við uppbyggingu hafnarvita og innsiglingamerkja. Stofnunin rekur einnig upplýsingakerfi um veður og sjólag fyrir siglingar.

Viðhald og eftirlit Vegagerðarinnar með vitum landsins skiptist í stórum dráttum í eftirlit með raf- og ljósabúnaði annars vegar og hins vegar viðhald á vitabyggingum og málun á ytra byrði, en nauðsynlegt er að viðhalda ytra byrði vita vel þar sem þeir eru notaðir sem dagmerki við siglingar. Á árinu 2018 var viðhald og eftirlit með vitum og leiðsögubúnaði með hefðbundnum hætti. Starfsmenn Vegagerðarinnar sinntu almennu viðhaldi á 15 vitabyggingum og heimsóttu flesta landsvita til eftirlits, fyrirbyggjandi viðhalds og endurnýjunar á ljós- og rafbúnaði. Sinnt var almennu viðhaldi á siglingarbaujum og þær þrífarnar á sjó og rafhlöður endurnýjaðar. Veðurstöðvar í eyja- og skerjavitum sem tilheyra upplýsingakerfi um veður og sjólag fyrir sjófarendur voru einnig yfirfarnar en lögum samkvæmt ber Vegagerðinni einnig að beiðni Veðurstofu Íslands að reka veðurstöðvar í vitum þar sem óskað er eftir því. Þá sinntu



Hegranesviti í Skagafirði, viðhaldsvinna 27. júlí 2018.

starfsmenn Vegagerðarinnar eftirliti með tveimur vitum fyrir Faxaflóahafnir.

Eftirtaldir 15 vitar voru teknir í viðhald: Þormóðsskersviti, Svörtuloftaviti, Öndverðarnesviti, Krossnesviti, Skorarviti, Fjallaskagaviti, Sléttueyrarviti, Hornbjargsviti, Hegranesviti, Hrólfskersviti, Dalatangaviti, Stokksnesviti, Hrollaugseyjarviti, Skagatáarviti og Hópsnesviti.

Þau sérverkefni sem ráðist var í voru viðgerð á vatnsleka í Stórhöfðarvita og áfram unnið að afmörkun á lóð Dyrhólaeyjarvita með keðjum á milli steyptra stöpla, en stöplar voru reistir árið áður.

Upplýsingakerfi Vegagerðarinnar um veður og sjólag var rekið á svipaðan hátt og undanfarin ár. Kerfið gefur sjófarendum kost á upplýsingum um veður og sjólag umhverfis landið sem uppfærðar eru á að mestu klukkustundar fresti. Öldumælum var fækkað um einn á árinu, en reknir voru tveir öldumælur fyrir Landeyjahöfn, og var annar þeirra aflagður. Nú eru alls 12 öldudúfl í rekstri með ströndum fram. Upplýsingarnar er hægt að nálgast á vef Vegagerðarinnar.

**Rannsóknir, líkantilaunir og grunnkort**

Á vegum Vegagerðarinnar er á hverju ári unnið að rannsóknum á öldufari, jarðvegsrannsóknum í höfnum, gerð líkantilauna og grunnkorta af höfnum, ásamt rannsóknum tengdum sjóvörnum.

Unnið var við umsýslu og endurbætur á upplýsingarkerfinu *Veður og sjólag* sem birt er á heimasíðu Vegagerðarinnar. Þar eru settar fram rauntímaupplýsingar um öldur og veður við ströndina, ásamt öldu-, veður- og sjávarfallaspá nokkra daga fram í tímann. Ný staðbundin ölduspá á grunnslóð var sett upp fyrir hafsvæðið utan Þorlákshafnar. Önnur viðbót við ölduspá á grunnslóð var ölduspá og viðvörðunarkerfi fyrir ferðamannafjörur á Suðurlandi, Reynisfjöru, Víkurfjöru og Kirkjufjöru, en það verkefni var unnið fyrir styrk frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

Hafin var vinna við tillögur að kerfi sjávarborðsmæla hringinn í kringum landið. Tilgangurinn er að mæla afstöðubreytingar milli lands og sjávar. Fram til þessa hefur aðeins ein áreiðanleg tímaröð verið fyrir hendi. Þá var hafin vinna við úrvinnslukóða fyrir sjávarborðsmæla þannig að hægt sé að ná út upplýsingum um öldur og sog í höfnum.

Gefin var út skýrsla þar sem fyrri viðmiðunarreglur um landhæð á lágsvæðum voru endurskoðaðar. Tillögur skýrslunnar byggja á niðurstöðum skýrslu vísindanefndar um loftslagsbreytingar. Ofangreind verkefni eru styrkt af Rannsóknasjóði Vegagerðarinnar.

Unnið var að ýmsum rannsóknum sem tengjast sandflutningum við Landeyjahöfn. Til að skoða sandflutninga um Hornafjarðarós og Grynnslin framan við Ósinn var sett upp strauma- og öldulíkan af Ósnum. Verkefnið var unnið sem meistaraverkefni í verkfræði við háskólann í Lundi. Fyrirhugað er að vinna með líkanið til að skoða áhrif mögulegra breytinga á Ósnum á dýpi



Fjallaskagaviti, norðanvert við mynni Dýrafjarðar, viðhaldsvinna, 10. júní 2018.

á Grynnslnum. Jafnframt var hugmyndin að setja upp sambærilegt líkan fyrir Landeyjahöfn. Áfram var fylgst með strandbreytingum við Vík í Mýrdal og byggt á þeim rannsóknum gerðar tillögur að nýjum sandfangara austan við þann sem fyrir er og var hann byggður á árinu.

Í líkanstöð Vegagerðarinnar í Vesturvör í Kópavogi var sett upp aðstaða til rannsókna á snjóflóðum. Að verkefnum stóðu Ofanflóðasjóður, Verkis verkfræðistofa, Háskóli Íslands og Veðurstofa Íslands, auk Vegagerðarinnar.

Unnið var að rannsóknar- og þróunarverkefnum sem greidd voru af ýmsum aðilum. Þar á meðal voru öldufarsreikningar í Ísafjarðardjúpi fyrir Akvafuture ehf. og í Álfsnesvík fyrir Björgun ehf.

Tekið var þátt í alþjóðlegu samstarfi á vegum PIANC og ráðstefnum á sviði strandverkfræði og hafnargerðar.



Varúðarmerkingar í Reynisfjöru 16. júlí 2018.



Öxnadalshéiði, veðurstöð, 11. mars 2018.

**Upplýsingaþjónusta**

Hjá umferðaþjónustu þjónustudeildar mannvirkjasviðs er séð um upplýsingaþjónustu Vegagerðarinnar, en þjónusta við vegfarendur felst m.a. í margs konar kynningarstarfsemi og upplýsingaþjónustu.

Vegagerðin rekur nú öflugt upplýsingakerfi um færð, veður og ástand vega um allt land til að mæta auknum þörfum og kröfum vegfarandans um greinargóðar upplýsingar um flest það sem hann varðar þegar hann er á ferð um vegakerfið.

Safnað er saman fjölbættum upplýsingum frá mælitækjum á og við vegakerfið, m.a. upplýsingum um umferðarmagn, hraða, áspunga, frost í jörð, veður og færð og eru flest þessara mælitækja sjálfvirk og er þessum upplýsingum miðlað samtímis, um alla helstu upplýsingamiðla landsins, til þeirra sem á þeim þurfa að halda.



Kl. 14:02 - mán. 2. apr. 2018



Kl. 13:00 - mán. 2. apr. 2018



Kl. 12:55 - sun. 11. feb. 2018



Kl. 15:50 - lau. 10. feb. 2018

Vetrarmyndir frá vefmyndavélum Vegagerðarinnar 2018.

**4.1.4 Þjónusta, styrkir, rannsóknir og viðhald**

Samkvæmt fjárlögum voru fjárveitingar til þjónustu vegakerfisins 4.660,3 m.kr auk fjárveitingar í fjárukalögum að upphæð 400 m.kr. og þar af var viðhald vegmerkinga 1.434 m.kr. Styrkir til almenningssamgangna voru samtals 3.264,3 m.kr. auk fjárveitingar í fjárukalögum að upphæð 169 m.kr sem skiptust í styrki til ferja og sérleyfishafa 1.885,3 m.kr., styrki til innanlandsflugs 373,0 m.kr. og styrki til almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu og áhrifasvæði þess 1.006,0 m.kr. Fjárveitingar til rannsókna voru 146,6 m.kr.



Hringvegur (1), vegamót við Vestfjarðaveg (60), yfirborðsmerkingar, 19. september 2018.

**4.1.4.1 Þjónusta**

Fjárveiting til þjónustu stofn- tengi- og héraðsvega á fjárlögum var 4.660,3 m.kr. Auk þess voru sértekjur rekstrardeildar og svæða, sem áætlaðar voru 183,8 m.kr. í fjárlögum. Alls voru því 4.844,1 m.kr. til ráðstöfunar. Verkefni í þjónustu skiptist í fjóra meginflokka, viðhald vegmerkinga, samninga við sveitarfélög, viðhaldssvæði og vetrarviðhald. Heildarkostnaður við þjónustu vega var 4.913 m.kr. á árinu 2018.

Tafla 3  
Skipting  
kostnaðar við  
almenna þjónustu.

Svæði / útgjaldaliður	Sam-eiginlegt m.kr.	Suður-svæði m.kr.	Vestur-svæði m.kr.	Norður-svæði m.kr.	Austur-svæði m.kr.	Sam-tals m.kr.
Viðhald vegmerkinga	159	627	201	190	121	1.298
Samningar við sveitarfélög *	0	0	47	59	22	128
Viðhaldssvæði	2	291	118	126	76	613
<b>Samtals</b>	<b>161</b>	<b>918</b>	<b>366</b>	<b>375</b>	<b>219</b>	<b>2039</b>

\* Vegagerðin hefur gert samninga við nokkur sveitarfélög um þjónustu innan þéttbýlis, en hefur frá árinu 2011 yfirtekið marga þessara samninga.



Bildudalsvegur (63), yfirborðsmerkingar við Bildudal, 20. júní 2018.




**Viðhald vegmerkinga**

Fjárheimildum til vegmerkinga, 1.434.m.kr. er ætlað að greiða lýsingu meðfram vegum, yfirborðsmerkingu, endurnýjun og viðhald á kantstikum, vegriðum og umferðarmerkjum. Kostnaður vegna viðhalds vegmerkinga var 1.477 m.kr. á árinu 2018.

**Samningar við sveitarfélög**


Fjárheimild til þjónustu þjóðvega innan þéttbýlis, 90 m.kr. var varið til almennrar þjónustu og vetrarþjónustu á þjóðvegum í þéttbýli. Samkvæmt 14. grein vegalaga, nr. 80/2007, er vegamálastjóra heimilt að fela öðrum veghald einstakra vegarkafila þjóðvega að nokkru eða öllu leyti. Gerðir voru samningar við mörg sveitarfélög um að þau annist þjónustu á

Súlurit 3 sýnir þróun fjárheimilda til almennrar þjónustu á árunum 2008-2018. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2018. Athygli er vakin á því að frá árinu 2008 eru fjárheimildir fyrir vegheflun og rykbindingu malarvega taldar með fjárheimildum til endurnýjunar malarslittaga undir viðhaldsliðnum viðhald malarvega, og frá árinu 2011 eru fjárheimildir til vegganga taldar með viðhaldsliðnum veggöng.



Súlurit 3  
Fjárheimildir til almennrar þjónustu á verðlagi ársins 2018.

Súlurit 4 sýnir þróun í kostnaði við almenna þjónustu á árunum 2008-2018. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2018. Athygli er vakin á því að frá árinu 2008 er kostnaður við vegheflun og rykbindingu malarvega talinn með kostnaði við endurnýjun malarslittaga undir viðhaldsliðnum viðhald malarvega, og frá árinu 2011 er kostnaður vegna vegganga talinn með viðhaldsliðnum veggöng.



Súlurit 4  
Kostnaður við almenna þjónustu á verðlagi ársins 2018.

vegum innan þeirra, en frá árinu 2011 hefur Vegagerðin yfirtekið mikinn hluta þjónustu þjóðvega innan þéttbýlis. Kostnaður vegna þjónustu þjóðvega innan þéttbýlis var 64.2 m.kr. á árinu 2018.


**Viðhaldssvæði**

Fjárheimildum var varið til að greiða kostnað við umsjónar- og eftirlitsvinnu með vegamannvirkjum, merkingar vegna vegaskemmda og takmarkana á áspunga, hreinsun vegsvæða, viðgerðir á skemmdum vegna úrrennslis, afvötnun vega og sérstök verkefni. Kostnaður vegna þessara verkefna var 837 m.kr. á árinu 2018.

**Vetrarviðhald**

Fjárheimildum til vetrarviðhalds er ætlað að greiða allan kostnað við snjómokstur og hálkuvarnir á vegakerfinu í samræmi við gildandi snjómokstursreglur. Innifalið í þeim kostnaði er einnig stjórnun og stýring vetrarþjónustunnar, uppsetning og rekstur mælitækja og upplýsingabúnaðar um færð á vegakerfinu og ástand vega að vetri til. Kostnaður við vetrarviðhald var um 3.366 m.kr. á árinu 2018. Í töflu 4 kemur fram hvernig kostnaður við vetrarviðhald á árinu 2018 skiptist á milli svæða Vegagerðarinnar. Á undanförunum árum hefur þjónustumagn að vetri til aukist. Munar þar mestu um meiri

Súlurit 5  
Fjárheimildir til vetrarviðhalds á verðlagi ársins 2018.



Vestfjarðavegur (60) á Dynjandisheiði, 25. janúar 2018.




Þjónustu vegna óhagstæðara veðurfars en einnig hefur aukin umferð á einstökum leiðum leitt til fjölgunar snjómokstursdaga og aukinnar þjónustu. Ákall er um aukna og breytta þjónustu, vegna aukinna umsvifa í samfélaginu og sérþarfa vegna mikils fjölda erlendra ferðamanna. Súluvit 5 sýnir þróun fjárheimilda til vetrarviðhalds á árunum 2008-2018 og súluvit 6 sýnir þróun í kostnaði sömu ár. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2018.

**Styrkir til almenningsamgangna**

Gert var ráð fyrir 1.885,3 m.kr. fjárframlagi til þessa liðar á fjárlögum, en á fjárukalögum var bætt við 169 m.kr. vegna halla á rekstri Vestmannaeyjaferju. Enn er viðvarandi halli á þessum lið. Hallinn var 458,5 m.kr. í ársbyrjun. Upphaflegu ástæðu þessa halla má rekja aftur til 2010 þegar Landeyjahöfn var tekin í notkun og þau vandamál, sem enn er verið að glíma við litu dagsins ljós. Hallinn jókst hins vegar á árinu þar

Svæði / útgjaldaliður	Sam-eiginlegt m.kr.	Suður-svæði m.kr.	Vestur-svæði m.kr.	Norður-svæði m.kr.	Austur-svæði m.kr.	Sam-tals m.kr.
Vetrarviðhald	273	977	902	775	439	3.366

Tafla 4  
Skipting kostnaðar við vetrarviðhald.



Súluvit 6  
Kostnaður við vetrarviðhald á verðlagi ársins 2018.



Strætisvagn í Mosfellsbæ, 8. júní 2018.

sem afhending nýrrar Vestmannaeyjaferju tafðist með miklum tilkostnaði. Gripið var til ráðstafana til að mæta þessum halla og voru 440 m.kr. af ónotuðum fjárveitingum í rekstri millifærðar á þennan lið. Enn er þó halli á liðnum 181,3 m.kr. í árslok.

**Ferjur**

Heildarkostnaður á árinu 2018 var 1.664,2 m.kr. Tafla 5 sýnir hvernig ríkið styrkti ferjuleiðir og flutninga á árinu 2018

**Sérleyfi á landi**

Heildarkostnaður á árinu var 552,9 m.kr. Undir þennan lið falla styrkir til sérleyfa á landi. Samtök sveitarfélaga, sem samið hafði verið við um rekstur þessarar þjónustu sögðu öll upp samningum við Vegagerðina á árinu, en samningstími var til 31.12.2018. Hallarekstur hefur verið á þessum rekstri hjá samtökum sveitarfélaga nú síðustu ár. Búið er að semja um framlengingu um eitt ár (2019) við öll samtökin nema Samtök sveitarfélaga á Suðurnesjum, SSS. Samgönguráðuneytið hefur verið með fyrirkomulag þessarar þjónustu til endurskoðunar og verður fyrirkomulaginu líklega breytt.

**Styrkir til almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu**

Fjárframlag til þessa liðar var 1.006 m.kr. Áformað er að byggja upp almenningsamgöngur á höfuðborgarsvæðinu og tengingar við aðra landshluta. Verkefnið er til 10 ára og skal verja hluta af kolefnisgjaldi til að fjármagna það.

**Styrkir til innanlandsflugs**

Fjárframlag til þessa liðar var 373 m.kr. Nýir samningar við rekstraraðila tóku gildi 1. apríl 2017 eftir útböð. Ríkisstyrkt áætlunarflug var til 6 áfangastaða á árinu 2018. Um er að ræða flug frá Reykjavík til Bíldudals, Gjöguns og Hornafjarðar og frá Akureyri til Grímseyjar, Þórshafnar og Vopnafjarðar. Kostnaður ársins var 386,4 m.kr. og ljóst er að fjárveitingar duga ekki til að mæta verðbótum á samningum.

Tafla 5 Kostnaður við ferjur.

	Rekstrar-styrkur m.kr.	Annar kostnaður m.kr.	Samtals m.kr.
Vestmannaeyjaferja, Herjólfur	971,8	74,4	1.046,2
Breiðafjarðarferja, Baldur	235,8	0,4	236,2
Flutningar í Ísafjarðardjúpi	0,0	0,1	0,1
Hríseyjarferja, Sævar	117,8	23,6	141,4
Grímseyjarferja, Sæfari	146,7	51,1	197,8
Mjóafjarðarferja	29,1	0,0	29,1
Norðurfjarðarflutningar	1,0	0,0	1,0
Sameiginlegur kostnaður	0,0	12,4	12,4
	1.502,2	162,0	1.664,2



Vestmannaeyjaferjan Herjólfur III við bryggju í Vestmannaeyjum, 21. júlí 2018.



Flugvöllurinn á Bíldudal.

#### 4.1.4.5 Rannsóknir

Auglýst var eftir umsóknum í rannsóknasjóð Vegagerðarinnar í byrjun árs. Auglýsingin birtist á vef Vegagerðarinnar, í Framkvæmdafréttum og í tölvupósti sem sendur er til þeirra sem sent hafa inn umsóknir undanfarin þrjú ár.

Í auglýsingunni var eftirfarandi texti varðandi áherslur: „Rannsóknnum Vegagerðarinnar er skipt í fjóra megin flokka: Mannvirki; Umferð; Umhverfi; Samfélag. Áherslur Vegagerðarinnar fyrir þessa flokka taka almennt mið af hlutverki rannsókna stofnunarinnar sem er m.a. að stuðla að því að hún geti uppfyllt þau markmið sem henni eru sett á hverjum tíma sem og að afla nýrrar þekkingar á starfssviði hennar. Varðandi einstaka flokka má nefna að fyrir mannvirki eru m.a. lagðar áherslur á rannsóknir tengdar öllum gerðum slitlaga og því sem eykur gæði þeirra og endingu. Jafnframt er lögð áhersla á sjávarrannsóknir (flóð,

öldufarsupplýsingar o.s.frv.). Umferðaröryggismál almennt, eru ávallt í brennidepli og lögð er áhersla á verkefni sem því tengjast, m.a. ýmis konar gagnaöflun þar að lútandi. Varðandi umhverfismál er lögð áhersla á sjálfbæra þróun og betri nýtingu auðlinda.“

Umsóknarfrestur rann út 31. janúar 2018. Alls bárust 133 umsóknir að upphæð 324 m.kr. Þetta er nokkur fækkun umsókna miðað við árið á undan. Alls var veitt 147 m.kr. í 96 verkefni. Meðalfjöldi styrkja á ári frá 2005 til og með 2018 er 98. Heildarupphæð styrkja er svipuð og undanfarin ár, utan 2013, þegar upphæðin var 159 m.kr. Á fjárlögum fyrir 2018 voru sjóðnum markaðar 146,7 m.kr. Lista yfir flest verkefni sem fengu styrk árið 2018 er að finna í töflu 6 (ath. flokkun verkefna er samkvæmt ákvörðun umsækjanda).

Tafla 6 Rannsóknaverkefni.

#### Mannvirki

- Áhrif fínafna á viðloðun í klæðingum
- Ástand spennikapla í steypum brúm 3
- Borhraði og bergstyrkur
- Burðargeta steyptra brúa - brotprófun brúar á Steinavötn
- COST TU1406 - BridgeSpec
- Daglegar rennisspár með notkun hliðstæðrar greiningar Harmonie veðurgagna
- Einkunnir og þættir hins íslenska brúarstjórnunarkerfis
- Ending malbikaðra slitlaga á höfuðborgarsvæðinu
- Endur- og símenntunarnámskeið í vegagerð
- Endurvinnsla frálagefna í vegagerð
- Eurocode 7 - endurskoðun
- Evrópustaðlar CEN/TC 154 og CEN/TC 227
- Froststuðlar á Íslandi
- Handbók fyrir eftirlitsmenn við framkvæmdir hjá Vegagerðinni
- Hemlunarviðnám, skilgreiningar og aðgerðir
- Jarðskjálftahæðun stagbrúa: Athugun á tilfelli fyrirhugaðrar brúar yfir Ölfusá
- Leiðbeiningar um efnisrannsóknir og efniskröfur
- Niðurbrot og endurvinnsla steyptra mannvirkja til vegagerðar
- Rannsókn á sprautusteypu með umhverfisvænum basalt trefjum í stað notkunar á plasttrefjum
- Rannsókn og samanburður á nokkrum tegundum bikþeytu frá Íslandi og Svíþjóð og virkni þeirra með íslenskum steinefnum.
- ROADEX NETWORK
- Samantekt á erlendum stöðlum fyrir hágæða almenningssamgöngur
- Samfelldir þensludiðir í vega- og brúagerð til að auka endingu og minnka viðhaldskostnað, 2. áfangi
- Slitlög
- Steinefnabanki
- Steypa í sjávarfallaumhverfi
- Stífneigisleikar jarðvegsgarða metnir með yfirborðsbylgjuaðferð
- Styrkingarmöguleikar burðarlags núverandi vega - framhald
- Sveigjanleg og aðlögunarhæf skipulagsgerð fyrir hafnir

- Tjónagreining á brúnni yfir Steinavötn í Suðursveit
- Tæring á hægtrygðandi stáli við íslenskar aðstæður
- Tæring málma í andrúmslofti á Íslandi
- Tæring stálþilsbryggja á Íslandi
- Umhverfisvæn brúarsteinsteypa
- Úrvinnsla öldu og soga úr sjávarborðsmælingum í höfnum
- Vegorðasafn - skilgreiningar og skýringar á hugtökum
- Yfirfærsla á dýptarmælingum í GIS kerfi og rannsókn á dýptarbreytingum í höfnum við Ísland
- Þróun á endafrágangi brúa til að lágmarka viðhald vega við brúarenda
- Þróun á kerfi sjávarborðsmælinga

#### Umferð

- Áhrif sjálfvirkni í bílum á umferðarrýmum stofnvega höfuðborgarsvæðisins
- Áhættuflokkun vega vegna ofanflóða
- Áskrift að slysagagnagrunni IRTAD
- Borgarlínan, umferðaröryggi
- Ferðavenjur sumar 2018
- Fólksfjöldamiðja landssvæða
- Greining á slysum á stofnbrautum í þéttbýli á höfuðborgarsvæðinu
- Greining á talningu slysa í mismögum gatnamótum
- Greining snjóflóða með innhljóðsmælum
- Hegðun í umferðinni á þjóðvegi 1 séð með augum atvinnubílstjóra.
- Hönnun 2+1 vega - endurskoðun á hönnunarleiðbeiningum
- Hönnun hringtorga - endurskoðun á hönnunarleiðbeiningum
- Kortlagning á mögulegum skriðflötum í berghlaupaseti í Almenninum á Tröllaskaga
- Leiðsaga til sjós og staðsetningar á Íslandi með aðstoð gervitungla
- Losun svifryks frá gatnakerfinu á höfuðborgarsvæðinu – ferlar og líkan
- Mat á tíðni rauðljósa-aksturs á annatímum, og viðbragðstíma ökumanna
- NordFoU EPAS. Áhrif dreifibúnaðar, saltgerðar og ökuhraða á nýtni hálkusalts



Þátttakendur á rannsóknaráðstefnu Vegagerðarinnar í Hörpu, 2. nóvember 2018.

- Slysagreining. Ávinningur af óhindruðum beygjustrumum. Framhald
- Umferð bílaleigubíla erlendra ferðamanna á 11 svæðum á Hringveginum 2010-2018
- Umferðarhraði í hringtorgum
- Umferðaröryggi á vegköflum þjóðvega sem liggja í gegnum þéttbýli
- Upplýsingar úr slysaskrá Samgöngustofu
- Vöruflutningar - vörumóttaka

#### Umhverfi

- Afkoma og hreyfing Breiðamerkurjökuls og afrennsli leysingavatns til Jökulsárlóns á Breiðamerkursandi
- Áhrif umferðar á þéttleika fugla með vegum
- Efnasamsetning fíns svifryks í Reykjavík
- Endurheimt votlendis og losun gróðurhúsalofttegunda. Rýni á fyrirliggjandi rannsóknum
- Grímsvatnahlaup: vatnsgeymir, upphaf og rennsli
- Hlutverk Skipulagsstofnunar og umsagnaraðila við ákvörðun um matsskyldu framkvæmdar
- Könnun á legu vatnaskila við jökulbotn milli Skaftár og Hverfisfljóts á Tungnaárjökli sunnan Skaftárkatla
- Mæling á landrasi og halla lágflatar upp með farvegi Hólmsár á Mýrum.
- Plastúrgangur nýttur í vegagerð á Íslandi: Umhverfismat
- Samgönguskipulag og sjálfbærni, leiðbeiningar
- Sandfok og umferðaröryggi

- Setflutningar og farvegabreytingar Leiráar á Mýrdalssandi
- Sjálfbærnismat á leiðum til aukinnar rafmagnsvæðingar í samgöngum
- Sjálfbærnisvarir fyrir sjálfbærar samgöngur innan þéttbýlis; gerð sjálfbærnisvísu
- Umhverfis- og samfélagslegur ávinningur íslenskra orkujurta
- Vistvænar lausnir við frágang á vegsvæðum
- Vöktun þungmálma og brennisteins í andrúmslofti með mælingum á mosa – Skýrsla

#### Samfélag

- Áhrif myndrænnar endurgjafar og markmiðasetningar á akstursfærni vagnstjóra hjá fyrirtæki í almenningssamgöngum
- Ferðir á einstakling - Framhald
- Greining á samfélagslegum og hagrænum ávinningi bættra samgangna – rýni á rannsóknaraðferðum
- Sampætting hjólreiða og Borgarlínu
- Sjálfbær þróun á höfuðborgarsvæðinu 2: ferðamátar, búsetustaðsetning og lífsviðhorf ungs fólks
- Sjálfbærnismat íslenskra vegaframkvæmda
- Skráning vegminja. 2. áfangi (4. hluti 2. áfanga). Framhaldsumsókn
- Upplýsingaöflun á opnum, tímasettum samgöngum á Íslandi og útgáfa korts
- Þjóðhagsleg hagkvæmni flutninga á ferskum fiski

Tafla 7 Vegakerfið sem Vegagerðin annast í viðhaldi.

Svæði / vegflokkur	Suður-svæði km	Vestur-svæði km	Norður-svæði km	Austur-svæði km	Sam-tals km	Hlut-fall %
Stofnvegir	1.342	1.383	1.336	892	4.952	38,2
Tengivegir	943	913	1.093	444	3.392	26,2
Héraðsvegir	708	740	857	345	2.650	20,5
Landsvegir	591	213	681	470	1.954	15,1
Samtals:	3.583	3.248	3.966	2.151	12.949	100,0

Tafla 8 Lengd vega með bundnu slitlagi.

Svæði / vegflokkur	Suður-svæði km	Vestur-svæði km	Norður-svæði km	Austur-svæði km	Sam-tals km	Hlut-fall %
Stofnvegir	1.087	1.121	1.123	759	4.090	82,6
Tengivegir	503	200	280	192	1.175	34,6
Héraðsvegir	173	85	58	41	357	13,5
Landsvegir	2	1	1	68	73	3,7
Samtals:	1.765	1.407	1.463	1.060	5.695	44,0

Tafla 9 Hlutfall vega með bundnu slitlagi.


Svæði / vegflokkur	Suður-svæði %	Vestur-svæði %	Norður-svæði %	Austur-svæði %	Sam-tals %
Stofnvegir	81	81	84	85	83
Tengivegir	53	22	26	43	35
Héraðsvegir	24	11	7	12	13
Landsvegir	0	1	0	15	4
Samtals:	49	43	37	49	44

4.1.4.6 Viðhald

Fjárveiting á fjárlögum til viðhalds stofn-, tengi- og héraðsvega á árinu 2018 var 8.050 m.kr. Viðbótarframlag frá ráðuneyti var 2.360 m.kr. og 250 m.kr í endurnýjun Þingvallavegar. Inneign af viðhaldsfjárveitingum í lok árs 2017 var 79 m.kr. og voru því til ráðstöfunar í viðhald þjóðvega alls 10.739 m.kr. á árinu 2018.

Verkefni viðhaldsins skiptist í tíu meginflokka; viðhald bundinna slitlaga, viðhald malarvega, styrkingar og endurbætur, brýr og varnargarðar, umferðaröryggi, veggöng, vatnaskemmdir, viðhald girðinga, frágangur gamalla efnisnáma og minjar og saga. Heildarkostnaður við viðhald vega var 11.031 m.kr. á árinu 2018. Skuld í viðhaldsfjárveitingum í lok árs 2018 er því 293 m.kr.

Viðhald þjóðvegakerfisins innifelur það að varðveita þau verðmæti sem liggja bundin í vegakerfinu ásamt því að uppfylla gildandi reglur um burðarþol og vegbreiddir. Heildarlengd stofnvega, tengivega og landsvega var 10.298 km í árslok 2018, og var umferð á þeim árið 2018 um 2.958 milljónir ekinna km. Samkvæmt vegalögum er þjóðvegum skipt í fjóra flokka: stofnvegi, tengivegi, héraðsvegi og landsvegi. Í töflu 7 má sjá lengd þjóðvega samkvæmt þeirri flokkun á árinu 2018. Í vegaskrá er heildarlengd þjóðvega 12.898 km. Auk þess er 51 km vega innan þéttbýlis sem samkvæmt vegalögum ættu að teljast sveitarfélagavegir, en ekki hefur náðst samkomulag um skil á og á meðan sér Vegagerðin um viðhald þeirra. Samtals er það vegakerfi sem Vegagerðin annast viðhald á því 12.949 km, sjá töflu 7. Í töflu 8 er sýnd lengd vega með bundnu slitlagi eftir vegflokkum og svæðum Vegagerðarinnar og í töflu 9 er sýnt hlutfall vega með bundnu slitlagi. Súluurit 7 sýnir nýlagnir af bundnu slitlagi frá árinu 2003. Árið



Súluurit 7 Nýlagnir af bundnu slitlagi á ári.




Dettifossvegur (862), klæðing, 28. júní 2018.




Vegheflun í Bárðardal, 3. júlí 2018.

Tafla 10 Skipting viðhaldskostnaðar 2018.


Svæði / útgjaldaliður	Sam-eiginlegt m.kr.	Suður-svæði m.kr.	Vestur-svæði m.kr.	Norður-svæði m.kr.	Austur-svæði m.kr.	Sam-tals m.kr.
Efnisvinnsla	0	155	120	93	-4	364
Viðhald bundinna slitlaga	123	2.882	1.047	867	647	5.566
Viðhald malarvega	3	225	386	382	186	1.182
Styrkingar og endurbætur	39	1.143	652	341	252	2.427
Brýr og varnargarðar	43	81	49	198	128	499
Umferðaröryggi	69	116	115	104	95	499
Veggöng	10	66	67	62	37	242
Vatnaskemmdir og ófyrirséð	2	38	22	13	51	126
Skaftárhlaup	0	8	0	0	0	8
Steinavötn vatnaskemmdir	0	0	0	0	3	3
Viðhald girðinga	0	13	35	46	5	99
Frágangur gamalla efnisnáma	3	1	2	5	0	11
Minjar og saga	5	0	0	0	0	5
Samtals	297	4.728	2.495	2.111	1.400	11.031



Línurit 1  
Þróun aksturs á stofn-,  
tengi- og landsvegum frá  
árinu 1995.



Súlurit 8  
Fjárveitingar til  
viðhalds þjóðvega  
á verðlagi  
ársins 2018.



Súlurit 9  
Kostnaður við  
viðhald þjóðvega  
á verðlagi  
ársins 2018.

2018 voru nýlagir 48 km. Í árslok 2018 voru vegir með bundnu slitlagi 5.647 km og heildarflatarmál bundinna slitlaga um 38,1 milljónir fermetra. Á línuriti 1 er sýnd þróun aksturs á stofnvegum, tengivegum og landsvegum frá árinu 1995. Árið 2018 var áætluð umferð 2.958 milljónir ekinna km. Í töflu 10 kemur fram hvernig viðhaldskostnaður árið 2018 skiptist milli hinna einstöku flokka viðhalds og milli svæða Vegagerðarinnar. Súlurit 8 sýnir þróun fjárveitinga til viðhalds stofn-, tengi- og héraðsvega á árunum 2008-2018 og súlurit 9 sýnir þróun í kostnaði. Tölurnar eru á verðlagi ársins 2018.

Tafla 11 Viðhald bundinna slitlaga.

Svæði	Klæðing		Malbik		Allt	
	km	þús. m <sup>2</sup>	km	þús. m <sup>2</sup>	km	þús. m <sup>2</sup>
Suðursvæði	115	769	92	615	207	1384
Vestursvæði	85	571	12	78	97	649
Norðursvæði	111	746	15	97	126	843
Austursvæði	85	570	4	27	89	596
Samtals	397	2.655	122	817	519	3.472

**Efnisvinnsla**

Á hverju ári er boðin út vinnsla eða kaup á steinefni í malar-slitlag, klæðingu og burðarlag vega, sem síðan er selt viðkomandi framkvæmdum. Nauðsynlegt er að til sé unnið steinefni á vorin þegar framkvæmdir hefjast og þá unnið eða keypt árið áður. Nokkrar sveiflur eru í kostnaði við efnisvinnslu milli ára. Á árinu 2018 var kostnaður við öflun efnis 364 m.kr. umfram sölu efnis.

Þéttbýli. Kostnaður við viðhald bundinna slitlaga á árinu 2018 var 5.565 m.kr. Yfirlagnir hafa á undanförunum þremur árum verið að meðaltali 7,6% af heildarflatarmáli bundinna slitlaga, sem samsvarar því að vegir hafa einungis verið yfirlagðir á um 13 ára fresti, en ending yfirlagna er einungis 8-12 ár eftir umferð. Fjárheimildir til viðhalds bundinna slitlaga hafa aukist að krónutölu, en halda hvergi nærri í við verð á asfalti sem hefur tífaldast á síðastliðnum 12 árum. Því hefur safnast upp mikil þörf fyrir aukid viðhald slitlaga.

**Viðhald bundinna slitlaga**

Fjárheimild til viðhalds bundinna slitlaga er notuð til yfirlagna bundinna slitlaga og viðgerða á tilfallandi skemmdum. Á árinu 2018 voru yfirlagðir 3.472 þús. fermetrar af bundnu slitlagi og samsvarar það um 9,1% af heildarflatarmáli bundinna slitlaga eða um 519 km. Tæp 90% yfirlagna eru klæðingar, en malbik er einungis notað á umferðarmestu vegina og í

**Viðhald malarvega**

Fjárheimild til viðhalds malarvega er notuð til endurnýjunar og viðgerða malarslitlaga, heflunar og rykbindingar. Um er að ræða ný malarslitlög og endurnýjun á eldri slitlögum. Kostnaður við viðhald malarvega á árinu 2018 var 1.179 m.kr.



Efnisvinnsla við Kísilveg (87), 26. júlí 2018.



Laugarvatnsvegur (37), endurbygging við Laugarvatn, 16. júlí 2018.

### Styrkingar og endurbætur

Fjárheimildum er varið til styrkinga og endurbóta á vegum með bundnu slitlagi og malarvegum. Stærsti hluti fjármagns fer til styrkinga á vegum með bundnu slitlagi, en umferð á þeim er yfir 90% af heildarumferð. Um helmingur vega með bundnu slitlagi var byggður á árunum 1980-1990 og með stöðugt aukinni og þyngri umferð vex þörfin fyrir styrkingu og endurbætur á þeim.

#### Helstu verkefni

**Suðursvæði:** Lokið var við endurbyggingu á 4,4 km Laugarvatnsvegur kaffi 01 næst Laugarvatni og jafnframt boðinn út 2. áfangi verksins á sama kaffi, 4,6 km. Framkvæmdir hófust við breiðkanir á þessum kaffi á árinu en honum verður að fullu lokið á næsta ári. Umfangsmiklar sementsfestanir voru gerðar á Biskupstungnabraut með tilheyrandi afréttingum og lítilsháttar

breiðkunum á völdum köflum, samtals 15,6 km. Jafnframt var sementsfestur 3,1 km kaffi á Laugarvatnsvegi. Boðin var út endurbygging á 8 km kaffi á Þingvallavegi frá Vallavegi að þjónustumiðstöð. Verkinu var tvískipt og lokið var við endurbyggingu á 3 km kaffi næst þjónustumiðstöð og vegurinn lagður malbiki. Síðara áfangi verksins verður lokið 2019. Á Bessastaðavegi var unnið að stækkun bílastæða og breiðkun á aðkomuleið, en ekki tókst að ljúka verkinu sökum rannsókna á fornminjum, sem komu í ljós við framkvæmdina. Stefnt er að verklokum árið 2019. Á Kjalvegi var unnið að styrkingu á 4,5 km kaffi frá núverandi slitlagsenda, ræsum fjölgað og veglína endurbætt á varasömum stöðum. Einnig voru unnin mörg smærri verkefni á höndum þjónustustöðva svæðisins. Heildarkostnaður svæðis til styrkinga 2018 var 1.143 m.kr.



Þingvallavegur (36), endurbygging við þjónustumiðstöð, 12. september 2018.



Hringvegur (1), brú á Miðfjarðará, viðgerð, 22. maí 2018.

**Vestursvæði:** Lokið var að mestu við endurbyggingu á Vestfjarðavegi 5,6 km um Hvalsdal ásamt 0,5 km tengingu út á Skarðsströnd. Tálknafjarðarvegur 2,9 km var afréttur og sementsfestur með lítilsháttar breiddaraukningu og lagður tvöfaldri klæðingu. Endurmótaður var 6,4 km kaffi af Vestfjarðavegi í Þorskafirði. Vegurinn var þurrfræstur og veghalli endurmótaður og lagður einfaldri klæðingu. Vestfjarðavegur 1,6 km um Geiraldal var afréttur með sementsfestun og kantar lagfærðir og yfirlagt með tvöfaldri klæðingu. Við Súgandafjarðarveg voru sjóvarnir styrktar með fleygun úr klöpp og grjóti endurraðað. Unnið var við endurbætur á vegrásum og skeringum á Djúpvegi um Kirkjubólshlíð. Nokkuð var um styrkingar á malarvegum og allmörg smærri verkefni voru á höndum þjónustustöðva svæðisins. Heildarkostnaður svæðis til styrkinga 2018 var 652 m.kr.

**Norðursvæði:** Hringvegur í Ljósavatnsskarði frá Fnjóskárbrú var afréttur og sementsfestur á samtals 4,3 km kaffi. Sama aðgerð var einnig framkvæmd á Hringvegi frá Hróteyjarvísl að Skjálfandafjótí 1,2 km kaffi, en seinna lag klæðingar verður lagt á næsta ári. Hringvegur um Fljótshéiði frá Fosshóli 3,7 km kaffi var afréttur og endurmótaður með sementsfestun og lagður einfaldri klæðingu. Seinna lag klæðingar verður lagt á næsta ári. Jafnframt var sementsfestur 0,7 km kaffi á Norðausturvegi sunnan Húsavíkur og hann lagður malbiki. Töluverðar endurbætur voru gerðar á Bárðardalsvegi vestari sem er malarvegur, vegurinn var styrktur og endurmótaður á völdum köflum. Víðisdalsvegur sem er malarvegur var styrktur á 2,4 km kaffi með þykkingu burðarlags. Hólsfjallavegur var styrktur á 12 km kaffi með efni úr vegrásum sem var brotið með Kirby brjót. Önnur smærri verkefni voru á höndum þjónustustöðva svæðisins. Heildarkostnaður svæðis til styrkinga 2018 var 341 m.kr.

**Austursvæði:** Tveir kafflar á Hringvegi um Flatey á Mýrum og vestan Hestgerðis voru afréttir með þurrfræsingum og lagðir tvöfaldri klæðingu, samtals 4,2 km. Á Hringvegi um

Jökulsá á Breiðamerkursandi var lagt í viðmiklar endurbætur á bílastæðum og tengingum að þeim ásamt breiðkun og hækkun á vegi að Jökulsárbrú. Unnið var að efnisvinnslu á Axarvegi, en fyrirhugað er að nota efnið til styrkinga á um 6 km kaffi vegarins 2019. Einnig var unnið að lagfæringum á Seyðisfjarðarvegi, Norðurdalsvegi, Hafnarvegi og Norðfjarðarvegi. Venjubundin smærri viðhaldsverkefni voru á höndum þjónustustöðva svæðisins. Heildarkostnaður svæðis til styrkinga 2018 var 252 m.kr.

### Brýr og varnargarðar

Unnið var við 50 smá og stór verkefni í viðhaldi brúa og varnargarða víðs vegar um landið. Um 54 m.kr. var varið til lagfæringa og endurbóta á varnargörðum og rofvörnum og um 46 m.kr. til endurbyggingar á brúm eða endurnýjunar með ræsum. Þá var 15 m.kr. varið til endurbóta á vegriðum á og við brýr til að auka umferðaröryggi á einbreiðum brúm. Mestu fé var varið til viðgerða á eldri brúm eða um 309 m.kr., þar af 62 m.kr. til viðgerða á timburbrúm og um 247 m.kr. til viðgerða á steiptum brúm. Stærstu einstöku verkefni í viðhaldi steyptra brúa er endurnýjun á slitgólfi á brú yfir Miðfjarðará. Um 3 m.kr. var varið til hreinsunar og smáviðgerða á brúm. Samkvæmt lögum eru brýr lengri en 50 m tryggðar hjá Viðlagatryggingu Íslands og er iðgjald viðlagatryggingar greitt af þessum lið. Vegagerðin tekur einnig þátt í rekstri nokkurra vatnshæðarmæla sem Veðurstofa Íslands rekur til að fylgjast með rennsli vatnsfalla og flóðum. Einnig er greiddur kostnaður við burðarþolsútreikninga á brúm vegna þungaundanþága. Kostnaður við viðhald brúa og varnargarða á árinu 2018 var alls 499 m.kr.

### Umferðaröryggi

Unnið var við endurbætur til að auka umferðaröryggi og útrýma svartblettum á 96 stöðum á vegakerfinu og var kostnaður við það tæp 401 m.kr. Auk þess unnu þjónustustöðvar við lagfæringar á umhverfi vega og fleira á allmörgum stöðum og var kostnaður við það verkefni tæpar 22 m.kr. Kostnaður vegna



Fáskrúðsfjarðargöng, viðhaldsvinna, 23. maí 2018.

bættra merkinga við einbreiðar brýr, m.a. vegna uppsetningar viðvörðunarljosa við þær, var rúmlega 11 m.kr. Samkvæmt samkomulagi greiddi Vegagerðin Ríkislögreglustjóra 15 m.kr. vegna úrvinnslu gagna úr sjálfvirkum hraðamyndavélum á árinu 2018. Til kaupa á, reksturs og umsjónar með sjálfvirkum hraðamyndavélum og tengdum tækjabúnaði var varið rúmlega 25 m.kr. Þar fyrir utan var kostnaður við undirbúning sjálfvirkis meðalhraðaeftirlits á Grindavíkurvegi tæpar 14 m.kr. Tæpum 15 m.kr. var varið til greiningar slysastaða, umferðaröryggis-úttekta og umsjónar með verkefninu. Heildarkostnaður við liðinn umferðaröryggi á árinu 2018 var 499 m.kr.

### Veggöng

Fjárheimildum til vegganga var varið til reksturs og viðhalds jarðganga, þ.m.t. greiðslu kostnaðar við eftirlit og rekstur og viðhald á upplýsinga- og öryggiskerfum þeirra, raflýsingu, þríf og hreinsun, ásamt eðlilegu viðhaldi og endurbótum á búnaði. Jarðgöng sem falla undir þennan kostnaðarlið eru um 37,6 km. Kostnaður vegna reksturs og viðhalds jarðganga var um 242 m.kr. á árinu 2018.

### Vatnaskemmdir og ófyrirséð

Fjárheimildin er ætluð til að mæta kostnaði við óvæntar skemmdir á vegakerfinu vegna vatnavaxta eða annarra náttúruhamfara ásamt kostnaði við að koma í veg fyrir slíkar skemmdir og önnur ófyrirséð verkefni. Heildarkostnaður vegna skemmda á vegakerfinu á árinu 2018 var rúmar 138 m.kr.

Víða á landinu urðu minniháttar skemmdir í vatnsveðrum, en í lok árs 2017 gerði mikið vatnsveður í Suðursveit. Vatnavextir urðu miklir með tilheyrandi skemmdum á varnargörðum og rof á Hringvegi. Fjárframlag frá ráðuneyti vegna þessara vatnaskemmda var 145 m.kr. Mikið álag var á brúarstöpla í ám á svæðinu og stöpull undir brú yfir Steinavötn gaf sig og var brúin dæmd ónýtt í kjölfarið.

### Viðhald girðinga

Samkvæmt 52 gr. vegalaga nr. 80/2007 greiðist viðhaldskostnaður girðinga með stofn- og tengivegum að jöfnu af veghaldara og landeiganda. Auk þess getur Vegagerðin að höfðu samráði við viðkomandi sveitarfélög ákveðið að kosta viðhald girðinga með einstökum köflum stofn- og tengivega, enda sé lausaganga búfjár á viðkomandi vegarkafli bönnuð. Nánari útfærsla á framkvæmd laganna er skilgreind í reglugerð nr. 930/2012 um girðingar meðfram vegum. Kostnaður Vegagerðarinnar á árinu 2018 vegna viðhalds girðinga var 99 m.kr.

### Frágangur gamalla efnisnáma

Fjárheimildum er varið til frágangs á gömlum efnisnámaum sem ekki eru lengur í notkun. Samkvæmt langtímaáætlun Vegagerðarinnar um frágang á gömlum efnisnámaum, sem unnin var í júní 2004, var gert ráð fyrir að ganga frá um 900 gömlum efnisnámaum á tímabilinu 2004-2018, eða um 60 námaum á ári.

Fjárveiting til verkefnisins fékkst fyrst á vegáætlun árið 2007. Verkefnið hefur gengið mun hægar en áætlað var og á árunum 2004-2018 hefur verið gengið frá 429 námaum, eða að meðaltali um 29 námaum á ári. Á árinu 2018 var lokið við frágang á 15 námaum. Kostnaður við frágang á gömlum námaum á árinu 2018 var um 11,2 m.kr. Í árslok 2018 eru á skrá Vegagerðarinnar 90 ófrágengnar eldri námur, sem tilheyra verkefninu um frágang eldri efnisnáma og því er ljóst að ekki var lokið við frágang eldri náma á árinu 2018 eins og fyrirhugað var við gerð langtímaáætlunar. Ýmsar ástæður eru fyrir því að ekki eru þó nema 90 námur eftir af námaum á áætluninni þrátt fyrir að einungis hafi verið gengið frá 429 námaum. Þar má helst nefna að nokkuð algengt er að námur sem voru nálægt hverri annarri og í sömu jarðmyndun hafi verið sameinaðar undir einu námunúmeri. Einnig er nokkuð algengt að landeigandi hafni því að gengið sé frá námu á hans landareign og er nánan þá fjarlægð úr langtímaáætlun. Í mörgum tilvikum hafa námur sem voru á langtímaáætlun verið metnar þannig að ekki sé þörf á frágangi og eru þetta yfirleitt lítil, grunn uppgröin námuvík. Stefnt er að því að ljúka við þetta verkefni á næstu 4 árum.

### Minjar og saga

Fjárheimild var varið til að styrkja minjasafnið á Skógum. Heildarkostnaður vegna minja og sögu á árinu 2018 var um 5 m.kr.



Umferðaröryggi, sjálfvirk hraðaeftirlit. Mælistaður settur niður 3. október 2018.



Vatnaskemmdir á héraðsvegi að Álftagróf í Mýrdal 17. nóvember 2018.



Vegagerðin og minjasafnið á Skógum eru með samning um að margir safngripir Vegagerðarinnar séu varðveittir og sýndir á Skógum. Mynd tekin: 16. júlí 2018.

### 4.1.5 Stofnkostnaður

#### Fjárveitingar til framkvæmda á vegakerfinu

Liðirnir viðhald og stofnkostnaður við vegi hafa verið sameinaðir undir liðnum framkvæmdir á vegakerfinu. Við fjárlög fékk liðurinn 19.762,5 m.kr. í fjárfestingaframlag en síðar bættust 3.650 m.kr. viðbótarfjármagn. Viðhaldið fékk af þessu 8.050 m.kr. ásamt viðbótarfjármagni 2.610, m.kr. en afgangurinn 11.712,5 m.kr. fór í nýframkvæmdir.

#### Stofnkostnaður / framkvæmdir

Í fylgiskjali 1 er sýnd skipting fjárveitinga á einstök verkefni, í fylgiskjali 2 er gerð grein fyrir einstökum vegafarmkvæmdum, kostnaði og ráðstöfun fjárveitinga til þeirra og í fylgiskjali 3 er gerð grein fyrir einstökum hafnaframkvæmdum og framkvæmdum við sjóvarnir og ferjubryggjur. Hér að aftan er gerð grein fyrir kostnaði við nokkra málaflokka sem fá fjárveitingar af liðnum stofnkostnaður / framkvæmdir.

#### Girðingar

Fjárveitingu var varið til að uppfylla kröfur samkvæmt lögum og reglugerðum um girðingar. Enn er mikið óunnið í þeim málum. Í töflu 15 er yfirlit yfir framkvæmdir við girðingar á árinu 2018 og stöðu þessara mála í árslok. Kostnaður við girðingar á árinu 2018 nam 40 m.kr.

#### Héraðsvegir

Við gildistöku vegalaga nr. 80/2007 þann 1. janúar 2008 breyttist kostnaðarhlutdeild Vegagerðarinnar við lagningu nýrra héraðsvega á þann hátt að við lagningu nýs héraðsvegar að íbúðar- eða atvinnuhúsnæði skal skráður eigandi fasteignarinnar greiða helming kostnaðar við vegagerðina, þ.m.t. kaup á landi undir veginn, hönnun, byggingu vegarins og eftirlit með gerð hans, enda skal lega og gerð vegar ákveðin í samráði við hinn skráða eiganda fasteignarinnar. Nýir héraðsvegir (þá safnvegir) sem samþykktir voru fyrir gildistöku laganna eru þó greiddir að fullu af Vegagerðinni. Í samræmi við ofangreint greiddi Vegagerðin 67 m.kr. til stofnkostnaðar héraðsvega á árinu 2018 og skiptist sú greiðsla eins og fram kemur í töflu 13.

#### Styrkvegir

Í vegáætlun er heimilt að ákveða fjárveitingu til að styrkja tilteknar samgönguleiðir sem ekki falla undir skilgreiningar vega samkvæmt vegalögum. Kostnaður vegna styrkvega á árinu 2018 nam 45 m.kr. og skiptist eins og fram kemur í töflu 14.

#### Reiðvegir

Kostnaður við reiðvegi á árinu 2018 nam 59 m.kr. Fjárhæðinni var úthlutað til reiðvegagerðar á vegum hestamannafélaga á grundvelli áætlunar sem gerð var af Landssambandi hestamannafélaga.

#### Framkvæmdir, vitar og hafnir

Framlag til vitabygginga var samkvæmt fjárlögum 15 m.kr., til sjóvarmargarða 115,3 m.kr. og Landeyjahöfn 651 m.kr.

Tafla 12 Landsvegir utan stofnvegakerfis.

Svæði	kostnaður í m.kr.
Suðursvæði	42,7
Vestursvæði	17,4
Norðursvæði	39,3
Austursvæði	23,3
Samtals	122,7

Tafla 13 Héraðsvegir.

Svæði	kostnaður í m.kr.
Suðursvæði	0,0
Vestursvæði	6,3
Norðursvæði	0,6
Austursvæði	5,3
Samtals	12,2

Tafla 14 Styrkvegir.

Svæði	kostnaður í m.kr.
Sameiginlegur kostnaður	0,1
Suðursvæði	7,6
Vestursvæði	14,1
Norðursvæði	6,5
Austursvæði	10,5
Samtals	38,7


Tafla 15 Girðingar.

Svæði	Óafgreitt 1.1.2018		Afgreitt 2018		Nýjar kröfur		Óafgreitt 31.12.2018	
	Girðingar km	Ristar stk.	Girðingar km	Ristar stk.	Girðingar km	Ristar stk.	Girðingar km	Ristar stk.
Suðursvæði	60	3	7	0	10	2	63	5
Vestursvæði	88	7	9	3	6	1	85	5
Norðursvæði	5	0	15	0	11	0	5	0
Austursvæði	45	0	2	0	3	0	46	0
Samtals	198	10	33	3	30	3	199	10

Grafningsvegur efri (360), Nesjavellir – Hagavík, 14. september 2018.



Landeyjahöfn, skjólgarður til að hefta sandfok, 12. september 2018.



Súlurit 10 Fjárveitingar til stofnkostnaðar á verðlagi ársins 2018.



**Fylgiskjal 1 Stofnkostnaður**

Vegnr.	Vegheiti	Fjárveitingar
Kafln.	Kaflaheiti	2018 m.kr.
<b>Vegáætlun 2018. Framkvæmdir vegir</b>		
<b>Suðursvæði I</b>		
	Undirbúningur verka utan áætlunar	50
1	Hringvegur	
d4-d5	norðaustan Selfoss, brú á Ölfusá	20
d6	Selfoss – Hveragerði	250
36	Pingvallavegur	
04	um Þjóðgarðinn	0
355	Reykjavegur	
01	Biskupstungnabraut – Laugarvatnsvegur	545
2070	Sönghólsvegur	
01	við Kirkjubæjarklaustur	40
Samtals Suðursvæði I		905
<b>Suðursvæði II</b>		
	Undirbúningur verka utan áætlunar	40
1	Hringvegur	
f5	hringtorg og undirgöng á Esjumelum	300
40	Hafnarfjarðarvegur	
04	gatnamót við Vífilstaðaveg	500
06	við Kaplakrika	50
41	Reykjanesbraut	
12	undirgöng í Kópavogi	200
14	við Lækjargötu	70
14-15	Kaldárselsvegur – Krýsuvíkvegur	0
43	Grindavíkvegur	
01	Reykjanesbraut – Grindavík	550
44	Hafnavegur	
01	Reykjanesbraut – Flugvöllur	180
48	Kjósarskarðsvegur	
	Hvalfjörður – Þingvallavegur	225
	Bætt umferðarflæði, almenningsamgöngur	200
	Umferðarstýring á höfuðborgarsvæðinu	30
	Öryggisaðgerðir	100
	Göngubrýr og undirgöng	130
Samtals Suðursvæði II		2.575

Vegnr.	Vegheiti	Fjárveitingar
Kafln.	Kaflaheiti	2018 m.kr.
<b>Vestursvæði</b>		
	Undirbúningur verka utan áætlunar	50
52	Uxahryggjavegur	
05	ýmsir staðir	175
54	Snæfellsnesvegur	
10	um Fróðárheiði	250
19-23	um Skógarströnd, ýmsir staðir	100
59	Laxárdalsvegur	
02	Gröf – Lambeyrar	200
61	Djúpvvegur	
34	Hestfjörður – Seyðisfjörður	150
643	Strandavegur	
04	um Bjarnarfjarðarháls	275
Samtals Vestursvæði		1.200
<b>Norðursvæði</b>		
	Undirbúningur verka utan áætlunar	50
1	Hringvegur	
r6	Jökulsá á Fjöllum	10
711	Vatnsnesvegur	
03	um Tjarnará	200
793	Skarðsvegur	
01	í Skarðsdal	100
816	Dagverðareyrarvegur	
01	Hlaðir – Tréstaðir	70
862	Dettifossvegur	
02-04	Dettifossvegur vestri – Ásheiði	400
Samtals Norðursvæði		830
<b>Austursvæði</b>		
	Undirbúningur verka utan áætlunar	50
1	Hringvegur	
u4-u5	um Berufjarðarbotn	700
v6-v9	um Hornafjörð	100
y5	um Kvía	250
94	Borgarfjarðarvegur	
07	við Vatnsskarðsvatn og í Njarðvík	120
08	um Njarðvíkurskriður	100
95	Skriðdals- og Breiðdalsvegur	
04	Skriðuvatn – Axarvegur	480
Samtals Austursvæði		1.800
<b>Samtals stofn og tengivegir:</b>		<b>7.310</b>



Dettifossvegur (862), efra burðarlag lagt út, 22. júní 2018.

Vegnr.	Vegheiti	Fjárveitingar
Kafln.	Kaflaheiti	2018 m.kr.
<b>Sameiginlegt og óskipt</b>		
Stofn- og tengivegir		
	Tengivegir - bundið slitlag	800
	Breikkun brúa	313
	Hjóla- og göngustígar	250
Annað en stofn- og tengivegakerfi		
	Samgöngurannsóknir	20
	Héraðsvegir	140
	Landsvegir utan stofnvegakerfis	120
	Styrkvegir	50
	Reiðvegir	60
	Smábrýr	50
	Girðingar	60
Samtals sameiginlegt og óskipt		1.863
<b>Samtals stofnkostnaður</b>		<b>9.173</b>
<b>Jarðgangaáætlun:</b>		
	Sameiginlegur jarðgangakostnaður	10
60	Vestfjarðavegur	
39	Dýrafjarðargöng	3.500
93	Seyðisfjarðarvegur	
02-03	Seyðisfjarðargöng	70
Samtals jarðgangaáætlun:		3.580
<b>Samtals framkvæmdir vegir:</b>		<b>12.753</b>

Verkefni	Fjárveitingar	
	2018 m.kr.	
<b>6.20 Framkvæmdir vitar og hafnir</b>		
<b>Vitabyggingar</b>	29	
<b>Sjóvarnargarðar</b>	106	
<b>Landeyjahöfn</b>	384	
<b>Húsavíkurhöfn</b>	348	
<b>Ferjubryggjur</b>	3	
Samtals 6.20 framkvæmdir vitar og hafnir		870
<b>Vestmannaeyjaferja</b>	1.700	
<b>Stofnkostnaður samtals:</b>	<b>13.539</b>	

## Fylgiskjal 2 Greinargerð um framkvæmdir við nýbyggingu þjóðvega 2018

Allar upphæðir eru á verðlagi hvers árs. Kostnaðaráætlunir eru á verðlagi ársins sem gengið er frá samningi.

### Suðursvæði

#### 1 Hringvegur d5 um Ölfusá

*Umfang verks:* Nýr 3,8 km Hringvegur norðaustan Selfoss um nýja brú á Ölfusá við Efri-Laugarðælaeyju. *Framkvæmdaform:* Útboð. *Kostnaðaráætlun:* 8.600 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2014	9
Vegáætlun 2015	20
Vegáætlun 2016	50
Fjárlög 2017	50
Flutt á önnur verk	-57
Fjárlög 2018	20
Samtals	92

*Verkfrávitni:* Á árunum 2014 - 2016 var unnið að frumdrögum brúar og undirbúningi landakaupa. Á árinu 2017 var unnið að forhönnun brúar og áfram að undirbúningi landakaupa. Árið 2018 var einungis unnið að landakaupum.

Kostnaður	m.kr.
2014	9
2015	20
2016	4
2017	9
2018	45
Samtals	87

#### 1 Hringvegur d6 Selfoss – Hveragerði

*Umfang verks:* Breikkun Hringvegur frá Biskupstungnabraut að Kambarótum. Byggtur verður 2+1 vegur með aðskildum akstursstefnum með vegriði í miðdeili og planvegumótum. Hönnun miðar við að breikkað verði síðar í 2+2 veg og gera allar breiddir og rými ráð fyrir þeirri breikkun síðar. *Framkvæmdaform:* Útboð.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2005	1
Vegáætlun 2006	3
Vegáætlun 2007	4
Vegáætlun 2008	26
Fjárlög 2009	68
Vegáætlun 2010	9
Vegáætlun 2013	1
Vegáætlun 2014	3
Vegáætlun 2015	8
Vegáætlun 2016	100
Fjárlög 2017	350
Flutt á önnur verk 2017	-44
Fjárlög 2018	250
Flutt á önnur verk 2018	-92
Samtals	687

*Verkfrávitni:* Á árinu 2016 var unnið að undirbúningi landakaupa, jarðtækni-legra rannsókna ásamt hönnun. Hönnun var boðin út um sumarið 2016 og samið við ráðgjafa í september. Árið 2017 var unnið að forhönnun og verkhönnun, auk þess sem unnið var í samningum við landeigendur. Árið 2018 var unnið

að verkhönnun framkvæmdarinnar og samningaviðræðum við landeigendur. 1. áfangi framkvæmda var boðinn út í nóvember 2018 og buðu 5 aðilar í verk-ið. Íslenskir aðalverktakar voru lögst-bjóðendur og var samið við þá um verk-ið. Tilboðsupphæð var 1361,2 m.kr. sem var 8,9% yfir kostnaðaráætlun Vega-gerðarinnar. Áætluð verklok 1. áfanga eru í október 2019.

Kostnaður	m.kr.
2005	1
2006	3
2007	4
2008	26
2009	68
2010	9
2013	1
2014	3
2015	8
2016	54
2017	99
2018	153
Samtals	429

#### 1 Hringvegur e1 Litla kaffistofan – Lögberg

*Umfang verks:* Um er að ræða malbikun efra malbikslags á akbrautir og axlir á nyrðri hluta vegarkafala sem byggður var upp á árinum 2010-2013 milli Draugahlíða og Fossvallar. Samtals er um að ræða um 55.000 m<sup>2</sup>. *Framkvæmdaform:* Útboð. *Kostnaðaráætlun:* 185 m.kr.



Hringvegur (1) við Esjumela, 14. nóvember 2018.

Fjármögnun	m.kr.
Flutt af öðrum verkum 2017	101
Flutt af öðrum verkum 2018	92
Samtals	193

*Verkfrávitni:* Árið 2017 var unnið við vestari hluta kafans og lagt á 30.000 m<sup>2</sup> en heildar flatarmálið er um 55.000 m<sup>2</sup>. Á árinu 2018 var verkið klárað og voru þá malbikaðir um 25.000 m<sup>2</sup>. *Verktaki:* Malbikunarstöðin Hlaðbær-Colas hf.

Kostnaður	m.kr.
2017	101
2018	92
Samtals	193

#### 1 Hringvegur f5 Vesturlandsvegur við Esjumela

*Umfang verks:* Um er að ræða gerð hringtorgs á Hringvegi við Esjumela, lagning nýs Vonarholtsvegur á um 600 m kafla og tenging hans við torgið. Byggt voru undirgöngur undir Hringveg og gerðar strætóbíðstöðvar við Hringveg. Innifalin var gerð göngu- og reiðstíga um svæðið. Til verksins teljast einnig breytingar á lagnakerfum veitufyrirtækja, m.a. færsla rafstrengja með háspennu á um 500 m kafla, sem og nýlagnir auk annarra þátta sem nauðsynlegir eru til að ljúka verkinu. *Framkvæmdaform:* Útboð. *Kostnaðaráætlun:* 337 m.kr. (hlutur Vegagerðarinnar).

Fjármögnun	m.kr.
Fjárlög 2018	300
Fært af öðrum verkum	30
Samtals	330

*Verkfrávitni:* Verksamningur var undirritaður 23.07.2018. Byggt var framhjálaup fyrir umferð á Hringvegi og hliðarvegir tengdir því. Eftir færslu umferðar var unnið við byggingu hringtorgsins og undirganganna. Þann 29.11.2018 var umferð hleypt á nýja torgið en þá átti eftir að vinna ýmsa verkþætti utan vegar. Gert var vetrarhlé á verkinu frá miðjum desember 2018. *Verktaki:* PK verk ehf.

Kostnaður	m.kr.
2018	318

#### 40 Hafnafjarðarvegur 04 gatnamót við Víflsstaðaveg

*Umfang verks:* Um er að ræða breikkun og endurbætur á gatnamótum Hafnafjarðarvegur (40) við Víflsstaðaveg og Lyngás ásamt gerð undirganga fyrir gangandi og hjólandi umferð við Hraunsholtslæk, breikkun og endurbætur á Víflsstaðavegi milli Hafnafjarðarvegur og Litlatúns og gerð hringtorgs við Litlatún. Hraunsholtslækurinn verður einnig í undirgöngunum við hlið göngu- og hjólaleiðarinnar. Akreinum á Hafnafjarðarvegi er fjölgað og beygjureinum breytt og fjölgað. Einnig verður gengið frá göngustígum á svæðinu. Tilgangur framkvæmdarinnar er að auka umferðaröryggi og greiða fyrir umferð af hliðarvegum í Garðabæ inn á Hafnafjarðarveg. *Framkvæmdaform:* Útboð. *Kostnaðaráætlun:* 590 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Fjárheimild 2018	500
Flutt á önnur verk	-445
Samtals	55

*Verkfrávitni:* Á árinu 2018 var unnið við hönnun og annan undirbúning.

Kostnaður	m.kr.
2017	50
2018	18
Samtals	68

#### 40 Hafnafjarðarvegur 04 við Kaplakrika

*Umfang verks:* Verkið felst í tvöföldun vinstri beygju frá Fjarðarhrauni inn á Reykjanesbraut til austurs og nýrri aðrein meðfram Kaplakrikalæk. *Framkvæmdaform:* Útboð. *Kostnaðaráætlun:* 208 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Fjárlög 2018	50
Flutt af öðrum verkum	32
Samtals	82

*Verkfrávitni:* Á árinu 2018 var unnið við verkhönnun og undirbúning.

Kostnaður	m.kr.
2018	17

#### 41 Reykjanesbraut 12 undirgöngur í Kópavogi, skuld

*Umfang verks:* Greiðsla skuldar vegna framkvæmda við undirgöngur undir Reykjanesbraut við Digranesveg.

Fjármögnun	m.kr.
Fjárheimild 2018	200

*Verkfrávitni 2018:* Gengið frá upp-gjöri við Kópavogsbæ *Verktaki:* Loftorka Reykjavík ehf. og Suðurverk hf.

Kostnaður	m.kr.
2018	181

#### 41 Reykjanesbraut 14 Kaldárselsvegur - Krýsuvíkurvegur

*Umfang verks:* Verkið felst í tvöföldun Reykjanesbrautar í Hafnarfirði milli Kaldárselsvegur og Krýsuvíkurvegur. Auk þess er innifalið í verkinu gerð nýrrar vegbrúar yfir Strandgötu og undirganga á þessum stað, gerð tveggja göngubrúna yfir Reykjanesbraut við Ásland og Þorlákstún ásamt gerð umfangsmikilla hljóðvarna við Reykjanesbraut. Verkið er unnið í samvinnu við Hafnafjarðarveg og veitufyrirtæki. *Framkvæmdaform:* Útboð. *Kostnaðaráætlun:* 2.693 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Viðbótarfé 2018	50
Afturkallað 2018	-50
Samtals	0

*Verkfrávitni 2018:* Unnið var við hönnun vegarins.

Kostnaður	m.kr.
2018	28



Hringvegur (1), Hveragerði - Selfoss, tölvugerð mynd.

**41 Reykjanesbraut**

**15 vegamót við Krýsuvíkurveg**

*Umfang verks:* Gerð mislægra vegamóta Reykjanesbrautar við Krýsuvíkurveg auk allrar vega- og stíga-gerðar. Til framkvæmdanna teljast einnig breytingar á Krýsuvíkurvegi, gerð tengivegar að Suðurbraut og tengivegar að Selhelli. Einnig er innifalin gerð göngu- og hjólastígs meðfram Suðurbrautartengingu og hraðatakmarkandi aðgerðir á Suðurbraut. Þá er gerð hljóðmana við Reykjanesbraut og í Hellnahverfi í Hafnarfirði hluti verksins. Einnig eru innifaldar breytingar á lagnakerfum veitufyrirtækja sem og landmótun auk annarra þátta. Verkið er unnið í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ og veitustofnanir. *Framkvæmdaform:* Útboð. *Kostnaðaráætlun:* 1.169 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegaáætlun 2016	34
Fjárlög 2017	800
Fjárlög 2018	0
Flutt af öðrum verkum 2018	48
Samtals	882

*Verkfrámvinda:* Í febrúar 2017 var verkið boðið út. Unnið var við gerð mislægra vegamóta ásamt landmótun. Einnig var sett upp veglýsing, stígar gerðir, land mótað, hljóðvarnir settar upp og annað sem var nauðsynlegt til þess að ljúka verkinu. Verkinu lauk í desember fyrir utan nokkur smærri verk sem náðist ekki að ljúka við og er frestað til vors 2018. Árið 2018 var unnið við lokafrágang verksins og uppgjör við



Grindavíkurvegur (43), 19. september 2018.

veitur. Ekki náðist að ljúka uppgjöri við Hafnarfjarðarbæ og verktaka og verður það gert 2019.

*Verktaki:* Loftorka Reykjavík ehf. og Suðurverk hf.

Kostnaður	m.kr.
2016	34
2017	748
2018	89
Samtals	871

**41 Reykjanesbraut**

**21 hringtorg á Reykjanesbraut**

*Umfang verks:* Gerð tveggja hringtorga á Reykjanesbraut í Reykjanesbæ. Annarsvegur við Keflavíkurveg (424) (þjóðbraut) og hinsvegur við Aðalgötu. Um er að ræða samstarfsverkefni Vegagerðarinnar, Reykjanesbæjar og Isavia. Aðalgata er sveitarfélagsvegur og greiðir Reykjanesbær því 1/4 af hringtorgi þar og Isavia tekur þátt í báðum hringtorgum vegna mögulegra veltenginga að flugvallarsvæði. *Framkvæmdaform:* Útboð. *Kostnaðaráætlun:* 213 m. kr.

Fjármögnun	m.kr.
Fjárlög 2017	200
Flutt af öðrum verkum	19
Flutt af öðrum verkum 2018	2
Samtals	221

*Verkfrámvinda:* Verkið var boðið út í maí 2017 og lauk framkvæmdum að fullu í október sama ár. Árið 2018 var uppsetning ljósastaura yfirfarin og unnið við uppgjör og skýrslugerð *Verktaki:* Ístak Ísland hf.

Kostnaður	m.kr.
2017	219
2018	2
Samtals	221

**43 Grindavíkurvegur**

**01 Reykjanesbraut – Bláalónsvegur**

*Umfang verks:* Um er að ræða breikkun á Grindavíkurvegi í 2+1 með aðskildum akstursstefnum á um 6 km kafla frá Seltjörn að Bláalónsvegi. Verkinu er skipt í tvo áfanga, fyrri áfangi er breikkun á veginum á um 4 km kafla en sá seinni er gerð fléttureina og uppsetning vegriðs sem áætlað er að ljúka 2019

*Framkvæmdaform:* Útboð.

Kostnaðaráætlun:	m.kr.
Fyrri áfangi	525
Seinni áfangi	743
Samtals	1.268

Fjármögnun	m.kr.
Fjárheimild 2018	200
Viðbótarheimild 2018	350
Samtals	550

*Verkfrámvinda 2018:* Fyrri áfangi var boðinn út í ágúst og var lokið í desember það ár.

Kostnaður	m.kr.
2018	457

**44 Hafnavegur**

**01 Reykjanesbraut – flugvöllur**

*Umfang verks:* Gerð nýrrar veltengingar Hafnavegar við Reykjanesbraut, við hringtorg við Fitjar. Verkið felst í nýbyggingu vegarins á um 850 m löngum kafla, og lokun á núverandi gatnamótum Reykjanesbrautar og Hafnavegar vestan við hringtorgið, með tilheyrandi rífi malbiks og yfirborðsfrágangi umferðareyja Reykjanesbrautar, sem og landmótun og yfirborðsjöfnun utan hennar.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 195 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Fjárlög 2018	180
Flutt á önnur verk	-12
Samtals	168

*Verkfrámvinda:* Verkið var boðið út í mars 2018 og tilboð opnuð í byrjun apríl. Framkvæmdir hófust í lok máí mánaðar og lauk þeim í byrjun október sama ár.

Kostnaður	m.kr.
2018	168



Kjósarskarðsvegur (48), Vindás – Fremri Háls, 12. september 2018.

**48 Kjósarskarðsvegur**

**02 Fremri Háls – Þingvallavegur**

*Umfang verks:* Endurlögn Kjósarskarðsvegur á 6,7 km löngum kafla. Endurlögn vegarins felst í undirbyggingu, lögn ræsa, útlögn burðarlaga og slitlags, gerð tenginga og frágangi.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 295 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2015	400
Vegáætlun 2016	4
Flutt á önnur verk 2016	-25
Fjárlög 2017	14
Flutt af öðrum verkum 2017	2
Flutt af öðrum verkum 2018	2
Samtals	395

*Verkfrámvinda:* Á árunum 2007-2010 var unnið að hönnun og undirbúningi Kjósarskarðsvegur. Verkið var boðið út í júlí 2015 og var lokið við ræsalögn á árinu og unnið við fyllingar og skeringar. Á árinu 2016 var uppbyggingu vegarins lokið og lögð klæðing á um 2 km. Einnig var unnið að undirbúningi og hönnun á næsta áfanga Kjósarskarðsvegur. Árið 2017 var lokið við að leggja klæðingu á þann kafla sem eftir var og klára frágang við hlið vegar. Uppgjöri við verktaka lauk á árinu. Kostnaður 2018 er vegna uppgjörs við eftirlitsaðila.

*Verktaki:* Þróttur ehf., Akranesi.

Kostnaður	m.kr.
2015	31
2016	301
2017	61
2018	2
Samtals	395

**48 Kjósarskarðsvegur**

**02 Vindás – Fremri Háls**

*Umfang verks:* Endurlögn Kjósarskarðsvegur á 7,5 km löngum kafla. Endurlögn vegarins felst í undirbyggingu, lögn ræsa, útlögn burðarlaga og slitlags, gerð tenginga og frágangi.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 380 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2016	4
Fjárlög 2017	136
Fjárlög 2018	225
Fært af öðrum verkum 2018	32
Samtals	397

*Verkfrámvinda:* Unnið var að verkhönnun og gerð útboðsgagna 2017. Verkið var boðið út í september 2017. Mjög lítilliga var byrjað á framkvæmdum á árinu 2017 en þó aðeins byrjað á endurnýjun ræsa.



Nesbraut (49) Miklabraut móts við Rauðagerði, 28. maí 2018.

Árið 2018 var unnið við uppbyggingu vegarins og klæðingu að hluta. Lokið var við að byggja upp veginn með burðarlaga á um 6 km að mestu og leggja fyrra lag klæðingar á 3,5 km en áætlað er að verkið klárast sumarið 2019.

*Verktaki:* Vörubreiðastjórafélagið Mjöltnir, Selfossi.

Kostnaður	m.kr.
2016	4
2017	24
2018	261
Samtals	289

**49 Nesbraut**

**03 strætórein austan Grensás**

*Umfang verks:* Um er að ræða gerð forgangsreinar fyrir strætó meðfram Miklabraut til austurs á móts við Rauðagerði. Verkefnið er samstarfsverkefni með Reykjavíkurborg en einnig er unnið við gerð hljóðmana, stíga og hljóðveggja.

*Framkvæmdaform:* Útboð.

*Kostnaðaráætlun:* 93 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2016	2
Fjárlög 2017	57
Fjárlög 2018	0
Fært af öðrum verkum	1
Samtals	60

*Verkfrámvinda:* Verkið var boðið út í mars 2017 og var lokið við alla malbikun í lok sumars en eftir er að vinna við frágang og merkingar. Árið 2018 var gengið frá reyndargögnum. *Verktaki:* Urð og grjót ehf.

Kostnaður	m.kr.
2016	2
2017	57
2018	1
Samtals	60

**49 Nesbraut**

**04 strætórein við Klambratún**

Umfang verks: Um er að ræða gerð forgangsreinar fyrir strætó meðfram Miklubraut til austurs frá Rauðarárstíg að Lönguhlíð. Verkefnið er samstarfsverkefni með Reykjavíkurborg en einnig er unnið við gerð hjólastíga og hljóðmana.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 170 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Fjárlög 2017	101
Fjárlög 2018	18
Fært af öðrum verkum	134
Samtals	253

Verkframingvinda: Framkvæmdin var boðin út í mars 2017. Lokið að mestu á haustdögum. Árið 2018 var unnið við landmótun og frágang umferðarljósa. Eftir er að ganga frá lokauppgjöri við verktaka.

Verktaki: Bjössli ehf.

Kostnaður	m.kr.
2017	205
2018	48
Samtals	253

**208 Skaftártunguvegur**

**00 um Eldvatn**

Umfang verks: Verkefnið felst í byggingu nýrrar brúar yfir Eldvatn og vegtenginga að henni. Um er að ræða tvö útboð. Annars vegar bygging nýrrar brúar yfir Eldvatn og hins vegar gerð vegtenginga að henni.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 612 m.kr. (bæði útboðin).

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2015	1
Viðlagatrygging	108
Fjárlög 2016	300
Fjárlög 2017	40
Samtals	449

Verkframingvinda: Á árinu 2016 var unnið að hönnun, rannsóknun og öðrum undirbúningi. Árið 2017 var unnið við verkhönnun og gerð útboðsgagna. Verkið var boðið út í nóvember en engin aðgengileg tilboð bárust og var þeim því hafnað. Bygging nýrrar brúar var boðin í apríl 2018. Vegagerðin að brúnni var boðin út í maí 2018. Á árinu vann jarðvinnuverktaki að efnisöflun, aðstöðusköpun og gerð vegfyllinga. Brúarverktaki lauk við uppsteypu sökkla og stöpla beggja megin við ána.

Kostnaður	m.kr.
2016	13
2017	32
2018	111
Samtals	156



Langholtsvegur (341), reiðstigur, 28. nóvember 2018.

**341 Langholtsvegur**

**01 Flúðir – Hrafnabjörg**

**(Auðholtsvegur)**

Umfang verks: Endurbætur á 5,3 km löngum kafla Langholtsvegur, frá núverandi slitlagsenda vestan við Flúðir og suður fyrir sumarhúsahverfið við Hrafnabjörg.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 222 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2009	6
Vegáætlun 2010	1
Vegáætlun 2011	1
Vegáætlun 2016	3
Vegáætlun 2016	45
Fjárlög 2017	178
Flutt af öðrum verkum 2017	31
Flutt af öðrum verkum 2018	3
Samtals	268

Verkframingvinda: Á árunum 2009 - 2011 var unnið að undirbúningi og frumdrögum verkefnisins og á árinu 2016 að verkhönnun. Verkið var boðið út í mars 2017 og lauk framkvæmdum í október. Árið 2018 var lokið við endurbætur á reiðstígum auk girðingarvinnu.

Verktaki: Þjótandi ehf., Hellu.

Kostnaður	m.kr.
2009	6
2010	1
2011	1
2016	3
2017	254
2018	3
Samtals	268

**355 Reykjavegur**

**01 Biskupstungnabraut**

**– Laugarvatnsvegur**

Umfang verks: Um er að ræða breiðkun og endurbætur Reykjavegar í Bláskógabyggð milli Biskupstungnabrautar og Laugarvatnsvegur (8 km),

auk byggingar 20 m langrar brúar yfir Fullsæl.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 1.021 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2008	6
Vegáætlun 2009	3
Vegáætlun 2010	1
Vegáætlun 2011	2
Vegáætlun 2012	1
Vegáætlun 2013	2
Vegáætlun 2014	28
Vegáætlun 2015	26
Vegáætlun 2016	29
Fjárlög 2017	150
Fjárlög 2018	545
Flutt af öðrum verkum 2018	-126
Samtals	667

Verkframingvinda: Árið 2017 var unnið við verkhönnun og samninga við landeigendur. Árið 2018 var unnið að samningum við landeigendur. Verkið var boðið út í desember 2018.

Kostnaður	m.kr.
2008	6
2009	3
2010	1
2011	2
2012	1
2013	2
2014	28
2015	26
2016	29
2017	13
2018	35
Samtals	146

**360 Grafningsvegur efri**

**02 Nesjavellir – Hagavík**

Umfang verks: Endurbygging Grafningsvegur (360) frá Nesjavöllum og út fyrir Hagavík. Verkið felst í undirbyggingu

vegarins á sama stað, lögn ræsa, útlögn og vinnslu burðarlaga og klæðingar á 5 km kafla.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 216 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2016	5
Fjárlög 2017	49
Fjárlög 2018	
Tengivegir	165
Samtals	219

Verkframingvinda: Árið 2017 var unnið að undirbúningi framkvæmda sem boðnar voru út á vormánuðum 2018. Uppbyggingu vegar lauk að mestu á árinu 2018, skeringum, fyllingum og fláafleygum var lokið þá og var styrktarlagi og neðra burðarlagi keyrt út, en lokið verður við að keyra út efra burðarlagi, leggja klæðingu og lokafrágang á árinu 2019.

Kostnaður	m.kr.
2016	5
2017	7
2018	117
Samtals	129

**411 Arnarnesvegur**

**01 Reykjanesbraut**

**– Fífuhvamsvegur**

Umfang verks: Gerð Arnarnesvegur frá mislægum gatnamótum Reykjanesbrautar og Arnarnesvegur og austur að hringtorgi við Fífuhvamsveg, samtals 1,6 km. Tvö hringtorg eru gerð á veginum og einnig eru byggð tvö undirgöng undir Arnarnesveg. Auk þess er innifalinn veglýsing, stígagerð, landmótun, hljóðvarnir auk vinnu við veitulagnir.

Framkvæmdaform: Útboð.

Kostnaðaráætlun: 854 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2007	1
Vegáætlun 2008	31
Vegáætlun 2009	29
Vegáætlun 2011	11
Vegáætlun 2012	3
Vegáætlun 2013	1
Vegáætlun 2014	18
Vegáætlun 2015	320
Vegáætlun 2016	380
Flutt af undirgöngum í Kópavogi 2016	100
Fjárlög 2017	100
Flutt af undirgöngum í Kópavogi 2017	100
Flutt af öðrum verkum 2018	281
Samtals	1375

Verkframingvinda: Unnið var að hönnun vegarins á árunum 2007 til 2015. Útboð á framkvæmdinni var auglýst



Grafningsvegur efri (360), Nesjavellir – Hagavík, 14. september 2018.

í maí 2015 og hófust framkvæmdir í september. Unnið var í skeringum og gerður bráðabirgðavegur frá Fífuhvamsvegi að Þorrasölum. Byrjað var á staðsteyptum undirgöngum sem liggja nálægt mislægu hringtorgi við Reykjanesbraut. Aðveitustrengir og háspennustrengir OR Veitna voru færðir um 7 m til norðurs í vegstæðinu. Á árinu 2016 var lokið við undirgöng, hringtorg og veginn sjálfan ásamt landmótun. Verkinu lauk í nóvember 2016 fyrir utan lokafrágang við landmótun og hljóðvegg meðfram Þorrasölum. Árið 2017 var unnið við lokafrágang við landmótun á svæðinu og hljóðvegg meðfram Þorrasölum. Gengið frá lokauppgjöri við verktaka 2018.

Verktakar: Suðurverk hf., Kópavogi og Loftorka Reykjavík ehf., Garðabæ.

Kostnaður	m.kr.
2007	1
2008	31
2009	29
2011	11
2012	3
2013	1
2014	18
2015	155
2016	962
2017	91
2018	73
Samtals	1.375

Skýringar: Verkið er unnið í samvinnu við Kópavogsbæ, Garðabæ og veitustofnanir. Gert var samkomulag við Kópavogsbæ um að fjárveiting til endurgreiðslu undirganga undir Reykjanesbraut við Skógarlind/Dalveg

að upphæð 100 m.kr. yrði notuð til að fjármagna hlut Kópavogs í verkefninu. Hluttur Kópavogs á árinu 2016 var 226 m.kr.

**411 Arnarnesvegur**

**01 göngubrú**

Umfang verks: Bygging göngubrúar yfir Arnarnesveg við Þorrasali ásamt tilheyrandi stígakerfi og landmótun.

Framkvæmdaform: Samningsverk og útboð.

Kostnaðaráætlun: 100 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2016	
Göngubrú og undirgöng	6
Vegáætlun 2016	
Hjóna- og göngustígar	80
Flutt af öðrum verkum	36
Flutt af öðrum verkum 2017	-13
Flutt af öðrum verkum 2018	-4
Samtals	105

Verkframingvinda: Árið 2016 var lokið við að steypa undirstöður, súlur og endastöpla sem brúin verður reist á. Samið var við aðalverktaka sem var við framkvæmdir á Arnarnesvegi um það verk. Stálvirki var boðið út í maí 2017 og lauk að fullu á árinu. Gengið frá lokauppgjöri við verktaka 2018.

Verktaki undirstöður: Suðurverk hf. Verktaki brú: Munck Íslandi ehf., Kópavogi.

Kostnaður	m.kr.
2016	21
2017	69
2018	15
Samtals	105

**413 Breiðholtiðbráur  
02 göngubrú**

**Umfang verks:** Bygging 95 m langrar göngubrúar yfir Breiðholtiðbráur við Norðurfell í Reykjavík, ásamt tilheyrandi stígakerfi og landmótun.

**Framkvæmdaform:** Útboð.  
**Kostnaðaráætlun:** 212 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2016	2
Fjárlög 2017	130
Flutt af öðrum verkum 2018	59
Samtals	191

**Verkframing:** Árið 2017 var unnið við verkhönnun og var verið boðið tvívegis út í samstarfi við Reykjavíkurborg en engin aðgengileg tilboð bárust og var þeim því hafnað. Verkið var enn boðið út í mars 2018 og tilboð opnuð 20. mars 2018. Brúin var tekin í notkun 1. október 2018.

**Verktaki:** Skrauta ehf., Hafnarfirði.

Kostnaður	m.kr.
2016	2
2017	13
2018	176
Samtals	191

**427 Suðurstrandarvegur  
05-13 Ísólfskáli  
– Þorlákshafnarvegur**

**Umfang verks:** Nýbygging á um 49 km löngum vegi á milli Ísólfskála og Þorlákshafnar.

**Framkvæmdaform:** Útboð.

Kostnaðaráætlun	m.kr.
Krýsuvíkurvegur	
– Þorlákshafnarvegur	1.320
Ísólfskáli	
– Krýsuvíkurvegur	605
Samtals	1.925

Fjármögnun	m.kr.
Skuld frá fyrri áföngum	-33
Vegáætlun 2008	509
Breyting 2008	-390
Fjárlög 2009	1.015
Vegáætlun 2010	230
Flutt af öðrum verkum 2010	145
Fjárlög 2011	534
Vegáætlun 2012	112
Flutt af öðrum verkum 2012	19
Flutt af öðrum verkum 2013	6
Flutt af öðrum verkum 2014	5
Vegáætlun 2015	6
Flutt af öðrum verkum 2015	1
Flutt af öðrum verkum 2016	2
Flutt af öðrum verkum 2017	2
Flutt á önnur verk 2018	-1
Samtals	2.162



Breiðholtiðbráur (413), göngubrú, 19. júlí 2018.

**Verkframing:** Á árunum 2007 og 2008 var unnið að uppgræðslu á söndum vestan Þorlákshafnar, auk þess sem unnið var að undirbúningi fyrir útboð á verkframingu. Framkvæmdir við 34 km langan kafla frá Krýsuvíkurvegi að Þorlákshafnarvegi voru boðnar út í lok júní 2008 og hófust framkvæmdir í desember það ár.

Í september 2009 var 14 km kaflinn milli Selvogs og Þorlákshafnar opnaður fyrir umferð. Á árinu 2010 var lokið við að byggja brú yfir Vogsósa og í september 2010 var rúmlega 7 km kaflinn frá Selvogi að Herdísarvík opnaður fyrir umferð og lagt á hann fyrri lag klæðingar. Á árinu 2011 var lokið við að leggja fyrri lag klæðingar vestur fyrir Krýsuvíkurveg og ný tenging við Krýsuvíkurveg gerð, auk þess sem seinna lag klæðingar á framkvæmdakafla frá árinu 2010 var lagt. Í byrjun sumars 2012 var seinna klæðingarlag lagt á kaflann frá Herdísarvík að Krýsuvík og lokið við frágang við Krýsuvíkurveg, auk þess sem haldið var áfram með uppgræðslu á söndunum vestan Þorlákshafnar.

Framkvæmdir við um 15 km langan kafla frá Ísólfskála að Krýsuvíkurvegi voru boðnar út í september 2010 og hófust framkvæmdir í lok nóvember mánaðar. Framkvæmdum við þennan kafla lauk að mestu í nóvember 2011 og var þá komið fyrri klæðingarlag á veginn. Seinna klæðingarlag var lagt á veginn í júní 2012 og lokið við endanlegan frágang og uppgjör við verktaka. Kostnaður á árinu 2013 er vegna uppgræðslu á söndunum vestan Þorlákshafnar og vegna uppsetningar á vegvísun við Grindavík og víðar, samtals um 2 m.kr. Stærstur hluti kostnaðar á árinu 2013 var þó vegna vinnu við magnuppgjör og vegna málareksturs við þrotabú verktaka, KNH ehf.

Kostnaður á árunum 2014 og 2015 var vegna málareksturs við þrotabú verktaka, KNH ehf. Árin 2016 og 2017 var greiddur kostnaður vegna málareksturs við þrotabú verktaka, KNH ehf. Árið 2018 lögfræðikostnaður og endurgreiðsla.

**Verktakar:** Krýsuvíkurvegur – Þorlákshafnarvegur. Jarðvinna: KNH ehf., Ísafirði. Efnisvinnsla: Fossvélar ehf., Selfossi. Ísólfskáli – Krýsuvíkurvegur: Suðurverk hf., Hafnarfirði.

**2070 Sönghólsvegur  
01 við Kirkjubæjarklaustur**  
**Umfang verks:** Um er að ræða 450 m langan veg að fylrihugaðri gestastofu Vatnajökulsþjóðgarðs við Kirkjubæjarklaustur.  
**Framkvæmdaform:** Útboð.  
**Kostnaðaráætlun:** 40 m.kr.

Kostnaður	m.kr.
2007	11
2008	75
2009	1.015
2010	375
2011	534
2012	131
2013	6
2014	5
2015	7
2016	2
2017	2
2018	-1
Samtals	2.162

Fjármögnun	m.kr.
Fjárheimild 2018	40

Kostnaður	m.kr.
2018	5

**Umferðarstýring  
á höfuðborgarsvæðinu**

**Umfang verks:** Miðlæg stýring umferðarljósanna hefur verið rekin í samstarfi Vegagerðarinnar og Reykjavíkurborgar síðan 2007 og er stöðugt unnið að því að tengja fleiri umferðarljós á höfuðborgarsvæðinu saman.

Fjármögnun	m.kr.
Skuld frá fyrri áföngum	-4
Vegáætlun 2015	50
Vegáætlun 2015	50
Bætt umferðarljós	4
Millifært á önnur verk 2015	-24
Vegáætlun 2016	30
Millifært á önnur verk 2016	-6
Fjárlög 2017	30
Fjárlög 2018	30
Samtals	110

**Verkframing:** Á árinu 2015 var unnið í samstarfi við Reykjavíkurborg við að uppfæra miðlaga ljósastýringu höfuðborgarsvæðisins með því að setja upp kerfi fyrir forgangsakstur í miðlaga umferðarljósastöðum höfuðborgarsvæðisins. Settur var upp búnaður við nokkur ljós sem gerir aðilum í forgangsakstri eins og lögreglu, slökkviliði og strætó kleift að hafa áhrif á ljósastýringu við einstök vegamót. Á árinu 2016 var uppfærður búnaður á nokkrum vegamótum. Árið 2017 var aðalverkefnið kaup á búnaði fyrir forgangsakstur neyðarbíla og strætó á umferðarljósnum á Miklubraut.

Búnaðurinn verður settur upp vorið 2018. Einnig var unnið að uppfærslu búnaðar við vegamót Sæbrautar og Langholtiðvegar og vegamót Gullinbrúar við Hallsveg annarsvegar og Fjallkonuveg hinsvegar. Árið 2018 var keyptur og settur upp skynjarabúnaður IP3257 fyrir Hringbraut - Njarðargötu til að framkvæma þversniðstallingar vestan Njarðargötu. Keyptur ýmiss búnaður og settur upp vegna gagnasamskipta. Keypt voru ljósker og hnappabox fyrir Kringlumýrarbraut - Listabraut, einnig fyrir Kringlumýrarbraut - Hamrahlíð og Miklabraut - Langahlíð. Keyptur var umferðarljósabúnaður fyrir Sæbraut (Katrínartún, Snorrabraut og Frakkastígur). Að lokum var um uppfærslu á búnaði að ræða fyrir svokallað Scala.

Kostnaður	m.kr.
2015	16
2016	14
2017	36
2018	45
Samtals	111

**Bætt umferðarljós,  
almenningsgöngur**

**Umfang verks:** Lagfæringar og endurbætur á gatnamótum á höfuðborgarsvæðinu til að greiða fyrir umferð.

**Framkvæmdaform:** Útboð og samningar.

Fjármögnun	m.kr.
Fjárlög 2018	200
Fært á verk 2018	-118
Samtals	82

**Kostnaður 2018:** Kostnaður við verkefnið er tilgreindur þar sem gerð er grein fyrir einstökum verkefnum.

**Öryggisaðgerðir**

**Umfang verks:** Aðgerðir til að auka umferðaröryggi á umferðarmestu vegunum á höfuðborgarsvæðinu.

**Framkvæmdaform:** Útboð og samningar.

Fjármögnun	m.kr.
Fjárlög 2018	100

**Verkframing:** Á árinu var haldið áfram að skipta út hættulegum teinagirðingum á milli akbrauta á höfuðborgarsvæðinu og settar upp hættuminni netgirðingar. Skipt var út um 2,2 km af teinagirðingum fyrir netgirðingar á árinu. Sett voru upp vegrið á Höfðabakka, Reykjanesbraut, Hafnarfjarðarvegur, Reykjanesbraut og Breiðholtiðbraut. Fláar og vegsvæði voru lagfærð á Grindavíkurvegi og Reykjanesbraut fyrir ofan Keflavík. Bætt lýsing á gangbrautum á Miklubraut og Arnarnesvegi.

**Verktaki:** HK. Haralds ehf., Reykjavík, Árni Garðar Svavarsson Reykjavík, Fliótur verktaki sf., Fliótavík ehf., GG. Sigurðsson ehf., Íslenskir aðalverktakar ehf., K.P. Ásmundsson ehf., Sigurður Guðjónsson V.S. ehf., Orka náttúrunnar ehf., o.fl.

Kostnaður	m.kr.
2018	93

**Hjóla- og göngustígar**

**Umfang verks:** Gerð stofnstíga, hjóla- og göngustíga á höfuðborgarsvæðinu samkvæmt sérstöku samkomulagi við sveitarfélögin um þátttöku Vegagerðarinnar í kostnaði.

**Framkvæmdaform:** Útboð á vegum sveitarfélaganna.

Fjármögnun	m.kr.
Fjárlög 2018	198
Flutt af öðrum verkum	15
Samtals	213

**Verkframing:** Í Reykjavík var unnið við hjólastíga, meðfram Kringlumýrarbraut sunnan Miklubrautar, meðfram Sæbraut, meðfram Bústaðavegi við Veðurstofu og meðfram Suðurlandsbraut við Álþeima. Í Kópavogi var unnið við hjólastíg meðfram Lindarvegi. Í Árborg var unnið við malbikun 1. áfanga fjörustígs á milli Eyrarbakka og Stokkseyrar og unnið við undirbyggingu stígs frá vegamótum við Stekka að Tjarnarbyggð. Í sveitarfélaginu Ölfusi var unnið við undirbyggingu stígs frá Óseyrarbraut að verksmiðju Lýsis við Suðurstrandarveg, alls um 4,2 km.

**Verktakar:** Ýmsir verktakar samkvæmt samningum við sveitarfélögin og Vegagerðina.

Kostnaður 2018	m.kr.
Sameiginlegur kostnaður	7
Reykjavík	160
Kópavogur	8
Hafnarfjörður	0
Grindavík	0
Árborg	20
Ölfus	18
Snæfellsbær	0
Eyjafláasveit	0
Samtals	213

**Brú á Þverá hjá Odda**

**Umfang verks:** Bygging brúar á Þverá hjá Odda ásamt veltengingu milli Landeyjavegar og Oddavegar.

**Framkvæmdaform:** Rangárþing ytra er eigandi vegar og brúar og framkvæmdaraðili en ríkið styrkir framkvæmdina.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2016	
Undirbúningur verka utan áætlunar	3
Viðbót í fjárlögum 2016	50
Samtals	53

**Verkframing:** Á árinu 2016 var unnið að hönnun og öðrum undirbúningi verkefnisins. Árið 2017 lét sveitarfélagið framleiða og reka niður steypa niðurrekstrarstaura undir sökkla fyrir nýja brú. Engin kostnaður 2018. **Skýring:** Veltenging um Þverá milli Landeyjavegar og Oddavegar er ekki hluti af þjóðvegakerfinu, en gert var samkomulag við Rangárþing ytra um verkefnið með þeim hætti að Vegagerðin legði til hönnun brúarinnar og 50 m.kr. framlag af viðbótartíð í fjárlögum 2016 yrði greitt til sveitarfélagsins í samræmi við framvindu verksins og að Rangárþing ytra greiddi kostnað umfram þær fjárheimildir.

Kostnaður	m.kr.
2016	3
2017	26
2018	0
Samtals	29

**Hönnun og undirbúningur verkefna, Suðursvæði**

Hér að neðan er greint frá hönnunar- og undirbúningskostnaði framkvæmda á Suðursvæði sem ekki hafa sérstaka fjárveitingu í vegáætlun

Fjármögnun:	m.kr.
Fjármögnun fyrir 2018	744
Vegáætlun 2018	63
Samtals	807

Verkefni: Ár:	Ár	Kostnaður í m.kr.																Sam- tals
		2005	06	07	08	09	10	11	12	13	14	15	16	17	18	18		
Hringvegur 1-a2, Núpsstaður – Dalshöfðavegur		0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	2	8	11		
Hringvegur 1-a3, Dalshöfðavegur – Foss		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	4	4	8		
Hringvegur 1-a4, Foss – Klausturvegur		0	0	0	0	0	2	2	0	0	0	0	0	0	0	4		
Hringvegur 1-b4 um Mýrdal		0	0	0	3	1	0	0	1	1	0	0	0	1	5	12		
Hringvegur 1-b5 um Jökulsá á Sólheimasandi		2	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	3		
Hringvegur 1-b7, Raufarfellsvegur – Sandhólmevegur		0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	1		
Hringvegur 1-d2, Selfoss – Markarfljót		0	0	0	2	0	0	2	1	0	0	1	0	0	0	6		
Hringvegur 1-e2, Nesjavallaleið – Breiðholtsbraut		0	0	6	23	22	28	6	5	1	0	0	1	0	0	92		
Hringvegur 1-f2, Nesbraut (49-01) – Úlfarsfellsvegur		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	5	5		
Hringvegur 1-f3, Úlfarsfellsvegur – Reykjavegur		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	8	8	8		
Hringvegur 1-f5/f7, Kjalarnes breikkun		0	5	2	35	20	1	0	0	0	0	1	1	9	8	82		
Dalavegur 22-01, Básaskersbryggja – Hátún		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	1	0	0	2		
Búðafossvegur 23-01, brú á Þjórsá		0	0	0	0	12	2	0	0	0	0	1	6	0	0	21		
Skeiða- og Hrunamannavegur 30-04, um Stóru Laxá		0	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2		
Skeiða- og Hrunamannavegur 30-08, Einholtsvegur – Biskupstungnabraut		0	0	0	3	1	0	0	0	0	0	0	4	0	8	8		
Þjórsárdalsvegur 32-02, Þverá á Þjórsárdalsvegi		0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	1		
Eyrbakkavegur 34-02, Selfoss – Gaulverjabæjarvegur (33-04)		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	1		
Biskupstungnabraut 35-02, Þingvallavegur (36) – Búrfellsvegur (35)		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	2		
Biskupstungnabraut 35-08, Laugarvatnsvegur – Hrunamannavegur		0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	1	0	0	0	2		
Kjalvegur 35-12, Hagavatnsvegur – Hvítanesleið		0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	0	0	0	0	2		
Þingvallavegur 36-12, Skeggjastaðir – Hringvegur		0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	4	1	1	8	8		
Hafnarfjarðarvegur 40-04, Vífilsstaðavegur – Fjarðarbraut		3	1	1	0	17	10	1	0	0	0	0	19	0	0	52		
Reykjanesbraut 41-02, Faxagata – Hafnarfjarðarvegur		3	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	4		
Reykjanesbraut 41-04, Holtavegur (454) – Nesbraut (49-03)		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	7	7		
Reykjanesbraut 41-14, Kaldárselsvegur – Krýsuvíkurvegur		0	13	8	9	37	59	8	5	1	0	1	4	0	0	145		
Reykjanesbraut 41-15, Fjarðarbraut – Vatnsleysustrandarvegur		0	0	0	0	2	3	9	2	0	0	0	35	1	4	56		
Reykjanesbraut 41-21, Grænás – Garðskagavegur		0	0	0	8	1	2	0	0	0	0	1	0	0	0	12		
Reykjanesbraut 41-22, Garðskagavegur – Flugstöð		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	1	0	0	3		

Verkefni: Ár:	Ár	Kostnaður í m.kr.																Sam- tals
		2005	06	07	08	09	10	11	12	13	14	15	16	17	18	18		
Krýsuvíkurvegur 42-02, Hringtorg við Hellnahraun		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	1
Hafnavegur 44-01, Reykjanesvegur – Flugvöllur		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	7	0	7
Kjósarskarðsvegur 48-01, Hvalfjarðarvegur – Meðalfellsvegur		0	0	3	20	22	5	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	50
Nesbraut 49-03, strætórein austan Grensás		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	0	0	2
Nesbraut 49-04, strætórein við Klambatún		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Landeyjavegur 252-02, Bakkavegur – Kanastaðir		0	0	0	1	1	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	3
Landeyjavegur 252-04, Akureyjarvegur – Grímsstaðavegur		0	0	0	1	1	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	3
Þingskálavegur 268-01, Rangárvallavegur – Þingskálar		0	0	0	0	0	0	1	2	3	0	0	0	0	0	0	0	6
Hagabraut 286-01, Landvegur – Heiðarbraut		0	0	0	1	5	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	7
Oddgeirshólavegur 304-01, Hringvegur – Oddgeirshólar		0	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1
Hamarsvegur 308-01, Gaulverjabæjarvegur – Villingaholtsvegur		0	0	0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	1
Reykjavegur 355-01, Biskupstungnabraut – Laugarvatnsvegur		0	0	0	6	3	1	2	1	2	28	26	29	0	0	0	0	98
Grafningsvegur efri 360-02, Grafningsvegur neðri – Nesjavellir		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	5	0	0	0	0	5
Arnarnesvegur 411-06, Rjúpnavegur – Breiðholtsbraut		0	0	0	6	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	7
Breiðholtsbraut 413-02, Breiðholtsbraut göngubrú		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	0	0	0	0	2
Bláfjallavegur 417-02, Bláfjallaleið – Krýsuvíkurvegur		0	0	0	0	0	2	2	0	0	0	2	0	0	0	0	0	8
Bústaðavegur 418-01, Hafnarfjarðarvegur (40) – Gamla Hringbraut		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	8	8
Vatnsleysustrandarvegur 420-01, hringtorg – Vogavegur		0	0	0	0	0	0	1	1	0	0	0	0	0	0	0	0	2
Hallsvegur 432-01, Hringvegur – Höfðabakki		0	0	7	7	3	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	17
Nesjavallaleið 435-01, Hafravatnsvegur – sýslumörk		0	2	1	1	1	2	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	7
Ofanbyggðavegur 480-01, ofan Hafnarfjarðar		1	8	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	9
Kaldadalsvegur 550-01, Þingvallavegur – Smjörbrekka		0	0	0	0	2	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	3
Hvammsvegur 2791-01, Landvegur – Hvammur		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
<b>Samtals</b>		<b>9</b>	<b>32</b>	<b>28</b>	<b>126</b>	<b>153</b>	<b>120</b>	<b>36</b>	<b>21</b>	<b>9</b>	<b>29</b>	<b>39</b>	<b>112</b>	<b>30</b>	<b>63</b>	<b>807</b>		

**Vestursvæði**

**52 Uxahryggjavegur  
02 Borgarfjarðarbraut – Gröf**

*Umfang verks:* Endurbýgging Uxahryggjavegar á 3,8 km löngum kafla frá Borgarfjarðarbraut að Gröf. Verkið innifelur breytingu á legu vegar, undirbýggingu, öryggissvæði, endurnýjun ræsa, lögn burðarlags og slitlags, gerð tenginga og frágang. *Framkvæmdaform:* Útboð. *Kostnaðaráætlun:* 228 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2016	7
Fjárlög 2017	
Flutt af 0052021T	81
Fjárlög 2018	115
Samtals	202

*Verkframingvinda:* Verkið var boðið út í júlí 2017. Framkvæmdir hófust í október með niðurstetningu ræsa og gerð fyllinga. Árið 2018 lauk verki með lögn á seinna lagi klæðingar og frágangi utan vegar.

*Verktaki:* Borgarverk ehf.

Kostnaður.	m.kr.
2016	7
2017	71
2018	124
Samtals	202

**54 Sæfellsnesvegur  
10 um Fróðárheiði**

*Umfang verks:* Endurbýgging á 5 km kafla Snæfellsnesvegur yfir Fróðárheiði frá Valavatni að gatnamótum Snæfellsnesvegur og Útnesvegur. Verkið innifelur breytingu á legu vegar ásamt endurbýggingu vegarins á köflum, undirbýggingu, endurnýjun ræsa, lögn burðarlags og slitlags ásamt gerð tenginga og frágangi raskaðs svæðis. *Framkvæmdaform:* Útboð. *Kostnaðaráætlun:* 400 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Flutt af öðrum verkum 2017	2
Fjárlög 2018	250
Samtals	252



Laxárdalsvegur (59), vegamót við Vestfjarðaveg (60).

*Verkframingvinda 2017:* Unnið við að kostnaðargreina og meta mismunandi valkosti. Verkið var boðið út í nóvember 2018 og var samið við verktaka. *Verktaki:* Borgarverk ehf.

Kostnaður.	m.kr.
2017	2
2018	19
Samtals	21

**54 Sæfellsnesvegur  
21-22 um Skógarströnd**

*Umfang verks:* Fyrirhugð endurbýgging Snæfellsnesvegur á Skógarströnd. *Framkvæmdaform:* Útboð. *Kostnaðaráætlun:* 125 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Fjárlög 2017	25
Fjárlög 2018	100
Samtals	125

*Verkframingvinda:* Árið 2017 var unnið að frumdrögum að nýjum vegi frá Hörðudalsá að Bíldhóli. Unnið við hönnun og undirbúning 2018 og stefnt að útboði vorið 2019.

Kostnaður.	m.kr.
2017	2
2018	5
Samtals	7

**59 Laxárdalsvegur  
01 Þrándargil – Gröf**

*Umfang verks:* Endurbýgging Laxárdalsvegur á 5,8 km kafla á Laxárdalsvegi frá Þrándargili að Gröf. Verkið innifelur lagfæringu á undirbýggingu og öryggissvæðum, endurnýjun ræsa, lögn burðarlags og slitlags, gerð tenginga og frágang. *Framkvæmdaform:* Útboð. *Kostnaðaráætlun:* 219 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2015	3
Vegáætlun 2016	156
Fjárlög 2017	123
Fjárlög 2018	
Tengivegir	8
Samtals	290

*Verkframingvinda:* Verkið var boðið út í maí

2016. Framkvæmdir hófust 4. júlí. Verkinu var lokið með einföldu klæðingarlagi 28. september. Árið 2017 var unnið við að leggja seinna lag klæðingar ásamt lagningu reiðvegur sem og girðingar kláraðar. Aðalverktaki lauk við alla verkþætti sem snéru að honum. Ekki náðist að klára hluta reiðvegur og var verklokum frestað til 2018. Reiðvegagerð lokið 2018 ásamt áburðargjöf.

*Verktaki:* Borgarverk ehf., Borgarnesi.

Kostnaður	m.kr.
2015	3
2016	230
2017	37
2018	11
Samtals	281

**59 Laxárdalsvegur  
02 Gröf – Lambeyrar**

*Umfang verks:* Endurbýgging Laxárdalsvegur á 4,4 km kafla á Laxárdalsvegi frá slitlagsenda í Grafarlandi að Lambeyrum. Verkið innifelur lagfæringu á undirbýggingu, öryggissvæðum, endurnýjun ræsa, lögn burðarlags og slitlags, gerð tenginga og frágang.

*Framkvæmdaform:* Útboð. *Kostnaðaráætlun:* 219 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Viðbótarfé 2018	200

*Verkframingvinda:* Verkið var boðið út í ágúst 2018 og var unnið við undirbýggingu, endurnýjun ræsa og útlögn styrktarlags.

*Verktaki:* Borgarverk ehf., Borgarnesi.

Kostnaður	m.kr.
2017	2
2018	90
Samtals	92

**60 Vestfjarðavegur  
25-28 Bjarkalundur – Eyri**

*Umfang verks:* Vegagerðin áætlað að byggja nýjan Vestfjarðaveg milli Bjarkalundar og Melaness í Reykhólahreppi. Framkvæmd þessi var lögð fram til mats á umhverfisáhrifum á árinu 2005.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2009	5
Vegáætlun 2010	6
Fjárlög 2011	5
Vegáætlun 2012	18
Vegáætlun 2013	7
Vegáætlun 2014	9
Vegáætlun 2015	50
Vegáætlun 2016	300
Fjárlög 2017	200
Flutt á önnur verk 2018	-244
Samtals	356



Vestfjarðavegur (60), vegfylling og brú í Kjálkafirði.

*Verkframingvinda:* Unnið hefur verið að undirbúningi og hönnun verksins. Framkvæmdin var lögð fram til mats á umhverfisáhrifum á árinu 2005. Á árinu 2015 var óskað eftir endurupptöku á hluta úrskurðar Skipulagsstofnunar, nánar tiltekið þess hlutar sem varðar leið B um Teigsskóg. Fallist var á beiðni Vegagerðarinnar um endurupptöku. Árið 2016 var unnið að gerð frummatsskýrslu og matsskýrslu ásamt öðrum undirbúningi. Árið 2017 lagði Vegagerðin fram matsskýrslu til Skipulagsstofnunar í febrúar. Í álitum Skipulagsstofnunar kom fram að áður en ákvarðanir verði teknar um þveranir fjarðanna þurfi frekari rannsóknir á straumum og botnseti. Einnig kom fram að breyta þyrfti aðalskipulagi Reykhólahrepps. Á árinu var farið í rannsóknvinnu í samræmi við kröfur Skipulagsstofnunar og nauðsynlega vinnu og samráð við sveitarfélagið vegna breytingar á aðalskipulagi. Einnig var unnið að samningum við landeigendur. Áfram var unnið að tæknilegum undirbúningi verksins. Í mars 2018 samþykkti sveitarstjórn að velja svokallaða Þ-H leið um Teigsskóg en mánuði síðar ákvað sveitarstjórn að láta vinna óháð mat á mögulegum valkostum um leiðarval. Matið var unnið af norska

ráðgjafafyrirtækinu Multiconsult og lögðu þeir til að skoðuð yrði ný veglína um Reykjanes með þverun við utanverðan Þorskafjörð. Sveitarstjórn frestaði í kjölfarið að auglýsa nauðsynlega skipulagsbreytingu meðan þessi valkostur yrði skoðaður nánar. Vegagerðin lagði síðan fram frumathugun á þeim kosti en taldi hann ekki jafn góðan fyrri tillögu um Þ-H leiðina. Eftir umbeðnar leiðbeiningar frá sveitarfélaginu lagði Skipulagsstofnun til að gerð verði óháð valkostagreining fyrir mismunandi leiðir. Í desember skilaði ráðgjafafyrirtækið Viaplan valkostaskýrslu til sveitarstjórnar.

Kostnaður	m.kr.
2009	5
2010	6
2011	5
2012	18
2013	7
2014	9
2015	26
2016	80
2017	78
2018	52
Samtals	286

**60 Vestfjarðavegur  
31 Eiði – Þverá**

*Umfang verks:* Ný- og endurlögn á 15,9 km löngum kafla Vestfjarðavegar frá Eiði, milli Vattarfjarðar og Kerlingarfjarðar, að Þverá í Kjálkafirði. Smíði á tveimur brúum, 160 m langri á Mjóafjörð og 116 m langri á Kjálkafjörð. *Framkvæmdaform:* Vegagerð, bygging brúa og framleiðsla niðurrekstrarstaura, útboð. Niðurrekstur staura, samningur. *Kostnaðaráætlun:* 3.341 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Fjárlög 2009	19
Vegáætlun 2010	31
Fjárlög 2011	84
Vegáætlun 2012	1.000
Flutt á önnur verk 2012	-53
Vegáætlun 2013	1.000
Vegáætlun 2014	1.340
Flutt af 60-28, 2014	11
Vegáætlun 2015	450
Millifært á önnur verk 2015	-110
Millifært á önnur verk 2016	-8
Millifært á önnur verk 2018	-5
Samtals	3.759

*Verkframingvinda:* Á árunum 2009-2011 var unnið að hönnun og undirbúningi verksins, rannsóknum og mati á um-

hverfisáhrifum. Verkið var boðið út í febrúar 2012 og hóf verktaki framkvæmdir í byrjun júní með vinnu við gerð hafnaraðstöðu fyrir efnisflutninga-pramma í Mjóafirði. Siglt var með efni í þverun Mjóafjarðar en efni ekið í þverun Kjálkafjarðar. Einnig unnið að vegagerð út Kjálkafjörð. Fyllingum í Kjálkafirði út fyrir brúarstæðið lauk í mars 2013 og lokið var við niðurrekstur staura fyrir brú í apríl. Byrjað var á brúargerð í maí og var lokið við að steypa Kjálkafjarðarbrú 1. september. Neðstu lög fyllinga í Mjóafirði voru flutt með pramma en ekið með efri lögin. Fyllingum út fyrir brúarstæði í Mjóafirði lauk í júlí 2013 og niðurrekstri staura í nóvember. Á árinu 2013 var einnig unnið við skeringar og fyllingar á Eiðinu, í Mjóafirði, Kerlingarfirði og Kjálkafirði ásamt efnisvinnslu. Á árinu 2014 var lokið var fyllingu og rofvörn í Kjálkafirði í júní og klæðing komin á í júlí. Einnig var lokið við vegagerð út með Kjálkafirði að austanverðu og um Litlanes og inn í Kerlingarfjörð og sá kafli klæddur í byrjun september. Byrjað var á vinnu við brúargerð í Mjóafirði í apríl. Því verki lauk í ágúst og var fylling yfir fjörðinn klárað og unnið við rofvörn á fyllingunni. Umferð var sett á allan nýja veginn fyrir júlí 2014. Á árinu 2015 var lokið við að setja klæðingu á kaflann frá slitlagsenda í Vattarfirði og að vinnubúðum í Kerlingarfirði, alls 5,6 km og þar með var allt verkið komið með

klæðingu. Einnig var kláraður frágangur á öllu verkinu, brotnar niður brýrnar á Skiptá og Kjálkafjarðará sem og frágangur á aflögðum vegi. Verkið var formlega tekið í notkun með vígslu þann 11. september 2015. Árið 2016 var unnið við uppgæðslu með sáningu og áburðargjöf. Árið 2017 var unnið við áburðargjöf og uppgjör við verktaka verksins á geymslufé vegna vinnubúða. Árið 2018 var tekin loka yfirferð með áburðargjöf.

**Verktakar:** Vegagerð og bygging brúa: Suðurverk hf., Kópavogi. Niðurrekstrarstaurar fyrir brú á Kjálkafjörð: Loftorka ehf., Borgarnesi. Niðurrekstrarstaurar fyrir brú á Mjóafjörð: BM Vallá ehf., Reykjavík. Niðurrekstur staura: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður	m.kr.
2009	19
2010	31
2011	84
2012	396
2013	1.544
2014	1.138
2015	502
2016	12
2017	28
2018	5
Samtals	3.759

**60 Vestfjarðavegur**  
**39 Dýrafjarðargöng**  
*Umfang verks:* Gerð 5,3 km jarðganga milli Arnarfjarðar og Dýrafjarðar, 300 m langra vegskála og 7,8 km af nýjum vegum ásamt byggingu brúa á Mjólka og Hófsá.  
*Framkvæmdaform:* Útboð.  
*Kostnaðaráætlun:* 12.356 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2006	22
Vegáætlun 2007	7
Vegáætlun 2008	17
Fjárlög 2009	60
Vegáætlun 2010	23
Fjárlög 2011	3
Vegáætlun 2012	20
Flutt á önnur verk 2012	-10
Flutt á önnur verk 2013	-4
Flutt á önnur verk 2014	-3
Vegáætlun 2016	100
Fjárlög 2017	1.500
Fjárlög 2018	3.500
Samtals	5.235

*Verkfrákvæmdaform:* Á árunum 2006-2013 var unnið að rannsóknunum, hönnun, mati á umhverfisáhrifum og öðrum undirbúningi verksins. Á árinu 2016 var unnið að verkhönnun og undirbúningi verksins og voru forvalsgögn vegna Dýrafjarðarganga send út í maí 2016. Útboðsgögn til valinna verktaka voru



Dýrafjarðargöng 2. febrúar 2018.

send út í desember. Árið 2017 voru tilboð opnuð 24. janúar. Samningur við aðalverktaka var undirritaður í Reykjavík 20. apríl 2017. Samningar um eftirlit með framkvæmdinni undirritaðir 17. maí. Vinna á verkstað við aðstöðusköpun og uppsetningu vinnubúða hófst í Arnarfirði 12. júní, vinna við forskeringu 17. júlí, og jarðgangagröftur hófst formlega Arnarfjarðarmegin 14. september með sprengingu samgönguráðherra, Jóns Gunnarssonar. Gangagröftur það sem eftir var árs gekk vel og var lengd ganga í lok árs 2017 orðin 821,5 m sem er um 15,5% af heildarlengd ganganna. Fram undir áramót var verið að ganga endanlega frá allri aðstöðu og hafin vinna við vegagerð frá munna niður að Hófsá. Árið 2018 var haldið áfram með gangagröft. Unnið var í Arnarfirði til 22. september þegar flutt var yfir í Dýrafjörð. Gröftur í Dýrafirði hófst 12. október. Gangagröftur gekk mjög vel á árinu og var lengd ganga í lok árs 4.095,4 m, eða 77,3 %. Alls voru grafnir 3.274,3 m, frá Arnarfirði 2.836,1 m og frá Dýrafirði 438,2 m. Vinna við lagnir hófst Arnarfjarðarmegin. Áfram var unnið við vegagerð í Arnarfirði, fyllingar eru langt komnar og neðra burðarlag á um 900 m af 3.000 m. Vinna hófst við vegagerð í Dýrafirði, unnið frá báðum endum. Fyllingar langt komnar á um 1.500 m langan kafla af um 5.000 m. Vinna hófst einnig við brýr á Mjólka og Hófsá. Búið er að steypa sökkla og stöpla í Mjólka og sökkul og annan stöpul í Hófsá.

*Verktakar:* Jarðgangagerð og vegir að göngum ásamt brúm: Metrostav a.s., Tékklandi og Suðurverk ehf., Kópavogi. Eftirlit: Efla hf. og Geotek ehf.

Kostnaður:	m.kr.
2006	22
2007	7
2008	17
2009	60
2010	23
2011	2
2012	2
2013	2
2016	98
2017	1.490
2018	2.598
Samtals	4.321

**61 Djúpvegur**  
**34 Hestfjarðará – Eyrarkirkjuvegur**  
*Umfang verks:* Nýbygging 7 km kafla frá Leiti í Hestfirði að Eyri í Seyðisfirði. Verkið innifelur lagfæringar á núverandi vegi ásamt nýbyggingu að stórum hluta, gerð undirbyggingar öryggissvæða, endurnýjun ræsa, útlögn burðarlags og slitlags, tengingar og frágang yfirborðs.



Arnarvatnsvegur (578), brúargerð á Norðlingafliót.

*Framkvæmdaform:* Útboð.  
*Kostnaðaráætlun:* 600 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Flutt af öðrum verkum 2017	12
Fjárlög 2018	162
Samtals	174

*Verkfrákvæmdaform:* Árið 2017 var unnið að kynningarskýrslu og frumhönnun vegarins. Byrjað á jarðvegskönnunum og undirbúningi borana. Verkið var boðið út í desember 2018 og samið við verktaka í framhaldi af því. Unnið var að samningagerð við landeigendur og er því lokið.

*Verktaki:* Suðurverk ehf., Kópavogi.

Kostnaður.	m.kr.
2017	12
2018	13
Samtals	25

**61 Djúpvegur**  
**38 Súðavíkurhlíð snjóflóðavarnir**  
*Umfang verks:* Gerð snjóflóðaskápa og uppsetning á 110 m löngum stálpilum.  
*Framkvæmdaform:* Útboð.  
*Kostnaðaráætlun:* 92 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2016	130
Fjárlög 2017	120
Flutt á önnur verk 2017	-48
Fjárlög 2018	0
Samtals	202

*Verkfrákvæmdaform:* Á árinu 2016 var lokið við gerð tveggja snjóflóðaskápa. Efnid notað til að breikka veginn og auka

umferðaröryggi. Árið 2017 voru keypt stálpil fyrir áframhaldandi vinnu og skoðuð ný útfærsla á vegstæði til að auka öryggi. Boðin var út vinna við skápagerð og uppsetningu stálpils í desember 2018.

*Verktaki:* Tigur ehf., Súðavík.

Kostnaður	m.kr.
2016	82
2017	33
2018	2
Samtals	117

**578 Arnarvatnsvegur**  
**02 Norðlingafliót**  
*Umfang verks:* Um er að ræða smíði nýrrar brúar á Norðlingafliót. Brúin er í nýrri veglínu Brúin er 27 m löng stálbitabrú með timburgólfi í einu hafi. Brúin er með 3,6 m breiðri akbraut og 0,2 m breiðum brikum. Heildarbreidd brúar er 4 m. Landstöplar brúarinnar eru steyptir  
*Framkvæmdaform:* Útboð á brúarsmíði. Útboð á smíði stálbita.

Fjármögnun	m.kr.
Tengivegir 2018	50

*Verkfrákvæmdaform 2018:* Smíði stálbita og brúarsmíðin var klárað haustið 2018 og lokafrágangur vegar bíður til 2019

*Verktaki:* Munck ehf. sá um smíði stálbita og Vestfirskir verktakar ehf. sáu um smíði á brú.

Kostnaður	m.kr.
2018	62





**Norðursvæði**

**1 Hringvegur  
p7 um Akureyri**

*Umfang verks:* Fjárveiting er til hönnunar og framkvæmda vegna umferðaröryggisaðgerða á Hringvegi í gegnum Akureyri. Einnig til endurbýggingar á gatnamótum Hringvegur og Austurbrúar á Akureyri.

*Framkvæmdaform:* Útboð og að hluta til samningur við Akureyrarbæ.  
*Kostnaðaráætlun:* 200 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2014	1
Vegáætlun 2015	1
Vegáætlun 2016	100
Fjárlög 2017	100
Af öðrum verkum 2018	4
Samtals	206

*Verkfrákvinda:* Á árunum 2014-2016 var unnið að undirbúningi og hönnun vegna öryggisaðgerða. Á árinu 2016 var einnig greiddur kostnaður vegna breytinga á gatnamótum við Austurbrú, en framkvæmdin var í umsjón Akureyrarbæjar. Árið 2017 var unnið við undirbúning, hönnun og útboð vegna öryggisaðgerða á fimm gatnamótum. Gengið að mestu frá breytingum á Hringvegi við Austurbrú og umferðarljós endurnýjuð á fjórum gatnamótum. Breytingar og lagfæringar á fimm stöðum á Hringveginum frá Undirhlíð að Gránufélagsgötu voru boðnar út 2018 og gengið frá samningi við verktaka í apríl það ár. Unnið var við breikkun vegar norðan hringtorgs við Undirhlíð, gatnamót við Stórholt, gangbraut norðan Glerár og gatnamót við Gránufélagsgötu. Til stóð að gera talsverðar breytingar á svæðinu Tryggvabraut – Þórunnarstræti en þeim varð að fresta til 2019 vegna vinnu við hitaveituluðgn á svæðinu.



*Hringvegur (1), Glerárgata á Akureyri, vegamót við Borgarbraut/Tryggvabraut, 11. mars 2018.*

*Verktakar:* Á vegum Akureyrarbæjar.

Kostnaður	m.kr.
2014	1
2015	1
2016	41
2017	83
2018	48
Samtals	174

**1 Hringvegur  
r5 um Jökulsá á Fjöllum**

*Umfang verks:* Fjárveitingin er vegna undirbúnings og hönnunar brúar á Jökulsá á Fjöllum.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2005	3
Vegáætlun 2006	6
Vegáætlun 2007	4
Vegáætlun 2010	9
Vegáætlun 2011	2
Vegáætlun 2012	4
Vegáætlun 2013	8
Vegáætlun 2014	23
Vegáætlun 2015	12
Vegáætlun 2016	50
Fjárlög 2017	50
Flutt á önnur verk 2017	-66
Fjárlög 2018	10
Samtals	115

*Verkfrákvinda:* Á árunum 2005-2013 var unnið við jarðvegsathuganir og frumhönnun vegna brúar á Jökulsá á Fjöllum í nýrri veglínu sunnan núverandi brúar. Þegar jarðskjálftahrinna hófst í Bárðarbungu og í framhaldi af henni eldgos í Holuhrauni voru hugsanleg flóð í Jökulsá á Fjöllum vegna eldgoss í Bárðarbungu endurskoðuð og í framhaldi af því gerðar nýjar áætlanir um brú sem staðsett væri norðan núverandi brúar og er kostnaður á árunum 2014-2016 vegna þeirrar

endurskoðunar. Árið 2017 var unnið áfram við frumhönnun vegna brúar á Jökulsá á Fjöllum. Árið 2018, hönnun og annar undirbúningur.

Kostnaður	m.kr.
2005	3
2006	6
2007	4
2010	9
2011	2
2012	4
2013	8
2014	23
2015	12
2016	10
2017	4
Samtals	85

**85 Norðausturvegur**

**31 Finna fjörður – Bakkafjörður**

*Umfang verks:* Endurbýgging og bundið slitlag á samtals 20,5 km á Norðausturvegi. Endurbýggingin skiptist í tvo kafla, 3 km um Fell í Finnafirði og 17,5 km frá Hellulandi í Finnafirði að Skeggjastöðum í Bakkafirði.

*Framkvæmdaform:* Útboð.  
*Kostnaðaráætlun:* 972 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2016	7
Fjárlög 2018	75
Tengivegir	75
Samtals	82

*Verkfrákvinda:* Undirbúningur og hönnun.

*Verktaki:* Hönnun vegar, verkfræðistofan Mannvit.

Kostnaður	m.kr.
2016	7
2018	8
Samtals	15

**87 Kísilvegur**

**02 Geitafell – Kollóttuálda**

*Umfang verks:* Vegurinn frá Kollóttuáldu á Hólasandi að slitlagsenda hjá Geitafellsá endurbýggður og lagt á hann bundið slitlag, samtals 11,2 km. Lega vegarins óbreytt en vegfláar gerðir flatari til að auka umferðaröryggi.

*Framkvæmdaform:* Útboð.  
*Kostnaðaráætlun:* 360 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2016	15
Fjárlög 2017	102
Fjárlög 2018	259
Tengivegir	259
Samtals	376

*Verkfrákvinda:* Verkið boðið út í byrjun sumars 2017 og hófust framkvæmdir



*Kísilvegur (87), ristarlið sett niður, 27. júlí 2018.*

um mitt sumar. Unnið við lagfæringar á vegfláum, ræsi og við efnisvinnslu. Árið 2018 var unnið við vegfláa, styrkingu á vegi, efnisvinnslu og neðra lag klæðingar lagt á allan kaflann. Vegna tíðarfars um haustið tókst ekki að ljúka við frágang fláa eða að leggja efra lag klæðingar sem færast á árið 2019.  
*Verktaki:* Þrjú verktakar unnu verkið saman, Ístrúkkur ehf., Jón Ingi Hinriks-son ehf. og Steinsteypir Húsavík ehf.

Kostnaður	m.kr.
2016	15
2017	73
2018	265
Samtals	353

**711 Vatnsnesvegur  
03 um Tjarnará**

*Umfang verks:* Nýbygging á 1,2 km löngum kafla um Tjarnará ásamt byggingu á 66 m löngum steypum stökk í stað gamallar brúar. Einnig er innifalinn kostnaður við nýbyggingu á um 400 m löngum kafla á Þorgrímsstaðavegi þar sem hann tengist Vatnsnesvegi.  
*Framkvæmdaform:* Verkið var boðið út 2018 en aðeins eitt tilboð barst. Því var hafnað þar sem það var óaðgengilegt. Í framhaldi var ákveðið að láta brúaflokk Vegagerðarinnar byggja stökkinn og bjóða út veggerðina að nýju. Vinna við stökkinn hófst í nóvember 2018 og reiknað með að henni ljúki um mitt sumar 2019. Reiknað með að bjóða veggerðina að nýju fyrri part árs 2019.



*Vatnsnesvegur (711) um Tjarnará, jarðvegsrannsóknir fyrir framkvæmdir, 20. febrúar 2018.*

*Kostnaðaráætlun:* 270 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Fjárlög 2018	200

*Verkfrákvinda:* Byrjað að byggja stökkinn seinni part árs og unnið við sökkla.

*Verktaki:* Bygging á stökk, brúaflokkur Vegagerðarinnar.

Kostnaður	m.kr.
2018	41

**793 Skarðsvegur  
01 Siglufjarðarvegur**

**– skíðasvæði Skarðsdal**

*Umfang verks:* Nýbygging á 1,4 km löngum kafla á Skarðsvegi ásamt bílastæði. Kaflinn verður tenging að nýjum skíðaskála.

*Framkvæmdaform:* Útboð.  
*Kostnaðaráætlun:* 200 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2014	1
Vegáætlun 2015	2
Fjárlög 2017	100
Fjárlög 2018	100
Samtals	203

*Verkfrákvinda:* Unnið við hönnun og verkið boðið út seinni part sumars 2017. Lítið var unnið við verkið á árinu m.a. vegna þess hve seint var boðið út og fluttist framkvæmdin því yfir á árið 2018. Unnið var við fyllingar þegar veðurfar leyfði 2018 en aðstæður eru mjög erfiðar vegna efnisgerðar og bleytu í fjallinu. Ljóst að verkið mun taka lengri tíma en áætlað var.  
*Verktaki:* Árni Helgason ehf.

Kostnaður	m.kr.
2014	1
2015	2
2017	10
2018	40
Samtals	53

**816 Dagverðareyrvægarvegur 01 Hlaðir – Tréstaðir**

**Umfang verks:** Fyrirhugað að endurbyggja 1,5 km langan kafla af Dagverðareyrvægarvegi, frá Hlöðum að Tréstaðum.

**Framkvæmdaform:** Útboð.  
**Kostnaðaráætlun:** 47 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2016	2
Fjárlög 2017	54
Tengivegir	10
Fjárlög 2018	70
Viðbótarfé 2018	136
Samtals	272

**Verkfrávitind:** Árið 2017 var unnið við hönnun og verkið boðið út. Aðeins eitt tilboð kom í verkið og var það óaðgengilegt. Framkvæmdinni frestað til 2018. Verkið boðið út að nýju vorið 2018 og var því lokið um haustið að undanskildu efra lagi slitlags.

**Verktaki:** Víðimelsbræður ehf.

Kostnaður	m.kr.
2016	2
2017	4
2018	53
Samtals	59



Dettifossvegur (862), svarflag bíður þess að vera lagt í vegfláa, 19. júlí 2018.

**862 Dettifossvegur**

**Umfang verks:** Nýbygging á Dettifossvegi, köflum 02-04, frá Dettifossvegi vestri að Norðausturvegi, samtals 30 km, Tungnavegi niður í Hólmatungur 2,7 km, Vesturdalsvegi 2,5 km ásamt áningarstöðum við þessa vegi. Verkið hefur verið boðið út í eftirtöldum áföngum, fyrst of fremst með tilliti til fjárveitinga.

**04 Tóveggur – Norðausturvegur**  
Útboð 2014. Nýbygging á 3,24 km kafla og var þessum áfanga lokið 2015 að undanskildu efra lagi slitlags sem lagt var 2016.

**03 Ásheiði – Tóveggur**  
Útboð 2015. Nýbygging á 4,5 km kafla og var verkinu að fullu lokið haustið 2016.

**02 Dettifossvegur vestri – Hólmatungur**  
Útboð 2016. Nýbygging á 7,7 km löngum kafla frá Dettifossvegi vestri niður á móts við Hólmatungur. Undanskilið í útboðsverkinu var burðarlag og slitlag. Þessum áfanga lauk 2017.

**02 Dettifossvegur vestri – Súlnalækur**  
Útboð 2017. Innifalið í þessu útboði var burðarlag og bundið slitlag á kaflanum Dettifossvegur vestri – Hólmatungur. Auk þess nýbygging með slitlag á 2,7 km og nýbygging á 3,4 km þar sem undanskilið var burðarlag og slitlag.

**02-03 Súlnalækur–Vesturdalur**  
Viðbótarsamningur 2018 við útboðsverkið Dettifossvegur vestri – Súlnalækur um gerð undirbyggingar á 3,8 km kafla frá Súlnalæk að Vesturdal.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2009	4
Vegáætlun 2010	9
Vegáætlun 2011	20
Vegáætlun 2012	16
Vegáætlun 2013	23
Vegáætlun 2014	200
Fjárlög 2014	-200
Vegáætlun 2015	212
Almenn verkefni	400
Vegáætlun 2016	500
Fjárlög 2017	370
Fjárlög 2018	200
Fært af öðrum verkum 2018	54
Viðbótar fjármagn 2018	200
Samtals	2.008

**Verkfrávitind 2014:** Kaflinn frá Tóvegg að Norðausturvegi boðinn út og unnið við undirbyggingu vegarins.

**Verkfrávitind 2015:** Kaflanum frá Tóvegg að Norðausturvegi lauk í júní 2015, nema eftir var að leggja efra lag klæðingar og ganga frá áningarstað.

Kaflur frá Vesturdal að Tóvegg var boðinn út í júní 2015 (8,9 km), en vegna þess að tilboðin sem bárust voru óaðgengileg var áfanginn boðinn út aftur í júlí og var þá hafður styttri eða 4,5 km og var frá Ásheiði að Tóvegg. Unnið við undirbyggingu á kaflanum.

**Verkfrávitind 2016:** Lokið við kaflana frá Ásheiði að Norðausturvegi með



Dettifossvegur (862), efra burðarlag lagt út, 7. júní 2018.

bundnu slitlagi. Kostnaður 2017, eftirstöðvar vegna framkvæmda 2016. **Verkfrávitind 2017:** Lokið vinnu við byggingu kaflans frá Dettifossvegi vestri að Hólmatungum, að undanskildu burðarlagi og slitlagi. Kaflinn Dettifossvegur vestri að Súlnalæk boðinn út og unnið við undirbyggingu og að hluta styrktarlag á kaflanum frá Hólmatungum að Súlnalæk.

**Verkfrávitind 2018:** Lokið við undirbyggingu vegarins á kaflanum frá Súlnalæk að tengingu niður í Vesturdal. **Verktakar:** Árni Helgason ehf., Ólafsfirði á kaflanum Tóveggur – Norðausturvegur. P.S. verktakar ehf., Egilsstöðum með aðra útboðshluta.

Kostnaður	m.kr.
2009	4
2010	9
2011	20
2012	16
2013	23
2014	84
2015	381
2016	482
2017	442
2018	552
Samtals	2.013

**Bakkavegur Húsavíkur Bökugarður – Bakki**

**Umfang verks:** Framkvæmdin nær yfir gróft jarðganga, smíði vegskála við gangaenda, klæðingu ganga, jarðvatnslagnir og rafbúnað ásamt vegagerð í göngum og vegagerð frá höfn að göngum og frá göngum að iðnaðarsvæði ásamt brimvörn og lög vatnsveitu- og fráveitulagnar í göngin. Heildarlengd ganga með vegskálum er áætluð 992 m og heildarlengd nýrra vega um 2,1 km. Endurgera á hluta brimvarnar á Bökugarði og færa út

og framlengja hana síðan til norðurs meðfram vegi að gangamunna. Lengdin er um 400 m.

**Framkvæmdaform:** Útboð.  
**Kostnaðaráætlun:** 3.100 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2007	2
Fjárlög 2011	1
Fjárlög 2013	100
Vegáætlun 2014	650
Fjárlög 2014	-650
Vegáætlun 2015	850
Vegáætlun 2016	1.490
Afreiknað álag 2016	130
Fjárlög 2017	670
Af öðrum verkum 2017	252
Af öðrum verkum 2018	21
Samtals	3.516

**Verkfrávitind:** Á árunum 2007-2011 var unnið að skoðun á veglínunum og frumdrögum og í lok árs 2011 var fyrst minnst á jarðgöng og skoðaðar aðstæður í því sambandi. Á árinu 2012 voru mögulegar jarðgangaleiðir valdar til frekari rannsóknarholur og skrifuð jarðfræðiskýrsla um höfðann með hliðsjón af borunum og eldri göngum. Í lok árs voru mismunandi leiðir bornar saman og komist að þeirri niðurstöðu að jarðgöng væru ákjósanlegust.

Á árunum 2013 og 2014 var unnið að rannsóknum, hönnun og undirbúningi verksins. Forval verktaka vegna Bakkavegar Húsavíkur var auglýst 2. júní 2014. Óskum um þátttöku átti að skila inn í síðasta lagi 15. júlí 2014. Fjórir aðilar óskuðu eftir að fá að taka þátt í útboði vegna verkefnisins og uppfylltu allir sett skilyrði. Útboðsgögn voru send verktökum í lok júlí 2015. Tilboð voru opnuð 15. september. Samningur við verktaka var undirritaður 14. október

2015. Framkvæmdir hófust 5. október í námu og 19. október var byrjað að vinna við forskeringu. Unnið var við forskeringu að sunnan, lögna námuveggar að grjótnámu í Skurðsbrúnum og opnun hennar og auk þess uppsetningu vinnubúða. Útboð á eftirliti var sent út í júlí 2015 og var samningur undirritaður í desember. Árið 2016 var unnið við jarðgöng, efnisvinnslu, vegagerð og brimvarnargarð. Fyrsta sprenging í jarðgöngum var 10. mars og síðasta 24. ágúst. Unnið var við styrkingar á göngum og byrjað á lagnavinnu. Lokið var að mestu við undirbyggingu vegar, frágangi vegsvæðis og að hluta vinnu við burðarlag. Vinnu við brimvarnargarð var að mestu lokið á árinu 2016. Árið 2017 var verkinu að mestu lokið. Í göngum var unnið við styrkingar, lagnir, vegagerð, vegskála, tæknirými og raflagnir. Vegagerð var lokið með sementsfestun á burðarlagi, malbiki og yfirborðsmerkingum. Árið 2018 var unnið við frágang á tæknibúnaði, uppgjör við sveitarfélag vegna brunavarna og uppgjör við eftirlit. **Verktaki:** Leonhard Nilsen & Sønner AS, Noregi. Umsjón og eftirlit: Verkís hf., Reykjavík og Mannvit hf., Kópavogi.

Kostnaður	m.kr.
2007	2
2011	1
2013	62
2014	90
2015	311
2016	1.748
2017	1.281
2018	20
Samtals	3.515

**Skýringar:** Verkið er unnið í samstarfi við hafnarsjóð Norðurþings, sveitarfélagið Norðurþing og Orkuveitu Húsavíkur. Þessir aðilar eru verkkaupar að samtals um 12,5% af verkinu. Sá hluti er ekki innifalinn í kostnaðaráætlun.

**Hjóla- og göngustígar**

**Umfang verks:** Gerð stofnstíga, hjóla og göngustíga á Norðursvæði samkvæmt sérstöku samkomulagi við sveitarfélagin um þátttöku Vegagerðarinnar í kostnaði. **Framkvæmdaform:** Útboð á vegum sveitarfélaganna.

Fjármögnun	m.kr.
Fjárlög 2018	63
Flutt af öðrum verkum	16
Samtals	79

**Verktakar:** Ýmsir verktakar samkvæmt samningum við sveitarfélagin og Vegagerðina.

Kostnaður	m.kr.
2018	79
Eyjafjarðarsvæðið	79

**Hönnun og undirbúningur verkefna, Norðursvæði**

Hér að neðan er greint frá hönnunar- og undirbúningskostnaði framkvæmda á Norðursvæði sem ekki hafa sérstaka fjárveitingu í vegáætlun

Fjármögnun:	m.kr.
Fjármögnun fyrir 2018	283
Vegáætlun 2018	27
Samtals	310

Verkefni:	Ár	Kostnaður í m.kr.																Sam-tals
		2005	06	07	08	09	10	11	12	13	14	15	16	17	18			
Hringvegur 1-k9, Reykjabraut – Blönduós		0	0	1	0	3	5	4	7	1	0	0	0	0	0	21		
Hringvegur 1-m0, Svínvetningabraut – Blönduós		0	0	0	0	0	0	0	3	0	0	0	0	0	3			
Hringvegur 1-m3, Hvammur – Svínvetningabraut		0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1			
Hringvegur 1-m4, Svínvetningabraut – Víðivörðuháls		0	0	0	0	0	2	0	0	0	0	0	0	0	2			
Hringvegur 1-m5, Víðivörðuháls – Skagafjarðarvegur		0	0	0	1	0	0	3	4	0	0	0	0	0	8			
Hringvegur 1-m7 um Skagafjörð		0	0	0	0	3	2	0	0	0	0	1	0	0	6			
Hringvegur 1-p5, Ólafsfjarðarvegur – Dagverðareyrarvegur		0	0	0	0	0	1	1	1	5	4	0	0	0	12			
Hringvegur 1-q6 um Skjálfafljót		1	2	1	0	0	1	0	0	0	2	1	0	0	8			
Sprenghólsleið 26-12 til 26-16, Kvíslavegur – Nýdalur		0	0	0	0	0	0	5	2	1	46	19	-7	0	66			
Kjalvegur 35-16 um Kolkustíflu		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0			
Innstrandavegur 68-04, Laxárdalsvegur – Fossá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	1			
Innstrandavegur 68-05, Fossá – Guðlaugsvíkurvegur		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	2			
Skagastrandarvegur 74-01, Hringvegur – Þverárfjallsvegur		0	1	0	0	4	1	2	3	0	0	1	1	20	21	54		
Siglufjarðarvegur 76-08 um Flókadalsá		0	0	0	0	1	0	0	2	0	0	0	0	0	3			
Siglufjarðarvegur 76-09, Siglufjarðarskarðsgöng		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	1			
Siglufjarðarvegur 76-12, Hólavegur – Flugvallarvegur		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	1			



Skagastrandarvegur (74), Hringvegur – Þverárfjallsvegur. Breytt og betra vegstæði hefur verið í undirbúningi undanfarin ár.



Norðausturvegur (85) um Skjálfafljót.

Verkefni:	Ár	Kostnaður í m.kr.																Sam-tals
		2005	06	07	08	09	10	11	12	13	14	15	16	17	18			
Siglufjarðarvegur 76-13, Hafnarvegur – Norðurtún		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	0	0	2	
Norðausturvegur 85-02 um Skjálfafljót		1	1	0	0	2	6	2	0	16	3	1	2	0	0	34		
Norðausturvegur 85-04, Kísilvegur – Húsavík		0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1		
Norðausturvegur 85-27, Langanesvegur – sýslumörk		0	0	0	0	0	2	0	2	2	4	5	1	0	0	16		
Norðausturvegur 85-31, sýslumörk – Finnjarðará		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	7	0	0	7		
Kísilvegur 87-02, veðurstöð – Geitafellsá		0	1	2	3	4	0	0	0	0	0	0	15	0	0	25		
Vatnsnesvegur 711-03, Bergsstaðir – Þorgrímsstaðavegur		0	0	0	0	1	0	1	0	0	0	0	0	8	0	10		
Vatnsdalsvegur 722-01, Hringvegur – Undirfellsrétt		0	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1		
Skarðsvegur 793-01, Siglufjarðarvegur – Skíðasvæði		0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	2	0	0	0	3		
Hörgárdalsvegur 815-01, Hringvegur – Ólafsfjarðarvegur		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	0	1		
Dagverðareyrarvegur 816-01, Hringvegur - Ólafsfjarðarvegur		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	0	0	2		
Eyjafjarðarbraut vestri 821-01, Flugvallarvegur – Kristnesvegur		0	0	0	0	4	0	0	0	0	0	0	0	0	0	4		
Eyjafjarðarbraut vestri 821-01, Kristnesvegur – Miðbraut		0	0	1	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2		
Eyjafjarðarbraut eystri 829-02, Miðbraut – Eyjafjarðarbraut vestri		0	0	0	0	0	2	0	0	0	0	0	0	0	0	2		
Bárðardalsvegur vestri 842-01, Hringvegur – Hlíðarendavegur		0	0	0	1	0	0	1	0	0	0	0	6	1	0	9		
Mývatnssveitarvegur 848-01, Hringvegur – Garðsvegur		0	0	0	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	1		
Hverfjallsvegur 8816-01, Mývatnssveitarvegur – Hverfjall, gönguleið		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	1		
Samtals		2	6	6	6	23	23	19	24	25	60	31	28	30	27	310		

**Austursvæði**

**1 Hringvegur u4 um Berufjarðarbotn**

*Umfang verks:* Nýbygging vegar 4,9 km ásamt 50 m langri brú og vegtengingum að tveimur bæjum samtals 1,6 km.  
*Kostnaðaráætlun:* 1.270 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2009	1
Vegáætlun 2010	1
Vegáætlun 2011	1
Vegáætlun 2012	2
Vegáætlun 2013	1
Vegáætlun 2014	12
Vegáætlun 2015	29
Vegáætlun 2016	200
Fjárlög 2017	300
Fjárlög 2018	700
Samtals	1.247

*Verkfrávitind:* Á árunum 2009-2015 var unnið að hönnun og undirbúningi. Á árinu 2016 var unnið að samningum við landeigendur ásamt undirbúningi og verkhönnun fyrir útboð verksins. Verkið var boðið út í maí 2017. Framkvæmdir hófust í ágúst með fyllingu í sjó. Unnið var á árinu við fyllingar, bergskeringu, grjótvörn og efnisvinnslu ásamt framleiðslu niðurrekstrarstaura. Árið 2018 var unnið við vega- og

brúargerð ásamt sjófyllingu. Lokið var við brú og stærstan hluta af veginum. Sig varð á sjófyllingu sem seinkaði verklokum til 2019.  
*Verktaki:* Héraðsverk ehf., B.M. Vallá framleiddi niðurrekstrarstaura, vinnuflokkur Vegagerðarinnar sá um niðurrekstur.

Kostnaður	m.kr.
2009	1
2010	1
2011	1
2012	2
2013	1
2014	12
2015	29
2016	24
2017	326
2018	997
Samtals	1.394

**1 Hringvegur v8 um Hornafjarðarfljót**

*Umfang verks:* Nýbygging vegar, 18 km með fjórum brúm, yfir Bergá 52 m, yfir Hoffellsá 114 m, yfir Hornafjarðarfljót 250 m, yfir Djúpá 52 m, ásamt 4 vegtengingum samtals 3,6 km.  
*Framkvæmdaform:* Útboð á fyrsta áfanga, þ.e. undirbygging vegar á 4,3 km milli Hólmsár og Djúpár.  
*Kostnaðaráætlun:* 4.600 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2005	1
Vegáætlun 2006	26
Vegáætlun 2007	32
Vegáætlun 2008	10
Vegáætlun 2009	4
Vegáætlun 2010	3
Vegáætlun 2011	1
Vegáætlun 2012	3
Vegáætlun 2013	15
Vegáætlun 2014	23
Vegáætlun 2015	34
Vegáætlun 2016	88
Fjárlög 2017	200
Fjárlög 2018	150
Samtals	590

*Verkfrávitind:* Á árunum 2005-2013 var unnið að rannsóknum, frumdrögum og mati á umhverfisáhrifum verkefnisins. Á árunum 2014-2016 var unnið að for- og verkhönnun vegar og brúa ásamt samningum við landeigendur og undirbúningi útboðs. Árið 2017 sótti Vegagerðin um framkvæmdaleyfi til að hefja verk til sveitarfélagsins og áfram var unnið að samningum við landeigendur. Framkvæmdaleyfi var kært til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem tafði byrjun framkvæmda umtalsvert. Á haustmánuðum var fyrsti hluti verksins



Hringvegur (1) um Berufjarðarbotn, brúargerð, 23. júlí 2018.



Hringvegur (1), brúargerð á Stigá, 2. maí 2018.

boðinn út, þ.e. undirbygging vegar ásamt ræsagerð á 4,3 km löngum kafla milli Hólmsár og Djúpár. Árið 2018 var byrjað á undirbyggingu vegar á milli Hólmsár og Djúpár, en verkið fór í biðstöðu vegna ágreinings um forsendur í útboðsgögnum. Unnið í samningum við landeigaendur og gengið frá nokkrum þeirra.  
*Verktaki:* Jökulfell ehf.

Kostnaður	m.kr.
2005	1
2006	26
2007	32
2008	10
2009	4
2010	3
2011	1
2012	3
2013	15
2014	23
2015	34
2016	68
2017	97
2018	18
Samtals	335

**1 Hringvegur x5 Kvía í Öræfum**

*Umfang verks:* Um er að ræða byggingu 32 m langrar brúar ásamt samtals 0,8 km löngum vegtengingum við brúna.

Fjármögnun	m.kr.
Flutt af öðrum verkum 2017	5
Fjárlög 2018	250
Samtals	255

*Verkfrávitind:* Árið 2017 var unnið að undirbúningi og hönnun. Árið 2018 var unnið að undirbúningi og verkhönnun verks fyrir útboð.

Kostnaður	m.kr.
2017	5
2018	8
Samtals	13

**1 Hringvegur x6 Hólá Stigá**

*Umfang:* Byggðar nýjar tvíbreiðar 16 m langar brýr á Hólá og Stigá ásamt



Hringvegur (1), brú á Morsá, 23. janúar 2018.

0,5 km löngum vegtengingum við hvora brú.  
*Framkvæmdaform:* Útboð á bráðabirgðavegum, vegtengingum og framleiðsla á niðurrekstrarstaurum. Brúargerð: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar.  
*Kostnaðaráætlun:* 322 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Fjárlög 2017	
Breikkun brúa	41
Fjárlög 2018	
Breikkun brúa	299
Samtals	340

*Verkfrávitind:* Árið 2017 var unnið að hönnun og undirbúningi fyrir verkið. Framleiddir voru hluti af niðurrekstrarstaurum undir brýrnar. Unnið í aðstöðusköpun og undirbúningi vegna brúargerðar við Stigá. Árið 2018 var lokið við byggingu brúar og vegtengingum við brúna.  
*Verktakar:* B.M. Vallá, framleiddi niðurrekstrarstaura fyrir brýrnar, Jökulfell ehf. bráðabirgðavegir og vegtengingar og vinnuflokkur Vegagerðarinnar brúargerð.

Kostnaður	m.kr.
2017	41
2018	299
Samtals	340

**1 Hringvegur y0 um Morsá**

*Umfang verks:* Nýbygging á um 3 km löngum vegarkafli um farveg Skeiðarár ásamt 68 m langri nýrri brú á Morsá í stað brúar á Skeiðará.  
*Framkvæmdaform:* Útboð og samningur.



Norðfjarðargöng, hreinsun.

Kostnaðaráætlun: 430 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2014	1
Vegáætlun 2015	
Breikkun brúa	81
Vegáætlun 2016	
Breikkun brúa	100
Fjárlög 2017	
Breikkun brúa	360
Af öðrum verkum 2017	32
Af öðrum verkum 2018	5
Samtals	579

**Verkframingvinda:** Unnið var að hönnun og undirbúningi vegna vegar og brúar á árunum 2014 og 2015. Í lok árs 2015 var unnið að aðstöðusköpun fyrir brú á Morsá, niðurrekstur á staurum undir sökklá og byrjað á byggingu þeirra. Árið 2016 var byggð ný brú á Morsá og unnið að undirbúningi og hönnun fyrir útboð á gerð vegar. Árið 2017 var lokið við nýbyggingu vegar á um 3 km löngum kafia um farveg Skeiðarár að nýrri brú um Morsá. Árið 2018 voru greiddar bætur fyrir malarefni og land undir veg. **Verktakar:** VHE ehf. framleiddi niðurrekstrarstaura. Vinnuflokkur Vegagerðarinnar sá um framkvæmdir við brú á Morsá. Héraðsverk ehf. sá um nýbyggingu vegar.

Kostnaður	m.kr.
2014	1
2015	64
2016	294
2017	215
2018	5
Samtals	579

**92 Norðfjarðarvegur 10 Norðfjarðargöng**

**Umfang verks:** Gerð 7,9 km jarðganga milli Eskifjarðar og Norðfjarðar, lögn 7 km af nýjum vegum og bygging brúa á Eskifjarðará og Norðfjarðará. **Framkvæmdaform:** Útboð og samningar.

Kostnaðaráætlun: 12.100 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2006	1
Vegáætlun 2007	91
Vegáætlun 2008	88
Fjárlög 2009	36
Vegáætlun 2010	22
Fjárlög 2011	13
Vegáætlun 2013	
Jarðgangaáætlun	1.200
Vegáætlun 2014	
Jarðgangaáætlun	3.170
Vegáætlun 2015	
Jarðgangaáætlun	3.000
Vegáætlun 2016	
Jarðgangaáætlun	3.000
Afreiknað álag 2016	482
Bráðabirgðalán 2016	6
Fjárlög 2017	
Jarðgangaáætlun	2.230
Endurgreitt lán	-6
Afreiknað álag 2017	-241
Fjárukaalög 2017	200
Af öðrum verkum 2017	281
Af öðrum verkum 2018	341
Samtals	13.914

**Verkframingvinda:** Á árunum 2006-2010 var unnið að rannsóknum, leiðarvali

og undirbúningi jarðgangagerðar. Á árinu 2011 var unnið við áframhaldandi hönnun og samninga við landeigendur. Vegna fyrirsjáanlegs dráttar á framkvæmd var tekin sú ákvörðun að kosta til lagfæringa á Oddsskarðsgöngum á því ári. Á árinu 2012 var unnið að lokahönnun mannvirkja og fór forval vegna Norðfjarðarganga fram síðari hluta árs 2012. Útboðsgögn voru afhent í febrúar 2013 og tilbod opnuð í apríl. Samningur við aðalverktaka var undirritaður á Norðfirði 14. júní 2013 og hófst vinna á verkstað í byrjun september við uppsetningu aðstöðu verktaka. Vinnu við forskeringu Eskifjarðarmegin var lokið í byrjun nóvember og hófst jarðgangagröftur í framhaldi af því. Formleg ræsing jarðgangagraftar var gerð 14. nóvember. Í lok árs var búið að grafa 309 m frá Eskifirði. Vinna við forskeringu Norðfjarðarmegin hófst 22. nóvember. Til þess að jarðganga-verktaki kæmist að gangamunna Norðfjarðarmegin var sumarið 2013 gerður vegslóði í veglínunni frá Norðfjarðará og inn að gangamunna í Fannardal og bygging brúar á Norðfjarðará var boðin út í mars. Byggingu brúar lauk í október 2013. Í apríl 2013 var boðið út eftirlit með framkvæmdinni og samið við ráðgjafa í júní. Á árinu 2013 var gengið frá samningum við flesta landeigendur og Fjarðabyggð. Allt árið 2014 var unnið að greftri Eskifjarðarmegin og grafnir 2.396 m. Norðfjarðarmegin var lokið við forskeringu og hófst jarðgangagröftur 6. mars og voru grafnir 2.174 m á árinu þeim megin. Alls var búið að grafa um áramót 4.879 m eða 65% af göngum í bergi. Utan ganga var unnið

að sjávarfyllingu Eskifjarðarmegin og var henni lokið að um það bil þremur fjórðu hlutum. Norðfjarðarmegin var gerð vegfylling frá munna niður fyrir brú á Norðfjarðará. Um áramót var lokið um fjórðungi vegagerðar í Norðfirði. Árið 2015 var gangagreftri haldið áfram og var gegnumslag í september. Í lok árs var lokastyrking ganganna langt komin, en önnur vinna í göngum ekki hafin. Vegskáli Fannardalsmegin var steypur upp nema ein færa. Unnið var að vegagerð utan ganga og var gerð fyllinga mjög langt komin báðum megin en ekkert farið að vinna við neðra burðarlag nema efnisvinnslu. Boðin var út og smíðuð brú á Eskifjarðará, 58 m löng í þremur höfum. Fyllt var að brúnni. Á árinu 2016 var unnið við lok bergstyrkingar, lagnir og strengi í göngum, steinsteypuvirki vegskála og tæknirýma ásamt uppsetningu á vatnslæðingum. Útakstur burðarlags í veg í göngum hófst í febrúar 2017. Samhliða útlögn burðarlags lagði rafverktaki ídráttarrör og brunna. Vegur í göngunum var svo malbikaður í maí. Þá hófst vinna við rafbúnað með uppsetningu strengstiga. Jafnframt vann rafverktaki að ídrætti strengja í ídráttarrör. Mikil vinna var við að koma öllum búnaði fyrir í tæknirýmum, uppsetningu símaskápa, lokunar- og stjórnbúnaði. Unnið var að rafmagni til áramóta og samt var þó nokkuð eftir í árslok. Allt sumarið var unnið að vegagerð úti, lagningu burðarlags og frágangi. Allt slitlag á vegi utan ganga var lagt 2017, í júlí Eskifjarðarmegin og í október Norðfjarðarmegin neðra lag slitlags, efra lag beið til 2018. Göngin voru opnuð til umferðar 11. nóvember 2017 af

samgönguráðherra Jóni Gunnarssyni. Árið 2018 var fyrstu mánuðina unnið við frágang rafbúnaðar meðal annars frágang neyðarrýma sem var viðbótarverk. Finstilling á stjórnkerfi og endanlegur frágangur viðbragðsáætlunar fór fram á sama tíma. Vinna við frágang vegsvæða svæða við gangamunna og vinnusvæða í júní og var því lokið í ágúst. Gert var við skemmdir á vegi í Fannardal snemma í júní og að lokum lagt seinna klæðingarlag á vegi í ágúst. Stór brunnaefing slökkviliðs fór fram í göngunum 29 maí að viðstöddum fulltrúum slökkviliða ýmissa annarra ganga. **Verktakar:** Jarðgangagerð og vegir að göngum: Metrostav a.s., Tékklandi og Suðurverk hf., Kópavogi. Brýr á Norðfjarðará og Eskifjarðará: Vélsmiðja Hjalta Einarssonar ehf., Hafnarfirði. Niðurrekstur undir brýr: Vinnuflokkur Vegagerðarinnar. Eftirlit: Hnit hf.

Kostnaður	m.kr.
2006	1
2007	91
2008	88
2009	36
2010	22
2011	13
2012	89
2013	1.167
2014	3.699
2015	3.624
2016	2.279
2017	2.464
2018	308
Samtals	13.881

**93 Seyðisfjarðarvegur 02-03 Fjarðarheiðargöng**  
**Umfang verks:** Könnun á jarðganga-kostum undir Fjarðarheiði, milli Seyðisfjarðar og Fljótsdalshéraðs.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2014	
Jarðgangaáætlun	30
Vegáætlun 2015	
Rannsóknir	70
Vegáætlun 2016	
Rannsóknir	80
Álag á framkvæmdir	10
Fjárlög 2017	
Rannsóknir	70
Fjárlög 2018	70
Fært á önnur verk 2018	-29
Samtals	301

**Verkframingvinda:** Aðallega hafa verið skoðaðar tvær jarðgangaleiðir sem opnast á mismunandi stöðum Héraðsmegin, það er við Miðhúsaá og Dalhús. Unnið var að hönnun vegar að mögulegum munnastað í Seyðisfirði og á báðum ofanefndum stöðum á Héraði. Tillaga um munna Seyðisfjarðarmegin er í um 130 m hæð gegnt Gufufossi. Á Héraði er tillaga á báðum stöðum um munna í 130-140 m hæð og mælt með munna við Dalhús. Árið 2014 var einnig unnið að jarðfræðiathugunum og boruð 430 m djúp rannsóknarhola nærri miðri Fjarðarheiði, sem gagnast báðum jarðgangaleiðum. Ekki tókst að bora holuna eins djúpt og áætlað var en það minnkar gildi hennar ekki mikið. Á árinu 2015 vann Jarðfræðistofan ehf. áfram að jarðfræðiathugunum á yfirborði og undirbúningi á rannsóknarborun 2016.



Seyðisfjarðarvegur (93) á Fjarðarheiði.

Gerð voru drög að áhættugreiningu fyrir 13,5 km jarðgöng af HOJ Consulting GmbH í Sviss. Skrifuð var yfirlitsskýrsla um mengun frá jarðgöngum með sérstöku tilliti til Fjarðarheiðarganga sem verður að hluta grundvöllur mats á umhverfisáhrifum. Á árinu 2016 var unnið að rannsóknarborunum þar sem boraðar voru 5 kjarnaholur samtals um 1.300 m og 3 loftholur samtals um 300 m. Unnið var að áframhaldandi jarðfræðirannsóknnum ásamt frumhönnun vega utan jarðganga og brúar á Eyvindará. Árið 2017 var unnið að jarðfræðirannsóknnum og úrvinnslu og vegghönnun að gangamunnum. **Verktaki:** Rannsóknarborun: Geotækni ehf., Selfossi. Árið 2018 var lokavinna við jarðfræðiskýrslu vegna jarðfræðirannsóknna, mælingar og frumhönnun á vegtengingum, ráðgjafavinna vegna jarðgangaleiða til Seyðisfjarðar **Verktakar:** Rannsóknarborun 2014: Geotækni ehf., Selfossi. Rannsóknarborun 2016: Alvarr ehf., Reykjavík



Skriðdals- og Breiðdalsvegur (95), Skriðuvatn – Axarvegur, 9. apríl 2018.

Kostnaður	m.kr.
2014	64
2015	22
2016	87
2017	28
2018	10
Samtals	211

**93 Seyðisfjarðarvegur 03 Gagnheiðarvegur – Seyðisfjörður (Öryggisaðgerðir)**

**Umfang verks:** Endurbætur á vegsvæði yfir Fjarðarheiði á 8 svæðum á samtals 6,7 km og uppsetning vegriða á um 1,1 km. **Framkvæmdaform:** Útboð. **Kostnaðaráætlun:** 99 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2015	4
Vegáætlun 2016	100
Flutt á önnur verk 2017	-4
Samtals	100

**Verkframingvinda:** Verkið var fyrst boðið út í júlí 2016, en þar sem tilboð voru óaðgengileg var þeim hafnað og boðið út aftur í ágúst. Á árinu 2016 var að mestu lokið við fyllingar og endurbætur á vegsvæðum u.þ.b. 6 km og settir niður 1.116 m af víravegriði og 48 m af bitavegriði. Árið 2017 var unnið við rif gamallar brúar, ræsagerð, vegtengingar og lokafrágang á verkinu. Árið 2018 var unnið við frágang á vegsvæði og sett upp vegrið í Efri Staf og á hafnarsvæði á Seyðisfirði. **Verktakar:** Fyllingar og endurbætur: Héraðsverk ehf., Egilsstöðum. Vegrið: Rekverk ehf., Akureyri.

Kostnaður	m.kr.
2015	4
2016	71
2017	16
2018	8
Samtals	99

**94 Borgarfjarðarvegur 07 um Vatnsskarð**

**Umfang verks:** Endurbætur vegar með bundnu slitlagi á 8,8 km kafla yfir Vatnsskarð. **Framkvæmdaform:** Útboð. **Kostnaðaráætlun:** 480 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Viðbótarfé 2018	120

**Verkframingvinda:** Undirbúningur og hönnun vegar vegna útboðs. **Verktaki:** Héraðsverk ehf.

Kostnaður	m.kr.
2018	5

**94 Borgarfjarðarvegur 08 um Njarðvíkurskriður**

**Umfang verks:** Endurbýgging vegar með bundnu slitlagi á 4,8 km kafla frá Ytri Hvannagilsá og í gegnum Njarðvíkurskriður. **Framkvæmdaform:** Útboð. **Kostnaðaráætlun:** 420 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Viðbótarfé 2018	100

**Verkframingvinda:** Undirbúningur og hönnun verks fyrir útboð. Efnisvinnsla á burðarlaga og klæðingarefni. Byrjað á skeringu og fyllingum á kafla í Njarðvíkurskriðum. **Verktaki:** Myllan ehf. sá um efnisvinnslu

og Héraðsverk ehf. um vegagerð.

Kostnaður	m.kr.
2018	64

**95 Skriðdals- og Breiðdalsvegur 04 Skriðuvatn – Axarvegur**

**Umfang verks:** Nýr vegur með bundnu slitlagi á 6,1 km kafla um Skriðuvatn og inn undir Axarvegamót. **Framkvæmdaform:** Útboð. **Kostnaðaráætlun:** 515 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2012	1
Vegáætlun 2013	3
Fjárlög 2017	12
Fjárlög 2018	480
Samtals	496

**Verkframingvinda:** Unnið í skeringum og fyllingum á hluta vegarins ásamt efnisvinnslu á burðarlaga. **Verktaki:** Héraðsverk ehf. sá um vegagerð og Myllan ehf. um efnisvinnslu.

Kostnaður	m.kr.
2012	1
2013	3
2017	12
2018	165
Samtals	181

**94 Borgarfjarðarvegur 05 Breiðdalsá**

**Umfang verks:** Ný 14 m löng brú á Breiðdalsá ásamt 400 m vegtengingu að henni. **Framkvæmdaform:** Útboð. **Kostnaðaráætlun:** 143 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Viðbótarfé 2018	60

**Verkframingvinda:** Undirbúningur og hönnun verks til útboðs. Stálbitar í brúna framleiddir. **Verktaki:** Munck framleiddi stálbita.

Kostnaður	m.kr.
2018	15

**925 Hróarstunguvegur 04 um Urriðavatn**

**Umfang verks:** Endurbýgging á 1,28 km löngum kafla Hróarstunguvegar um Urriðavatn.

Fjármögnun	m.kr.
Vegáætlun 2016	1
Vegáætlun 2016	2
Fjárlög 2017	38
Fjárlög 2018	16
Tengivegir	16
Samtals	57

**Verkframingvinda:** Unnið var að undirbúningi og verkhönnun á árinu 2016. Árið 2017 var vegurinn endurbýggður, styrktur og lögð einföld klæðing. Seinna lag klæðingar var lagt 2018.

Kostnaður	m.kr.
2014-16	1
2017	51
2018	5
Samtals	57

**931 Upphéraðsvegur 03 Teigaból – Bolalækur**

**Umfang verks:** Endurbýgging vegar með bundnu slitlagi á 3,1 km frá Teigabóli og Bolalæk. Gerð hálfbogaplöturæsis í Hrafngerðisá í stað einbreiðrar brúar. **Framkvæmdaform:** Útboð. **Kostnaðaráætlun:** 138 m.kr.



931 Upphéraðsvegur (931), Hrafngerðisá, 27. febrúar 2018.



Helgustaðavegur (954) utan Mjóeyrar 25. júlí 2018.

Fjármögnun	m.kr.
Fjárlög 2017	3
Fjárlög 2018	45
Tengivegir	48
Samtals	48

**Verkframingvinda:** Unnið var að hönnun og undirbúningi og verkið boðið út. Ræsi yfir Hrafngerðisá var byggt og unnið að vegtengingum að því. **Verktaki:** Ylur ehf., Egilsstöðum.

Kostnaður	m.kr.
2017	3
2018	44
Samtals	47

**954 Helgustaðavegur 02 utan Mjóeyrar**

**Umfang verks:** Endurbýgging vegar með bundnu slitlagi á 1,0 km löngum kafla utan við Mjóeyri á Eskifirði.

Fjármögnun:	m.kr.
Vegáætlun 2015	1
Vegáætlun 2016	2
Verkefni utan áætlunar 2016	1
Fjárlög 2017	30
Tengivegir	34
Samtals	34

**Verkframingvinda:** Árið 2017 var vegurinn endurbættur og styrktur, skeringar lagfærðar ásamt rofvörn með vegi og ræsi endurnýjuð. Árið 2018 var lokið við styrktar- og burðarlaga og lagt fyrri lag klæðingar. **Verktaki:** Vinnuflokkar Vegagerðarinnar.

Kostnaður	m.kr.
2015	1
2016	1
2017	23
2018	16
Samtals	41

**Hjóna- og göngustígar á Austurlandi**

**Umfang verks:** Gerður 670 m langur hjóna- og göngustígur meðfram Hringvegi frá Smiðjuseli að Lagarfljótsbrú í Fellabæ á Fljótsdalshéraði. Stígurinn er 3 m breiður með 2,5 / 2 m breiðu malbiki. Stígurinn var gerður 2014-2015. **Framkvæmdaform:** Samningur við Fljótsdalshérað. **Kostnaðaráætlun:** 23 m.kr.

Fjármögnun	m.kr.
Fjárlög 2018	12

**Verkframingvinda:** Verkframingvæmd 2014-2015, en samkomulag um greiðslu 2018. **Verktaki:** Ylur ehf., KM malbikun.

Kostnaður	m.kr.
2018	12

**Hönnun og undirbúningur verkefna, Austursvæði**

Hér að neðan er greint frá hönnunar- og undirbúningskostnaði framkvæmda á Austursvæði sem ekki hafa sérstaka fjárveitingu í vegáætlun

Fjármögnun:	m.kr.
Fjármögnun fyrir 2018	203
Vegáætlun 2018	17
Samtals	220

Verkefni:	Ár	Kostnaður í m.kr.																Sam- tals
		2005	06	07	08	09	10	11	12	13	14	15	16	17	18			
Hringvegur 1-t3 um Lagarfljót		0	1	1	2	0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	5		
Hringvegur 1-t5, Seyðisfjarðarvegur – Mjóafjarðarvegur		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0		
Hringvegur 1-t7 um Egilsstaði		0	0	1	0	0	1	0	0	0	0	0	0	0	2			
Hringvegur 1-t7, Skriðdalsvegur – Axarvegur		0	0	0	1	0	0	2	1	3	0	0	12	0	19			
Hringvegur 1-U6, Urðarteigsvegur – Djúpavogsvegur		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	2	0	0	2			
Hringvegur 1-v3 um Lónssveit		0	0	0	0	7	0	2	0	0	0	0	0	0	9			
Hringvegur 1-x3, Össurá – Brekkuvegur		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	6	7				
Hringvegur 1-x4 um Jökulsá		0	0	0	0	0	0	0	1	0	1	0	2	4				
Hringvegur 1-X6, Kvía – Mýri (bær)		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0			
Hringvegur 1-X7, Mýri (bær) – Kotá		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0			
Hringvegur 1-x8 til x9 um Öræfi		0	0	0	0	2	1	2	0	0	0	0	0	0	5			
Norðausturvegur 85-33, Miðfjarðará – Hafnarvegur		0	0	0	0	2	0	0	0	0	0	0	0	0	2			
Norðfjarðarvegur 92-04, Neðstabrú – Suðurfjarðarvegur		0	1	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	1			
Borgarfjarðarvegur 94-03, Eiðar – Steinsvaðsvegur		0	0	0	0	3	1	1	0	0	0	1	0	6				
Borgarfjarðarvegur 94-08, Njarðvík – Borgarfjörður		0	0	0	0	0	0	1	1	0	0	2	0	4				
Suðurfjarðarvegur 96-02, Norðfjarðarvegur – Þórdalsheiðarvegur		0	0	0	0	0	1	3	1	0	0	0	0	5				
Suðurfjarðarvegur 96-07, Vattarnesvegur – Vík		0	0	1	0	2	2	2	0	1	0	6	9	32				
Austurleið 910-09, Aðalból – Snæfellsleið		0	0	0	0	0	7	4	2	3	0	0	0	16				
Hlíðarvegur 917-01, Hringvegur – Hallgeirsstaðavegur		0	0	0	1	2	1	0	0	0	0	0	0	4				
Jökuldalsvegur 923-01, Hringvegur – Hákonarstaðir		0	0	0	1	3	1	0	0	0	0	0	0	5				
Upphéraðsvegur 931-03, Skeggjastaðir – Brekkugerðisvegur		0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	3	0	3				
Axarvegur 939-01, Hringvegur – Ódáðavatsvegur		0	2	2	20	32	15	8	4	3	0	0	0	86				
Helgustaðavegur 954-02, Mjóeyri – Stóra Breiðavík		0	0	0	0	0	0	0	0	0	1	2	0	3				
<b>Samtals</b>		<b>0</b>	<b>4</b>	<b>5</b>	<b>25</b>	<b>53</b>	<b>31</b>	<b>25</b>	<b>9</b>	<b>11</b>	<b>0</b>	<b>2</b>	<b>10</b>	<b>28</b>	<b>220</b>			



Nesbraut (49) Miklabraut, 5. mars 2018.

**Sameiginleg verkefni**

**Samgöngurannsóknir**

Fjármögnun: Vegáætlun 2018  
Unnið var m.a. að verkefnum varðandi umhverfisáhrif samgönguáætlunar og verkefnum í samstarfi við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu varðandi þróun samgöngukerfa á höfuðborgarsvæðinu. Kostnaður: 9 m.kr.

**Skipulag sveitarfélaga**

Fjármögnun: Vegáætlun 2018, undirbúningur verka utan áætlunar  
Hlutur Vegagerðarinnar í vinnu við kortlagningu umferðarhávaða frá stofnvegum. Einnig var kostnaður vegna endurmælinga á grunnstöðvaneti í samvinnu við Landmælingar Íslands greiddur af þessum lið og vinna við endurskoðun á reglum um hönnun brúa. Þessar reglur eru grundvöllur sem nota skal við hönnun brúa í þjóðvegakerfinu. Kostnaður 9 m.kr.

**Ýmis verk**

Fjármögnun: Vegáætlun 2018, undirbúningur verka utan áætlunar  
Hlutur Vegagerðarinnar í vinnu við kortlagningu umferðarhávaða frá stofnvegum. Einnig var kostnaður vegna endurmælinga á grunnstöðvaneti í samvinnu við Landmælingar Íslands greiddur af þessum lið og vinna við endurskoðun á reglum um hönnun brúa. Þessar reglur eru grundvöllur sem nota skal við hönnun brúa í þjóðvegakerfinu. Kostnaður 9 m.kr.

**Vitabyggingar**

Umfang verks: Stofnkostnaður vita og leiðsögukerfa.

Fjármögnun	m.kr.
Fjárukalög og millifærslur 2013	14
Flutt af höfuðstól Siglingastofnunar 2013	25
Vegáætlun 2014	
Framlag til vitabygginga	29
Vegáætlun 2015	
Framlag til vitabygginga	29
Vegáætlun 2016	
Framlag til vitabygginga	28
Fjárlög 2017	
Framlag til vitabygginga	29
Vegaáætlun 2018	
Framlag til vitabygginga	15
<b>Samtals</b>	<b>169</b>

**Verkframvinda:** Á árinu 2013 var greidd uppfærsla á AIS (Automatic Identification System) búnaði. Á árinu 2014 var fjárveitingu varið til endurnýjunar ljósdufla. Á árinu 2016 var fjárveitingu varið til endurnýjunar ljós- og ölduduflla. Árið 2017 ljósdufl 1,6 m.kr., Stórhöfði skemma 3,2 m.kr. og Akranesvíti 20,8 m.kr. Á árinu 2018 var fjárveitingu varið til endurnýjunar ljós- og ölduduflla ásamt Akranesvíti

Kostnaður	m.kr.
2013	1
2014	14
2016	5
2017	26
2018	5
<b>Samtals</b>	<b>51</b>



Akranesvíti.



### Fylgiskjal 3 Greinargerð um framkvæmdir við hafnir, ferjubryggjur og sjóvarnargarða 2018

#### Hafnarframkvæmdir

Í þessu skjali er að finna stuttar lýsingar á ríkisstyrktum hafnarframkvæmdum árið 2018 á hverjum stað fyrir sig og fjárveitingar til hafnarframkvæmda og ráðstöfun þeirra í töflum I–III. Einnig er fjallað um varnir gegn landbroti af ágangi sjávar. Í töflu I koma fram þeir fjármunir sem varið var til ríkisstyrktra framkvæmda við hafnir á árinu 2018. Til samanburðar eru tölur fyrra árs:

#### Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir

##### Snæfellsbær

**Rifshöfn:** Endurbygging Norðurkants. **Grundarfjörður:** Lenging Norðurgarðs, sjófylling. Vegagerðin vann að hönnun sjófyllingar haustið 2018. Verkefnið á að bjóða út í janúar og vinna vorið og haustið 2019.

##### Reykholar

**Flatey:** Styrking ferjubryggju. Verkefnið er hannað hjá Vegagerðinni. Stefnt að útboði 2019

##### Vesturbýggð

**Bíldudalur:** Tenging Kalkþörungabryggju og endurbygging Hafskipabryggju. Verkefni frestað til 2019

##### Bolungarvík

Endurbygging Brjóts, fremri hluti. Verkefni frestað til 2019. Endurbygging Grundargarðs. Verkefni frestað



Flatey á Breiðafirði, ferjubryggja, 20. apríl 2018.

#### Ísafjarðarbær

**Ísafjörður:** Mávagarður, viðlegustöpull, stálþilsrekstur og kantur. Hönnun stuðpúðans var hjá Vegagerðinni og gerð útboðsgagna. Samið var við Ísar ehf. um rekstur á stuðpúðanum upp á kr. 41.267.900,- sem var 120,5% af kostnaðaráætlun verkkaupa. Verkið fellst í að reka 28 stálþilspötur ásamt frágangi á þeim. Verktaki byrjaði á verkinu í maí og lauk því í ágúst 2018. Mávagarður, viðlegustöpull, steipt þekja. Hönnun var gerð hjá Vegagerðinni og var gerð verðkönnun um verkið. Samið var við Jón Finnþoga Gíslason um steipta þekju fyrir kr. 3.614.860,-

sem er 107,3% af kostnaðaráætlun. Verkið gekk hratt fyrir sig þar sem unnið var þegar þíða var á staðnum. Verktaki byrjaði 15. nóvember og lauk vinnu 19. nóvember. Framkvæmdakostnaður á árinu 42,3 m.kr.

**Flateyri:** Boðin var út vinna við djúppjöppun innan hafnar á Flateyri. Verkið er hluti af útboði vegna byggingar á viðlegustöpli við Mávagarð. Verkið lauk á sama tíma og við viðlegustöpulinn. Framkvæmdakostnaður 6,2 m.kr.

#### Hvammstangi

Dýpkun. Unnið var að dýpkun við Hvammstangahöfn, verkið kom til með skömmum fyrirvara eftir að dýptarmælt var í höfninni. Björgun ehf. vann verkið í október 2018. Framkvæmdakostnaður 5,1 m.kr.

#### Skagaströnd

Boðin var út gerð smábátahafnar á Skagaströnd í apríl 2018. Verkið fólst í gerð brimvarnargarðs og dýpkun innan við garðinn. Samið var við

Ísafjörður, 30. maí 2018.

Tafla I. Fjármunir til ríkisstyrktra framkvæmda við hafnir.

	2016 m.kr.	2017 m.kr.
Ríkisstyrktar hafnarframkvæmdir	1.343,6	1.521,9
Landeyjahöfn*	0	0
Ferjubryggjur*	0	0
Tjónastyrkir	21,1	0
<b>Samtals</b>	<b>1.364,7</b>	<b>1.521,9</b>

\* Árið 2017 færðust fjárveitingar fyrir Landeyjahöfn og ferjubryggjur yfir til Vegagerðarinnar af Hafnarframkvæmdum.



Sauðárkrókur, dýpkunarskipið Galilei 2000, 22. ágúst 2018.

lægstbjóðanda, Norðurtak ehf. Ekki tókst að klára dýpkunarhluta verksins og á að semja um lokauppgjör við verktaka vorið 2019. Gerð var verðkönnun með framhald verksins í mars 2018. Í kjölfarið var samið við lægstbjóðanda Vélapjónustuna Messuholti ehf. Verkinu lauk í ágúst 2018. Í júní 2018 var boðin út gerð og uppsetning á flotbryggjum fyrir smábátahöfn á Skagströnd. Samið var við lægstbjóðanda Króla ehf., upphæð samnings kr. 42.741.747. Uppsetning flotbryggja tafðist þar sem dýpkun smábátahafnar tafðist og verki var frestað til 2019.

#### Skagafjörður

**Sauðárkrókur:** Dýpkun. Boðin var út dýpkun í Sauðárkrókhöfn. Um var að ræða stofndýpkun innan hafnar og viðhaldsdýpkun framan við brimvarnargarð. Samið var við lægstbjóðanda, Jan de Nul, upphæð samnings kr. 50.467.400 sem var 102,0% af kostnaðaráætlun. Verktaki vann verkið í ágúst 2018. Framkvæmdakostnaður 46,3 m.kr.

#### Dalvíkurbyggð

**Dalvík:** Austurgarður - stálþilsrekstur Boðin var út stálþilsrekstur á nýjum hafnarkanti við Norðurgarð, Austurkant. Um var að ræða 154 m langan kant.

Samið var við Árna Helgason ehf. upp á kr. 173.702.200 sem er 91,8% af kostnaðaráætlun. Verktaki hóf verkið í lok 2017 og lauk því ári seinna eða í desember 2018. Mikið bras var með stálþilsefnið sem var frá Meever & Meever. Það uppfyllti ekki þær kröfur sem gerðar voru í útboðsgögnum efniskaupa með þeim afleiðingum að það kom til aukaverka. Fyllingin aftan við stálþil seig um 15 sm og því var efnismagníð meira en átti að vera. Ekki þurfti að sprengja þilskurð sem var reiknað með í útboðsgögnum. Framkvæmdakostnaður: 178,8 m.kr.

#### Hafnasamlag Norðurlands

**Akureyri:** Boðin var út smíði á dráttarbát með dráttargetu upp á 40 tonn. Samið var við lægstbjóðanda spænsku skipasmíðastöðina Astilleros Armon sem bauð 3.691.000 evrur. Dráttarbáturinn er 22 m langur, 9 m breiður, með tveimur Cummins KTA50-M2 vélum með afl upp á 2.386 kW. Skrufubúnaðurinn er Azimuth af gerðinni Schottel SRP 340 FB um 2,1 m að þvermáli. Mesti siglingahraðinn er 11 hnútar. Afhenda á bátinn í maí 2019. Samið var við Navis að vera með eftirlit á verkinu. Framkvæmdakostnaður: 208,1 m.kr.

#### Höfn í Hornafirði

Ekkert var dýpkað á árinu. Greitt var fyrir dýpkun 2018 sem framkvæmd var 2017 en þá dýpkaði Tröllí ehf. fyrir tvö ár eða 50.000 m<sup>3</sup>. Heimilt er að framlengja samningin um tvö ár og verður það gert. Framkvæmdakostnaður: 37,0 m.kr.



Dalvík, 26. júlí 2018.

Tafla II. Kostnaður við hafnarframkvæmdir 2018.

	Styrk- hlutfall %	Heildar- kostnaður m.kr.	Ríkis- hluti m.kr.
Almennar hafnir			
I. Innan grunnnets			
Viðhaldsdýpkanir (og skjólgarðar)			
Snæfellsbær Rif, endurbygging Norðurkants	75	136,6	82,6
Grundarfjarðarbær Grundarfjörður, lenging Norðurgarðs	60	10,7	5,2
Stykkishólmur Stykkishólmur, stofndýpkun hafnar	75	0,1	0,1
Bolungarvík Bolungarvík, endurbygging stálþils	75	2,1	1,3
Ísafjarðarbær Ísafjörður, stuðpúði á Mávagarði	60	45,2	21,9
Ísafjörður, innsiglingamerki	60	3,9	1,9
Skagaströnd Skagaströnd, Smábátahöfn	60	93,9	45,4
Skagafjörður Sauðárkrókur, stofndýpkun	60	45,9	22,2
Sauðárkrókur, dýpkun	85	7,8	5,3
Fjallabyggð Siglufjörður, endurnýjun Hafnarbyggju	75	6,2	3,7
Siglufjörður, dýpkun	60	6,3	3,0
Dalvíkurbyggð Dalvík, Hafskipabryggja stálþil	60	174,2	84,3
Dalvík, dýpkun	60	33,5	16,2
Hafnasamlag Norðurlands, Akureyri, hafnasögubátur	60	376,5	182,2
Vopnafjörður Dýpkun og breikkun innsiglingar	60	102,6	49,7
Hornafjörður Viðhaldsdýpkun	85	33,3	22,8
Porlákshöfn Dýpkun innsiglingar	60	20,5	9,9
Grindavík Endurbygging Miðgarðs	75	210,5	127,3
Dýpkun við Miðgarð	60	108,5	52,5
Sandgerði Endurnýjun Suðurbryggju	75	86,4	52,2
Alls innan grunnnets		1.504,7	789,8
II. Utan grunnnets			
Viðhaldsdýpkanir og skjólgarðar			
Snæfellsbær Arnarstapi, dýpkun	60	0,9	0,4
Ísafjarðarbær Flateyri, sig á hafnarkanti	75	10,4	6,3
Norðurfjörður Garðsendaljós	90	0,8	0,6
Húnaþing vestra Hvammstangi, dýpkun	60	5,1	2,5
Alls utan grunnnets		17,2	9,8
Alls fjárlagaliður 6.70		1.521,9	799,6
Tjónaviðgerðir		0	0
Alls hafnarframkvæmdir		1.521,9	799,6

**Landeyjahöfn**  
Jan De Nul vann á árinu 2018 að dýpkun í Landeyjahöfn með dýpkunar-skipinu Galilei 2000 samkvæmt samningi sem gerður var við þá 2015 og gildir til 15. nóvember 2018. Framkvæmdir vordýpkunar byrjuðu 2. mars og stóðu yfir til 21. júní. Alls voru um 402.000 m<sup>3</sup> fjarlægðir. Siglingar Herjólfss hófust í byrjun mars. Framkvæmdir byrjuðu 14. september

og stóðu til 13. nóvember, með hléum vegna veðurs. Fjarlæggt rúmmál var 111 þús. m<sup>3</sup> innan hafnar og í innsiglingu. Siglingar Herjólfss stóðu til 5. desember. Framkvæmdakostnaður: 392 m.kr. Landgræðsla ríkisins vann eins og fyrri ár að landgræðslu við Landeyjahöfn. Í ár var borinn tilbúinn áburður á þau svæði sem útsettust eru fyrir sandfoki. Framkvæmdakostnaður: 7,2 m.kr.

Boðin var út á Evrópska efnahags-svæðinu framleiðsla á stálbitum fyrir innsiglingartunnur hafnarinnar. Fjögur tilboð bárust í verkið og var samið við lægstbjóðanda Húsasmiðjuna ehf. sem bauð 93.066.260 kr. án vsk. Framkvæmdakostnaður: 100 m.kr. Boðin var út vinna við endurbætur hafnarinnar. Helstu verkþættir eru: Gera aðkomuveg gegnum hausa á brimvarnargörðum og byggja tunnur úr



Landeyjahöfn, stál fyrir tunnu komið á hafnarbakka í Reykjavík, 19. desember 2018.

stálbitum á garðsendum. Fylla í tunnur á garðsendum og grjótvörja. Lagfæra veg og snúningssvæði á eystri brimvarnargarði. Byggja veg og snúningssvæði út vestari brimvarnargarði. Stækkun innri hafnarkvía. Lenging skjólgarðs að vestanverðu í innri höfninni og bygging stáltunnu á enda garðsins. Tvö tilboð bárust í verkið. Samið var við lægstbjóðanda Ístak ehf. sem bauð kr. 743.571.116 sem var 13% yfir kostnaðaráætlun Vegagerðarinnar. Verktaki hóf vinnu í september við grjótvinnslu á Seljalandsheiði. Áætluð verklok eru í ágúst 2019. Framkvæmdakostnaður 52,6 m.kr.



Landeyjahöfn, grjótvinnsla á Seljalandsheiði, 11. desember 2018.



Grindavík, 28. júní 2018.



Sandgerði, 30. ágúst 2018.

með pollum, stigum og þybbum. Einnig var dýpkuð 5 m ræma framan við þilið. Framkvæmdakostnaður á árinu: 79,0 m.kr. Boðin var út vinna við dýpkun framan við Miðgarð á árinu. Þrjú tilboð bárust í verkið og var gengið til samninga við lægstbjóðanda Björgun ehf. sem bauð 74 m.kr sem var 49% af kostnaðaráætlun Vegagerðarinnar. Verktakinn notaði gröfuprammann Reyni við verkið sem fólst í að fjarlægja um 13.300 m<sup>3</sup> af

bergum af dýpkunarsvæðum. Dýpkað var í -8,0 m. Verklok voru í desember. Framkvæmdakostnaður á árinu: 147,0 m.kr. Boðin var út þekja fyrir Miðgarð. Verkið fellst í lagnavinnu, byggingu á tveimur veituhúsum, steypa þekju 4.858 m<sup>2</sup>, malbika 1.080 m<sup>2</sup> og gerð raforkuvirkis. Samið var við lægstbjóðanda Hagtak hf. um verkið. Samningsverð 162,5 m.kr. var 6% yfir kostnaðaráætlun Vegagerðarinnar. Verkið hófst í ágúst, verklok eru áætluð í júlí 2019.

Framkvæmdakostnaður á árinu: 147,0 m.kr.

**Sandgerði**

Endurbygging Suðurgarðs. Hönnun og gerð útboðsgagna var unnin hjá Vegagerðinni. Samið var við Lárus

Einarsson sf. um rekstur á stálþili. Rekstur hófst í júní 2018 og gekk hægt þar sem rekið er í gamlan sprengdan skurð. Verktaki fyllti aftan við stálþilið áður en hann stagaði stálþilið með þeim afleiðingum að það fór út um 50 sm við suðurendann. Við þetta seinkaði skilátími verksins og fór fram yfir áramótin. Samningsupphæð kr. 105.851.500. Samið var um að láta zinka stálþilið og sleppa að steypa kassa við 0 sjávarstöðu. Kostnaðarauki vegna þess er um 10 m.kr.

**Sjóvarnargarðar**

**Snæfellsbær**

Í september 2018 var boðið út verkið „Snæfellsbær, sjóvarnir 2019“. Verkið



Vinna við sjóvarnir í Ólafsvík, 22. nóvember 2018.

fólst í gerð sjóvarna á þremur stöðum á Snæfellsnesi, í Ólafsvík, Hellis-sandi og Hellnum. Samið var við lægstbjóðanda Grjótverk ehf. sem bauð kr. 29.226.641 í verkið sem er 95,4% af kostnaðaráætlun. Verkið hófst í nóvember 2018 og á að ljúka 2019. Unnið var við um 50 m langa sjónvörn við Marbakka á Snæfellsnesi, B. Vigfússon ehf. vann verkið sem var unnið frá október til desember 2018.

**Skagafjörður**

Höfðavatn, lokun skarðs í Bæjarmöl. Í desembermánuði 2015 rauf sjórinn skarð í svokallaða Bæjarmöl við Höfðavatn. Verkefnið fólst í að loka skarðinu að nýju. Efni til verksins var tekið nokkru sunnan við skarðið þar sem bakland er innan við malarkambinn og kamburinn efnismikill. Efninu var safnað við skarðið svo endanleg lokun tæki ekki langan tíma og var framkvæmd á liggjanda á fjöru í smástreymi samkvæmt ráðgjöf Vegagerðarinnar. Garður var svo hækkaður áður en flæddi að og lokunarkafinn gerður a.m.k. jafn efnismikill og aðliggjandi svæði. Verkið var unnið á vegum landeigenda og styrkt að hluta.

**Norðurþing**

Í nóvember 2018 var boðin út sjónvörn undir bökkum á Húsavík. Verkið fólst í endurbyggingu og styrkingu sjóvarnar undir bökkum á um 280 m kafla. Samið var við lægstbjóðanda, Grjótverk ehf. sem bauð kr. 45.450.100 í verkið sem er 120,1% af kostnaðaráætlun. Verkið verður unnið árið 2019.



Unnið við sandfangara við Vík í Mýrdal, 20. janúar 2018. Ljósmynd Þórir N.K.

**Álftanes**

Í október 2018 var boðið út verkið „Álftanes, sjóvarnir 2018“. Verkið fólst í styrkingu sjóvarnar við Blikastíg og lengingu sjóvarnar við Hliðsnes. Samið var við lægstbjóðanda, Óskaverk ehf. sem bauð kr. 12.186.300 í verkið. Verkið hófst í desember 2018 og á að ljúka 2019.

**Vík í Mýrdal**

Unnið var við viðgerð á eldri sandfangara auk byggingar nýs sandfangara, við Vík í Mýrdal. Verkið var boðið út í október 2016. Suðurverk ehf. vann verkið. Verkið hófst í júní 2017 og lauk í janúar 2018. Efni í verkið var sótt í bergnámu á Eystri Sólheimahéiði í um 26 km fjarlægð frá Vík. Bygging

nýs sandfangara var unnin með öðrum hætti en venja er við gerð brimvarnargarða, þar sem garður var fullgerður á leið út og efni ekið út eftir garði á kjarnavegi sem gerður var ofan á garði. Með þessum hætti var hægt að byggja garðinn lægri og efnisminni en fyrri sandfangara án þess að skerða notagildi hans. Reynslan af fyrri sandfangara er góð og mikið efni hefur safnast í fjöruna vestan garðsins að Reynisfjalli og hefur landrof þar stöðvast. Efni hefur þegar safnast í fjöruna milli garðanna og lofar framkvæmdin því góðu. Einnig er reiknað með að sá sandfangari sem nú er byggður þarfnið viðhalds á nokkurra ára fresti því mikið ölduálag er á enda hans og sandurinn stöðugt á hreyfingu.



Sandfangarar við Vík í Mýrdal, 21. desember 2018. Ljósmynd Þórir N.K.

## Fylgiskjal 4 Vestmannaeyjaferja



Ný Vestmannaeyjaferja, brúin smíðuð 26. janúar 2018.



Ferjan í skipasmíðastöðinni í Póllandi, 26. janúar 2018..

Á árinu 2018 var kannað hvað þyrfti til að rafvæða Vestmannaeyjaferjuna að fullu þannig að hún gæti siglt á milli Landeyjahafnar og Vestmannaeyja á rafmagninu einu saman. Þetta var gert í beinu framhaldi af sáttmála ríkisstjórnarinnar og stefnu hennar í loftslagsmálum, en samkvæmt henni á Ísland að ná 40% samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2030 og stefnt er að kolefnishlutlausu

Íslandi í síðasta lagi árið 2040. Ein aðgerðanna í aðgerðaráætlun í loftslagsmálum er *Orkuskipti í ferjum*. Þessi aðgerð var samþykkt í janúar 2019, en undirbúningur hafði staðið yfir á árinu 2018 og fólst í að greina tilboð skipasmíðastöðvarinnar um að setja fleiri rafhlöður í ferjuna ásamt viðeigandi tengibúnaði í landi. Endanleg hleðslulausn í landi sem talin var hentugust vegna skipshreyfinga við

bryggju í Landeyjahöfn kemur frá Stemman-Technic, en óskað var eftir að framleiðandinn myndi betrubæta lausnina enn frekar í mögulegum þverhreyfingum á hleðsluarmi þegar hann er áfastur ferjunni að setja inn á hana rafmagn og var þverhreyfingin aukin frá +/- 20 cm í +/- 30 cm, en aðrar hreyfingar eru hefðbundnar í lausninni, 1,6 metrar frá turni að ferju, og 5 gráðu hreyfingeta í snúningsáttir.



Ný Vestmannaeyjaferja í smíðum í skipasmíðastöðinni CRIST C.A. í Gdynia í Póllandi, 20. apríl 2018.

## Fylgiskjal 5 Umhverfismál

### Umhverfisstjórnun

Vegagerðin hefur einsett sér að vera framsýn og starfa af fagmennsku í umhverfismálum. Vegagerðin innleiddi umhverfisstjórnunarkerfi 1997 samkvæmt alþjóðlegum umhverfisstjórnunarstaðli og var þar með fyrst ríkisstofnana til þessa. Hún hefur síðan haft umhverfisstefnu að leiðarljósi og skuldbundið sig til að vinna með markvissum aðgerðum að því að lágmarka umhverfisáhrif starfseminnar. Vegagerðin er þátttakandi í grænum skrefum í ríkisrekstri og er unnið að innleiðingu þeirra á öllum starfsstöðvum. Vegagerðin gerði samning við innanríkisráðuneytið 2016 um að vinna að eftirfarandi markmiðum til 2020.

- Innleiða grænu skrefin á öllum starfsstöðvum.
- Endurheimt vottendi sé jafnstórt eða stærra en raskað miðað við 3ja ára tímabil
- Lokið verði við skráningu hættulegra efna í efnastjórnunarkerfið EcoOnline og dregið úr notkun þeirra um 10% fram til 2020

Þýðingarmiklir umhverfisþættir Vegagerðarinnar eru þeir sem verða fyrir áhrifum af rekstri hennar og framkvæmdum. Vegagerðin stýrir þessum þýðingarmiklu umhverfisþáttum með verklagsreglum, vinnulýsingum, útboðsgögnum o.fl. Vegagerðin vaktar þá þýðingarmestu (U1-U9). Umhverfisþættirnir eru:

- U1 Röskun umhverfis
- U2 Steinefni og námur
- U3 Eldsneyti og síur
- U4 Bik (asfalt)
- U5 Eiturefni og hættuleg efni
- U6 Spilliefni
- U7 Fastur úrgangur
- U8 Fráveitur og skólp
- U9 Auðlindir jarðar
- U10 Umferðarhávaði
- U11 Loftmengun frá bílaumferð
- U12 Hálfuvarnir og rykbinding
- U13 Landgræðsla
- U14 Sprengingar
- U15 Menningarumhverfi

### Grænt bókhald

Haldið er utan um vöktun á umhverfisþáttum í grænu bókhaldi en þar koma fram upplýsingar um þýðingarmestu umhverfisþættina á tölulegu formi. Vegagerðin var fyrst ríkisstofnana til að gefa út grænt bókhald og hefur það verið gert síðan 1998. Vegagerðin hefur að auki verið þátttakandi í verkefninu Vístvæn innkaup og grænu bókhaldi ríkisstofnana frá upphafi. Á vefsíðu verkefnisins [www.vinn.is](http://www.vinn.is) er birt frammistaða stofnana ríkisins í umhverfismálum og hægt að bera saman árangur Vegagerðarinnar miðað við aðrar stofnanir. Sá samanburður getur þó verið nokku vandasamur þar sem rekstur Vegagerðarinnar er ólíkur rekstri hefðbundinna stofnana. Með vöktun umhverfisþátta má sjá og mæla árangur í hverjum málaflökki og sjá þróun. Þannig má meta stöðuna í umhverfismálum og bera saman við sett markmið.

Þingvallavegur, þjónustumiðstöð - Klukkuhólar. Framkvæmdir hófust sumarið 2018. Sérstaklega var gætt að umgengni við land og nægróður við þessa vegagerð.



14. ágúst 2018.



24. ágúst 2018.



26. september 2018.



2. október 2018.

## Fylgiskjal 6 Ársreikningur 2018

### Skýrsla og áritun forstöðumanns

Vegagerðin er ríkisaðili í A-hluta sem starfar samkvæmt vegalögum nr. 80/2007.

Vegagerðin í núverandi mynd varð til með sameiningu hluta Siglingastofnunar og stærsta hluta Vegagerðarinnar þann 1. júlí 2013. Veturinn 2018-2019 fór fram stefnumótunarvinna sem skilaði fimm ára framtíðarsýn til ársins 2025 en hún felur í sér þá sýn að Vegagerðin stýri uppbyggingu og þjónustu samgöngukerfisins á sjó og landi með samkeppnishæfni Íslands, sjálfbærni og öryggi að leiðarljósi.

Vegagerðin starfar samkvæmt lögbundnu hlutverki sínu þar sem m.a. kemur fram að „Vegagerðin skal í starfsemi sinni stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum. Þá skal stofnunin stuðla að því að samgöngur þróist í samræmi við samfélagsleg og umhverfisleg markmið.“

Stefna Vegagerðarinnar í hnotskurn byggir á fimm þáttum. Öruggum samgöngum, þannig að við uppbyggingu og þróun samgöngukerfisins séu greiðar samgöngur og öryggi einstaklinga forgangsráðið svo ekki komi til alvarlegra slysa. Upplýsingum og þekkingu, þannig að Vegagerðin miðli faglegum upplýsingum um samgöngukerfið til stjórnvalda, sveitarfélaga

og atvinnulífs og efli þannig grundvöll stefnumótandi ákvarðanatöku. Skipulagi og starfsemi, þannig að innviðir Vegagerðarinnar byggji á skilvirkri stjórnun, straumlínulöguðum ferlum, öflugum tækjabúnaði og virku gæðakerfi. Þjónustu, þannig að Vegagerðin sé þjónustumiðuð stofnun sem nýti tækniþekkingu til umferðarstýringar og bættis samgönguöryggis með notendavænni þjónustu og miðlun upplýsinga í rauntíma. Samþættingu samgöngumáta, þannig að Vegagerðin sé leiðandi í skipulagi og uppbyggingu vistvænna og samþættra samgöngumáta á landsvísi í nánú samstarfi við stjórnvöld og sveitarfélög.

Á árinu 2018 var ársvelta kr. 19.605 milljónir og afkoma kr. -236,9 milljónir. Samvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 20.337,7 milljónir í árslok og eignir samtals nema kr. 584.002,7 milljónum.

Það er álit okkar að ársreikningur 2018 gefi glögga mynd af rekstri, eignum og eiginfjárstöðu Vegagerðarinnar í samræmi við lög um opinber fjármál og ársreikningslög.

Reykjavík 10. desember 2019

*Bergþóra Þorkelsdóttir forstjóri*

*Ruth Elfarsdóttir framkvæmdastjóri fjármálasviðs*

### Yfirlit um afkomu ársins 2018

(Fjárhæðir eru í kr.)	Skýringar	2018	2017
<b>Tekjur</b>			
Tekjufærsla fjárveitinga	3	9.166.200.000	8.335.250.270
Seld vara og þjónusta	4,5	362.523.976	434.203.048
Framlög og ýmsar tekjur	6	76.115.051	236.538.312
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	3	10.000.176.432	9.711.093.421
<b>Tekjur samtals</b>		<b>19.605.015.459</b>	<b>18.717.085.051</b>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld	7	3.653.396.486	3.499.959.553
Framlög og tilfærslur	8	4.185.031.523	4.075.315.656
Annar rekstrarkostnaður	9	2.007.456.245	1.649.070.412
Afskriftir	10	10.000.176.432	9.711.093.421
<b>Gjöld samtals</b>		<b>19.846.060.686</b>	<b>18.935.439.042</b>
<b>Afkoma (tap) fyrir fjármagnsliði</b>		<b>- 241.045.227</b>	<b>- 218.353.991</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður	11	4.415.496	4.500.899
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap	12	- 353.770	- 324.640
		4.061.726	4.176.259
<b>Afkoma ársins</b>		<b>- 236.983.501</b>	<b>- 214.177.732</b>
<b>Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum</b>	<b>3</b>		
Rekstur		1.671.948.022	1.565.337.924
Rekstrartilfærslur		- 2.014.231.523	- 1.779.515.656
Fjármagnstilfærslur		105.300.000	0
		- 236.983.501	- 214.177.732

### Efnahagsreikningur 31. desember 2018

(Fjárhæðir eru í kr.)	Skýringar	31.12.2018	31.12.2017
<b>Eignir</b>			
<b>Fastafjármunir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir:	13		
Samgöngumannvirki		588.603.638.393	576.517.733.595
Áhöld og búnaður		263.552.865	232.244.802
Farartæki og vélar		5.582.153.920	4.259.124.598
Aðrar eignir		35.051.383	49.076.871
		594.484.396.561	581.058.179.866
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í öðrum félögum	14	10.000.000	10.000.000
		10.000.000	10.000.000
<b>Fastafjármunir samtals</b>		<b>594.494.396.561</b>	<b>581.068.179.866</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Birgðir	15	896.620.627	827.947.238
Viðskiptakröfur	16	250.844.447	244.388.574
Tengdir aðilar	17	4.797.564.008	347.543.789
Aðrar skammtímakröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	18	30.082.169	439.960.135
Handbært fé	19	1.271.085.758	1.074.704.759
<b>Veltufjármunir samtals</b>		<b>7.246.197.009</b>	<b>2.934.544.495</b>
<b>Eignir samtals</b>		<b>601.740.593.570</b>	<b>584.002.724.361</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Hrein eign	20	- 20.337.785.348	- 20.100.801.847
		- 20.337.785.348	- 20.100.801.847
<b>Skuldir</b>			
Tengdir aðilar	21	19.840.454.284	16.956.817.276
Viðskiptaskuldir	22	1.959.938.155	3.247.497.357
Ýmsar skammtímaskuldir	23	667.856.146	145.609.700
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	24	599.610.130.333	583.753.601.875
		622.078.378.918	604.103.526.208
<b>Skuldir samtals</b>		<b>622.078.378.918</b>	<b>604.103.526.208</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<b>601.740.593.570</b>	<b>584.002.724.361</b>
<b>Aðrar upplýsingar</b>	25		

Sjóðstreymisýfirlit ársins 2018

(Fjárhæðir eru í kr.)	2018	2017
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Hreint veltufé frá rekstri:		
Afkoma ársins	- 236.983.501	- 214.177.732
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:		
Afskriftir	10.000.176.432	9.711.093.421
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrir ára	- 10.000.176.432	- 9.711.093.421
	- 236.983.501	- 214.177.732
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:		
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur	403.422.093	987.182.588
Birgðir	- 68.673.389	- 13.397.038
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:		
Skammtímaskuldir	- 765.312.756	163.932.865
	- 430.564.052	1.137.718.415
<b>Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)</b>	<b>- 667.547.553</b>	<b>923.540.683</b>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>		
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna	77.169.142	25.615.729
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	- 23.447.957.379	- 21.962.287.658
	- 23.370.788.237	- 21.936.671.929
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		
Tengdir aðilar	- 1.566.383.211	- 103.098.727
Fjárfestingarframlag	25.801.100.000	22.032.849.730
	24.234.716.789	21.929.751.003
<b>Hækkun á handbæru fé</b>	<b>196.380.999</b>	<b>916.619.757</b>
Handbært fé í byrjun árs	1.074.704.759	158.085.002
Handbært fé í árslok	1.271.085.758	1.074.704.759

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál, lög um ársreikninga og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs að teknu tilliti til ákvæða í IPSAS 33 um innleiðingu IPSAS (International Public Sector Accounting Standards) auk reglugerðar um framsetningu og innihald ársreikninga nr. 696/1996 eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í góðri reikningsskilavenju, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði IPSAS 33 en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds. Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda. Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna."

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði. Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár. Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar. Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig. Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirliti um afkomu. Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á. Gangvirðisbreytingar eru færðar í rekstrarreikning vegna skilgreindra fjáreigna á gangvirði fært í rekstrarreikning og á veltufjáreignum. Viðskipti í öðrum myntum en íslenskum krónum eru umreiknuð yfir í ÍSK á gengi viðskiptadags. Gengismunur sem myndast við greiðslu skulda og innheimtu krafna er færður í rekstrarreikning sem og áfallinn gengismunur á eignir og skuldir í árslok. Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	8-15 ár
Aðrar eignir	Óafskrifað

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð. Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söluverði og er hluti af afkomu ársins. Vaxtagjöld af lánum sem tekin hafa verið til þess að fjármagna kaup á varanlegum rekstrarfjármunum eru eignfærð á þeim tíma sem tekur að koma þeim í nýtingarhæft ástand. Önnur vaxtagjöld eru gjaldfærð í yfirlit um afkomu. Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.



Brúargerð í Berufirði, 10. apríl 2018.

**Fjárfestingareignir**

Fjárfestingareignir eru fasteignir sem hafa þann tilgang að afla leigutekna. Fjárfestingareignir eru færðar á gangvirði. Við matið er stuðst við áætlað söluvirði eignanna eða núvirt framtíðarsjóðsflæði einstakra eigna. Áætlað tekjuflæði eignanna tekur aðallega mið af þeim leigusamningum sem eru í gildi. Áætluð rekstrargjöld og viðhald fasteigna er dregið frá leigutekjum. Við núvirðinguna er stuðst við þau vaxtakjör sem standa stofnuninni til boða. Breytingar á gangvirði fjárfestingareigna eru færðar undir liðinn matsbreyting fjárfestingareigna í yfirlit um afkomu. Fjárfestingareignir eru ekki afskrifaðar.

**Verð- og gengistryggðar eignir og skuldir**

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á því gengi sem síðast var skráð á árinu. Verðtryggðar eignir og skuldir eru umreiknaðar miðað við vísitölur sem tóku gildi í janúar 2019. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í yfirlit um afkomu.

**Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að frádreginni niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum stofnunarinnar.

**Handbært fé**

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

**Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir**

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstremmis vegna greiðslu þeirra.

**Skuldbindingar**

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- skuldbinding vegna eiginfjárfarlag: umsamin fjárhæð eiginfjárskriftar sem ekki hefur verið viðurkennd til greiðslu eða er innkallanleg fyrir dagsetningu reikningsskila
  - leiguskuldbinding: óuppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
  - uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgögnukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgögnukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)
- Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

**Tengdir aðilar**

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.



Hringvegur (1), Suðurlandsvegur, gert við víravegríð í Kambabrekku, 25. september 2018.

**2. Fjárhagsleg áhættustjórnun**

Starfsemi stofnunarinnar hefur í för með sér margvíslega áhættu svo sem mótaðilaáhættu, áhrif breytinga á gengi erlendra gjaldmiðla og vaxtabreytinga. Áhættustjórnun stofnunarinnar beinist að aðgerðum til þess að draga úr þessum áhættuþáttum.

**3. Tekjufærsla fjárveitinga**

	2018	2017
Fjárveiting ársins	9.470.800.000	8.634.800.000
Rekstrarfjárveiting, flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga	- 304.600.000	299.549.730
Tekjufærsla fjárveitinga	9.166.200.000	8.335.250.270
Tekjufærsla frestaðra tekna	10.000.176.432	9.711.093.421
	19.166.376.432	18.046.343.691

**Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:**

	Rekstur	Rekstrar-tilfærslur	Fjármagns-tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum	6.623.400.000	2.170.800.000	105.300.000	8.899.500.000
Fjáraukalög	569.000.000	0	0	569.000.000
Launabætur	2.300.000	0	0	2.300.000
Fjárveiting til rekstrar flokkuð sem fjárfestingafjárveiting	- 3.954.600.000	0	0	- 3.954.600.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	3.650.000.000	0	0	3.650.000.000
<b>Fjárveiting til tekna</b>	<b>6.890.100.000</b>	<b>2.170.800.000</b>	<b>105.300.000</b>	<b>9.166.200.000</b>
Ráðstöfun ársins, skv. rekstrarreikningi	- 5.218.151.978	- 4.185.031.523	0	- 9.403.183.501
<b>Staða fjárveitinga ársins í lok árs</b>	<b>1.671.948.022</b>	<b>- 2.014.231.523</b>	<b>105.300.000</b>	<b>- 236.983.501</b>

**4. Seld þjónusta**

	2018	2017
Sérfræðiþjónusta og verksala	212.785.522	189.020.758
Ýmsar þjónustutekjur	607.518	707.322
	213.393.040	189.728.080

**5. Vörusala**

	2018	2017
Vörusala II	149.130.936	244.474.968
	149.130.936	244.474.968

**6. Framlög og ýmsar tekjur**

	2018	2017
Leigutekjur og kostnaðarhlutdeild	74.298.168	191.302.502
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	8.000.000	6.150.000
Ýmsar tekjur	- 6.183.117	39.085.810
	76.115.051	236.538.312

**7. Laun og launatengd gjöld**

	2018	2017
Laun	2.946.405.898	2.800.538.359
Orlof, breyting	956.775	39.504.007
Önnur launagjöld, ótalin annars staðar	2.304.394	2.490.590
Launatengd gjöld	703.729.419	657.426.597
Starfsmannakostnaður	0	0
	3.653.396.486	3.499.959.553

Meðalfjöldi stöðugilda	287,9	280,0
------------------------	-------	-------

**8. Framlög og tilfærslur**

	2018	2017
Rekstrartilfærslur	4.185.031.523	4.075.315.656
	4.185.031.523	4.075.315.656

	2018	2017
<b>9. Annar rekstrarkostnaður</b>		
Bækur, ritföng, filmur o.fl. ....	10.223.666	8.852.772
Byggingarvörur, almennar ....	568.041.070	471.477.817
Byggingarvörur, aðrar ....	2.029.745.896	1.541.167.655
Tæki og búnaður til innréttinga ....	1.809.346	5.980.159
Ýmis tæki og áhöld ....	232.515.221	106.158.257
Varahlutir og viðhaldsvörur ....	197.115.313	162.607.126
Orkugjafar ....	432.928.392	389.907.057
Matvæli ....	9.075.989	8.164.221
Almennar rekstrarvörur ....	44.318.928	33.348.493
<b>Vörukaup, almenn</b> ....	<b>3.525.773.821</b>	<b>2.727.663.557</b>
Vörur til landbúnaðar, ræktunar og útgerðar. ....	6.351.392	1.725.596
Ýmsar sérgreindar vörur. ....	411.102.326	348.618.172
<b>Vörukaup sérgreind</b> ....	<b>417.453.718</b>	<b>350.343.768</b>
Fundir, námskeið, risna ....	57.241.709	46.285.094
Ferðir, uppihald. ....	250.435.168	259.455.033
Akstur ....	347.987.817	346.155.284
Sérfræðipjónusta ....	1.284.043.482	-282.231.271
Innheimta, umboðs-, sólu- og þjónustugjöld. ....	2.268.470	1.968.378
Auglýsingar og kynningarstarfsemi. ....	8.759.202	10.094.165
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta. ....	66.014.396	51.152.497
<b>Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðipjónusta</b> ....	<b>2.016.750.244</b>	<b>432.879.180</b>
Afnotagjöld ....	120.560.942	108.075.155
Leigugjöld ....	294.198.931	273.951.547
Notkun véla og flutningstækja ....	1.329.669.842	1.224.242.917
Verkkaup. ....	-5.918.500.027	-3.613.536.819
Áhættutap og bætur ....	20.036.354	9.394.347
Tryggingar, lögboðnar. ....	39.588.034	35.905.857
Opinber gjöld ....	67.093.206	74.415.070
<b>Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.</b> ....	<b>-4.047.352.718</b>	<b>-1.887.551.926</b>
<b>Vörukaup II</b> ....	<b>273.277.526</b>	<b>486.535</b>
Birgðabreytingar, fullunnar vörur ....	-178.446.346	25.249.298
<b>Vörur til endursölu og birgðabreyting</b> ....	<b>94.831.180</b>	<b>25.735.833</b>
<b>Annar rekstrarkostnaður samtals</b> ....	<b>2.007.456.245</b>	<b>1.649.070.412</b>
<b>10. Afskriftir</b>	<b>2018</b>	<b>2017</b>
Áhöld, húsgögn, skrifstofuvélar o.þ.h. ....	42.919.172	44.697.878
Lækninga- og rannsóknartæki ....	28.857.925	15.864.538
Farartæki og vélar ....	301.722.748	253.125.019
Aðrar eignir ....	14.025.488	391.197
Samgöngumannvirki. ....	9.612.651.099	9.395.021.674
Sölutap og úreltar eignir ....	0	1.993.115
<b>Samtals</b> ....	<b>10.000.176.432</b>	<b>9.711.093.421</b>
<b>11. Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður</b>	<b>2018</b>	<b>2017</b>
Ýmsar fjármunatekjur ....	4.415.496	4.500.899
<b>Samtals</b> ....	<b>4.415.496</b>	<b>4.500.899</b>
<b>12. Vaxtagjöld, verðbætur og gengishagnaður</b>	<b>2018</b>	<b>2017</b>
Fjármagnskostnaður. ....	323.752	472.266
Gengistap, verðbreytingar ....	30.018	-147.626
<b>Samtals</b> ....	<b>353.770</b>	<b>324.640</b>

	2018	2017			
<b>13. Varanlegir rekstrarfjármunir</b>					
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig					
Samgöngumannvirki ....	588.603.638.393	576.517.733.595			
Áhöld, tæki og búnaður ....	263.552.865	232.244.802			
Farartæki og vélar ....	5.582.153.920	4.259.124.598			
Aðrar eignir ....	35.051.383	49.076.871			
<b>Samtals</b> ....	<b>594.484.396.561</b>	<b>581.058.179.866</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig í árslok:					
	<b>Samgöngu- mannvirki</b>	<b>Áhöld, tæki og búnaður</b>	<b>Farartæki og vélar</b>	<b>Aðrar eignir</b>	<b>Samtals</b>
Staða í upphafi árs ....	817.136.939.345	505.173.631	5.466.467.640	159.323.613	823.267.904.229
Viðbætur á árinu. ....	21.698.555.897	102.469.386	1.646.932.096	0	23.447.957.379
Selt/niðurfært á árinu ...	0	774.270	-139.418.086	0	-138.643.816
<b>Samtals</b> ....	<b>838.835.495.242</b>	<b>608.417.287</b>	<b>6.973.981.650</b>	<b>159.323.613</b>	<b>846.577.217.792</b>
Afskriftir í upphafi árs ...	240.619.205.750	272.928.829	1.207.343.042	110.246.742	242.209.724.363
Selt/niðurfært á árinu ...	0	158.496	-117.238.060	0	-117.079.564
Afskrift ársins ....	9.612.651.099	71.777.097	301.722.748	14.025.488	10.000.176.432
<b>Samtals</b> ....	<b>250.231.856.849</b>	<b>344.864.422</b>	<b>1.391.827.730</b>	<b>124.272.230</b>	<b>252.092.821.231</b>
Staða í upphafi árs ....	576.517.733.595	232.244.802	4.259.124.598	49.076.871	581.058.179.866
Staða í árslok ....	588.603.638.393	263.552.865	5.582.153.920	35.051.383	594.484.396.561
<b>Verkefni - framkvæmdir</b>	<b>2018</b>	<b>2017</b>			
Dýrafjarðargöng,Vestfjarðavegur, Rauðsstaðir – Drangar ....	2.598.136.557	1.489.015.701			
Hringvegur ....	997.421.518	325.683.805			
Landeyjahöfn ....	739.749.607	457.661.199			
Dettifossvegur. ....	552.108.844	431.307.689			
Grindavíkurvegur, Reykjanesbraut – Bláalónsvegur ....	456.759.391	0			
Vesturlandsvegur við Esjumela ....	317.601.393	109.496			
Norðfjarðargöng ....	308.088.548	2.464.034.695			
Kísilvegur, Geitafell – Kollótaalda ....	264.911.390	73.413.291			
Kjósarskarðsvegur, Meðalfellsvegur – Sýslumörk ....	261.125.154	23.774.702			
Strandavegur um Bjarnarfjarðarháls. ....	237.272.911	295.414.283			
Reykjanesbraut. ....	180.944.000	0			
Breiðholtsbraut, göngubrú ....	176.214.493	13.246.892			
Hafnavegur, Reykjanesbraut ....	167.892.770	6.637.748			
Hjóna- og göngustígar Reykjavík. ....	160.231.931	65.932.644			
Hringvegur, Selfoss – Hveragerði. ....	152.720.324	99.395.562			
Skriðdals- og Breiðdalsvegur ....	131.142.165	0			
Uxahryggjavegur, Borgar – Gröf. ....	124.045.712	71.399.775			
Grafningsvegur efri. ....	117.112.187	6.545.707			
Stigá. ....	112.280.246	16.769.236			
Skafartunguvegur ....	111.135.776	32.357.727			
Hólá ....	101.703.026	13.969.091			
Annað ....	2.387.859.674	5.838.041.691			
<b>Samtals</b> ....	<b>10.656.457.617</b>	<b>11.724.710.934</b>			
<b>Viðhald</b>	<b>2018</b>	<b>2017</b>			
Viðhald bundinna slitlaga ....	5.442.321.515	3.832.870.919			
Styrkingar og endurbætur. ....	2.427.273.421	1.072.198.472			
Viðhald malarvega ....	1.182.058.697	1.212.212.480			
Viðhald brúa ....	498.478.758	695.107.576			
Umferðaröryggi. ....	508.827.371	460.109.284			
Annað ....	981.604.514	819.797.281			
<b>Samtals</b> ....	<b>11.040.564.276</b>	<b>8.092.296.012</b>			
<b>Þjónusta</b>	<b>2018</b>	<b>2017</b>			
Vetrarþjónusta ....	3.365.749.077	2.852.061.253			
Vegmerkingar og vegbúnaður ....	1.495.322.100	1.321.780.134			
Önnur þjónusta. ....	883.177.193	717.024.044			
<b>Samtals</b> ....	<b>5.744.248.370</b>	<b>4.890.865.431</b>			



**14. Eignarhlutir í öðrum félögum**

	Eignarhlutur	Nafnverð	Matsverð
Eignarhlutir ríkissjóðs undir 20% (kostnaðarverðsaðferð):			
Spölur .....	0	10.000.000	10.000.000
		10.000.000	10.000.000

Eignarhlutir í öðrum félögum eru metnir með hlutdeildaraðferð ef eignarhlutur ríkissjóðs í heild er yfir 20% annars eru þeir metnir á kostnaðarverði. Metið virði eignarhluta í sjálfseignarstofnunum er 0 kr. ef framlög til þeirra renna ekki til ríkisins eða stofnana þess við slit, heldur til annarra málefna en annars á kostnaðarverði.

	31.12.2018	31.12.2017
<b>15. Birgðir</b>		
Vörubirgðir II (sbr.teg. 564, vörukaup II) .....	896.620.627	827.947.238
	896.620.627	827.947.238

	31.12.2018	31.12.2017
<b>16. Viðskiptakröfur</b>		
Viðskiptakröfur .....	250.844.447	244.388.574
- Niðurfærsla vegna tapsáhættu .....	0	0
	250.844.447	244.388.574

	31.12.2018	31.12.2017
<b>17. Tengdir aðilar</b>		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	4.450.020.219	0
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs .....	0	0
Áætluð leiðrétting vegna fjárveitinga .....	347.543.789	347.543.789
	4.797.564.008	347.543.789

	31.12.2018	31.12.2017
<b>18. Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður</b>		
Fyrirframgreiddur kostnaður .....	30.082.169	303.832.200
Skattar .....	0	136.127.935
	30.082.169	439.960.135

	31.12.2018	31.12.2017
<b>19. Handbært fé</b>		
Sjóðir .....	0	4.651
Tékkareikningar .....	1.271.085.758	1.074.700.108
	1.271.085.758	1.074.704.759



Hringvegur (1) við Esjumela, 24. júlí 2018.



Breiðholtsbraut (413), göngubrú, 19. júlí 2018.

	31.12.2018	31.12.2017
<b>20. Eigið fé</b>		
Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum		
Jöfnuður 1.1 .....	- 20.100.801.847	- 20.234.167.904
Niðurfelling vegna orlofsskuldbindingar .....	0	347.543.789
Afkoma ársins .....	- 236.983.501	- 214.177.732
Jöfnuður 31.12. ....	- 20.337.785.348	- 20.100.801.847

Áætlað framlag á móti orlofsskuldbindingu í stofnefnahagsreikningi, að fjárhæð kr. 347,5 milljónir, var fært yfir eigið fé á árinu 2017 skv. fyrirmælum fjármála- og efnahagsráðuneytisins, sbr. einnig frumvarp til laga um staðfestingu ríkisreiknings fyrir árið 2017.

Afkoma ársins hefur verið flutt óskert á hreina eign þar sem reglugerð um yfirfærslur ónotaðra fjárheimilda á grundvelli 2. mgr. 30. gr. LOF liggur ekki fyrir. Leiði tilkoma reglugerðar til breytinga á meðferð afkomu mun það verða leiðrétt í ársreikningi fyrir árið 2019.

	31.12.2018	31.12.2017
<b>21. Tengdir aðilar</b>		
Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.		
Viðskiptareikningur við ríkissjóð .....	0	16.848.992.276
Viðskiptareikningur við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs .....	19.840.454.284	107.825.000
	19.840.454.284	16.956.817.276

	31.12.2018	31.12.2017
<b>22. Viðskiptaskuldir</b>		
Viðskiptaskuldir.....	1.959.938.155	3.247.497.357
	1.959.938.155	3.247.497.357
<b>23. Ýmsar skammtímaskuldir</b>		
Ógreitt orlof.....	388.004.571	387.047.796
Ógreidd laun.....	0	-241.950.539
Önnur ógreidd gjöld.....	256.986.272	512.443
Skattar.....	22.865.303	0
	667.856.146	145.609.700

**24. Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga**

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiddsla kostnaðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2018	31.12.2017
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingarfjárveitinga.....	594.484.396.561	581.058.179.866
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga.....	5.125.733.772	2.695.422.009
	599.610.130.333	583.753.601.875

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga-fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 1.1.2018.....	581.058.179.866	2.695.422.009	583.753.601.875
Fjárfestingarfjárveiting ársins.....	0	25.496.500.000	25.496.500.000
Rekstrarfjárveiting flokkuð sem fjárveiting til fjárfestinga.....	0	304.600.000	304.600.000
Gjafir til fjárfestinga.....	0	0	0
Bókfært verð seldra eigna.....	-21.564.252	21.564.252	0
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna.....	0	55.604.890	55.604.890
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum.....	23.447.957.379	-23.447.957.379	0
Fjárfesting í óefnilegum eignum.....	0	0	0
Tekjufærsla frestaðra tekna.....	-10.000.176.432	0	-10.000.176.432
	594.484.396.561	5.125.733.772	599.610.130.333

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2018 munu kr. 10.073,4 milljónir koma til tekna á árinu 2019.

**25. Aðrar upplýsingar**

Skuldbindandi samningar

Verksamningar sem Vegagerðin er aðili að, skipta hundruðum. Þeir verða ekki taldir upp sérstaklega hérna.

Eftirtaldir húsaleigusamningar teljast skuldbindandi samningar fyrir Vegagerðina:

Borgartún 5-7 Reykjavík. Eigandi Ríkiskaup. Áætluð ársleiga á árinu 2019 er 60 m.kr.

Hringhella - Hafnarfjörður. Eigandi Vörubílastöð Hafnarfjarðar. Áætluð ársleiga á árinu 2019 er 18 m.kr.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru opnar á Vegagerðina þann 31.12.2018.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óafturkallanleg loforð

Ekkert óafturkallanlegt loforð er opið hjá stofnuninni.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Í lok febrúar kom viðbótarkrafa frá skipasmíðastöðinni Crist er sá um smíði Herjólfis, uppá 8,8 m EUR. Samningar tókust um þessa kröfu (lokagreiðslu) og greiddi Vegagerðin 1,5 m EUR í viðbótarkostnað vegna smíðarinnar. Greiðslan var innt af hendi í júní 2019.

Á árinu 2019 hækkaði leiga á húsnaði sem Vegagerðin hefur til umráða umtalsvert er stofnanir Ríkisins hófu að greiða markaðsleigu af eignum í eigu Ríkiskaupa. Áætluð leiga á árinu 2019 er því um 57 m.kr. í stað 27,5 m.kr.



Samgöngunefnd Alþingis og starfsmenn Vegagerðarinnar í vettvangsferð í Þorskaflirði 7. september 2018.

**Myndir á baksíðu**

- 1.1 Hringvegur (1) við Gauksmýri í Vestur-Húnavatnssýslu, 2. apríl 2018.
- 1.2 Hringvegur (1) í Borgarfirði, yfirborðsmerkingar, 19. september 2018.
- 2.1 Skorarviti norðanvert við Breiðafjörð, viðhald 13. ágúst 2018
- 2.2 Hringvegur (1) í Þvottáskriðum, hreinsun rásar ofan við grjótvörn, 19. desember 2018.



# Ársskýrsla Vegagerðarinnar 2018

Vegagerðin, desember 2019